**Hákon Jensson**

# Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags.



**Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2022/12**

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Tóft yfir Dalvík, mynd er tekinn í suð-austur.

BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

© Hákon Jensson

Búnaðarsamband Eyjafjarðar,

Akureyri 2022/12

**EFNISYFIRLIT**

INNGANGUR....1

TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR....1

AÐFERÐIR....3

FORNLEIFASKRÁNING....4

SAMANTEKT....117

HEIMILDASKRÁ....118

# 1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um endurskoðun á fornleifaskráningu Dalvíkurbyggðar á þéttbýlis- og framkvæmdasvæðum í sveitarfélaginu, en ítarlegar fornleifaskráningar höfðu verið gerðar á svæðinu á árunum 2000-2004. Krafa var þó um að endurskoða þær skráningar út frá núverandi skráningarreglum.
Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Dalvíkurbyggð útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Heimildarvinna og vettvangsskráning fór fram um haustið 2021 en lauk þó ekki fyrr en um sumarið 2022, skýrslugerð fór að mestu fram haustið 2022.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2752.

# 2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.[1] Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.[2]

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

[1] Heimasíða Minjastofnunnar.
[2] Heimasíða Minjastofnunnar.

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands."[3]

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi."[4]

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið."[5]

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands."[6]
Í lögunum um menningarminjar er líka fjallað um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja en í VII. kafla 29, 30 og 31. grein er fjallað ítalega í hverju það felst:
**„29. gr.** *Friðuð mannvirki.*
Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.
Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

[3] Heimasíða Alþingis.
[4] Heimasíða Alþingis.
[5] Heimasíða Alþingis.
[6] Heimasíða Alþingis.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.
**30. gr.** *Verndun annarra húsa og mannvirkja.*
Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.
Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, sem fjallað er um í þessari grein leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.
Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.
**31. gr.** *Friðlýst hús og mannvirki.*
Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.
Vilji eigandi friðlýstrar eignar ráðast í framkvæmd sem leyfi þarf til skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Sæki eigandi um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa. Kostnaður sem hlýst af skilyrðum sem Minjastofnun Íslands setur, sbr. 2. mgr., greiðist úr húsafriðunarsjóði.
Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki. Brot á ákvæðum greinarinnar sæta viðurlögum skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940."[7]
Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.[8]

## 3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir af map.is frá Loftmyndum ehf. allt frá svarthvítum loftmyndum til loftmynda frá árinu 2022. Örnefnaskrár og niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands, túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands ásamt upplýsingum frá heimafólki. Til voru ítarlegar skýrslur af

[7] Heimasíða Alþingis.
[8] Heimasíða Minjastofnunnar.

fornleifaskráningu Dalvíkurbyggðar frá árunum 2000-2004 en krafa var uppi um að uppfæra þær upplýsingar miðað við þær skráningarreglur sem gilda í dag. Í því fólst að mæla upp allar minjar með gps tæki, endurskoða gps staðsetningar út frá nýrri og nákvæmari gps tækjum og jafnframt að athuga hvort einhverjar fleiri minjar hefðu bæst við út frá heimildum eða á vettvangi. Samkvæmt þjóðminjalögum eru hús 100 ára og eldri friðuð og þarf að gera Minjastofnun grein fyrir ef einhverjar breytingar eiga sér stað á húsum byggðum 1925 eða fyrr.[9] Ekki var gerð nein sérstök grein fyrir uppistandandi húsum í þessari skýrslu þar sem húsakönnun ætti að innihalda þær upplýsingar, einu undantekingarnar voru þau hús sem nefnd voru í eldri skýrslum.
Dalvíkurbyggð útvegaði autocad skrá með staðsetningum á öllum skráðum minjum á svæðinu. Ásamt afmörkunum af þéttbýlis- og framkvæmkvæmdasvæðum í sveitarfélaginu. Í vettvangsathugun var farið á þá minjastaði sem voru innan framkvæmdasvæða eða innan við 15 m friðhelgismarkanna. Þar sem minjar voru á vettvangi þá voru þær mældar upp með trimble tæki, ljósmyndaðar og mældar. Í þeim tilvikum þar sem aðeins voru til heimildir um minjar voru gps hnit uppfærð ef þau voru ekki rétt staðsett miðað við lýsingar úr eldri skýrslum. Jafnframt var reynt eftir fremsta megni að uppfæra lýsingu á staðsetningum minjanna út frá nýjum upplýsingum eða kennileitum eins og byggingum, götuheitum og svo framvegis eins og þau eru í vefsjá landeigna árið 2022. Kortavinna var unnin í Microstation með loftmyndum frá 1998-2000 sem eru í eigu Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Í tveimur tilvikum náði loftmyndasafnið ekki yfir framkvæmdasvæðið og voru þá notaðar gervihnattamyndir af vefsjá Landmælinga Íslands.

## 4. Fornleifaskráning

**Selá (Hauganes):**

**Fornleifanúmer:** 2752-01 Hnit: A531806.7 N603196.9 ISN93
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Á Hauganesi og í Selárvík hefur alltaf verið nokkuð góð aðstaða til sjósóknar. Er þar nú komin nokkur hafnarmannvirki, Hauganesbryggja.“[10] Jafnframt er tekið þar fram að: „Utan við Gömlu-lendingu á Hauganesi eru Ytri-Klappir, en norðan þeirra er Stekkjarvík.“[11] Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Skeljarvík er sunnan á nesinu fremst og nýja bryggjan austan hennar. Brúnka er sunnan við Syðriklappir, en Lendingarsker utan við þær. Þá er lendingin og þar næst Ytriklappir. Utan við þær eru Stekkjarvík...“[12] Lendingin hefur verið skammt norð-austan við fiskverkunarhús á Hafnargötu 2 á Hauganesi. Þar eru nú vegarslóði og hafnargarður.[13]

**Fornleifanúmer:** 2752-02 Hnit: A531799.0 N603196.8 ISN93
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Heimild
Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og gengur hjer nú eitt skip ábúanda."[14] Uppsátrið var fyrir ofan lendinguna[15]

[9] Heimasíða Alþingis.
[10] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 82.
[11] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 86.
[12] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 23.
[13] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 102.
[14] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls.110
[15] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 102.

norðan við fiskverkunarhúsið á Hafnargötu 2. Þarna voru steinsteyptir kofar og timburhús[16] en á nýlegri loftmynd sést að þessi hús hafa flest verið fjarlægð.[17] Lítið er eftir af upprunalegri fjöru á þessum stað og hafa miklar framkvæmdir átt sér stað á þessum slóðum s.s. hafnargarðar, vegslóðir byggingar og fleira.[18]

**Fornleifanúmer:** 2752-03 Hnit: A531759.7 N603050.3 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Lítið timburhús, reist af norskum manni 1882 mun vera fyrsti mannabústaður á Hauganesi. Húsið stóð rétt utan við Sandvíkurklappirnar, líklega aðeins sunnar en húsið Sandvík stendur nú. Við getum nefnt hús frumbyggjans Háskenshús, því að „landneminn“ hét Hans Nielsen Housken og átti heima þar um tveggja ára skeið."[19] Timburhúsið var horfið um 1900 og sjást engin ummerki um það á gróinni flöt, en það var rétt sunnan við íbúðarhúsið Sandvík sem var byggt 1926 og stendur enn.[20]

**Fornleifanúmer:** 2752-04 Hnit: A531826.4 N603148.0 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Um síðustu aldamót eru tómthúsmannakotin orðin þrjú, en timburhús Norðmannsins horfið af sviðinu. Katrínarbær stóð austast, skammt frá Syðriklöppum og Skeljavík."[21] Bærinn stóð nálægt Syðriklöppum og Skeljarvík en ekki er vitað um nákvæma staðsetningu, húsið var byggt um 1885. Á þessum slóðum er nú Hafnargata 2 og Hafnargata 4 á Hauganesi, malblikað plan og steinsteypt fiskvinnsluhús.[22]

**Fornleifanúmer:** 2752-05 Hnit: A531815.2 N603170.2 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Um síðustu aldamót eru tómthúsmannakotin orðin þrjú, en timburhús Norðmannsins horfið af sviðinu. ... Lítið eitt norðar var Stefánsbær upp frá gömlu Hauganeslendingu."[23] Stefánsbær var byggður um 1885, þar standa nú nokkur steinsteypt fiskverkunar hús við Hafnargötu 4 og Hafnargötu 2, enginn ummerki eru um húsið í þéttri byggð.[24]

**Fornleifanúmer:** 2752-06 Hnit: A531754.7 N603151.9 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Um síðustu aldamót eru tómthúsmannakotin orðin þrjú, en timburhús Norðmannsins horfið af sviðinu. ... Þriðja býlið, nokkru ofar á Nesinu var svo Hóll, síðar nefndur Gamli-Hóll, byggður 1897."[25] Húsið stóð þar sem húsið Ásbyrgi stóð

[16] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 102.
[17] Vefsjá landeigna.
[18] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 102.
[19] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 84.
[20] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 102.
[21] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 84.
[22] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 103.
[23] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 84.
[24] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 103.
[25] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 84-85.

áður.[26] Á milli Aðalgötu 2 og Aðalgötu 4 samkvæmt vefsjá landeignarskrá, nær lóðin Hafnargata 6A á milli þessara húsa í dag.[27]

**Fornleifanúmer:** 2752-07 Hnit: A531659.7 N603268.9 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Þá er lendingin og þar næst Ytriklappir. Utan við þær eru Stekkjarvík, því að Nýi-Stekkur og Stekkjarklöpp voru spölkorn uppi á bakkanum. Þar standa nú húsin Steinnes, Sólgarður og Gilsbakki...“[28] Stekkurinn hefur verið fyrir sunnan Steinnes (Aðalgötu 11) og austan við Nesveg 2. Enginn ummerki sjást á sléttri og grasi vaxinni lóð.[29]

**Birnunes:**

**Fornleifanúmer:** 2752-08 Hnit: A530195.5 N603731.1 ISN93
Hlutverk: Garður
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Þar út frá sem gömlu merkin voru milli Birnuness og Selár sést enn fyrir Merkjagarðinum, sem liggur vestur frá Stóranefi.“[30] Einnig er minnst á þennan landamerkjagarð í örnefnaskrá Árskógshrepps en þar segir: „Milli jarðanna voru merkin á Háuborg og liggur ævaforn Merkjagarður allt til sjávar. Nú hefur merkjunum verið breytt og þau færð dálítið norður og girt þar.“[31] Jafnframt er tekið fram þar: „Hæðirnar þaðan út eftir eru nafnlausar, þangað til kemur að Háuborg, sem fyrr hefur verið nefnd. Sumir nefna hæðirnar Birnunesshæðir eða Birnunessborgir, og þó að þær séu á merkjum, eru þær aldrei kenndar við Selá.“[32] Í Borgunum sést garðlagið og liggur það í móum niður af þeim í suð-vestur en fjarar svo út í mýrlendi fyrir neðan þær. Garðlagið sést svo aftur austan við Borgirnar og liggur í austur alveg að sjó. Það er þó rofið á köflum þar sem vegur liggur í gegnum það og svo þar sem skurðir hafa verið grafnir. Fyrir austan Borgirnar mátti sjá á hluta, girðingaleifar í því. Garðlagið virtist vera tölvert greinilegra upp á Borgunum og í vestur heldur en austan við Borgirnar. Hæðin á því var frá 0,2-0,5 m og breidd um 1,6 m. Hluti af garðlaginu var kortlagður út frá loftmynd frá 1998 frá Loftmyndum ehf.



Mynd 1. Garðlag mynd tekin í suð-vestur af Borgunum á Birnunesi.

[26] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 103.
[27] Vefsjá landeigna.
[28] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 23.
[29] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 105.
[30] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 86.
[31] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 22.
[32] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 24.

**Fornleifanúmer:** 2752-09 Hnit: A530196.4 N 603714.5 ISN93
Hlutverk: Smalakofi
Tegund: Steinhleðsla
Í Borgunum um 90 m suður af hitaveitutanki er smalakofatóft á klöpp. Borgirnar eru klettaborgir og vex í þeim mosi, gras og lyng.[33] Rústin er steinhlaðinn um 2,8X4 m, hæð hleðsla frá 0,2-0,5 m og er op á henni til suðurs.


Mynd 2. Smalakofatóft, mynd tekin í norður

**Fornleifanúmer:** 2752-10 Hnit: A530243.5 N603754.7 ISN93
Hlutverk: Smalakofi
Tegund: Steinhleðsla
Í Borgunum kringum 70 m suð-austur af hitaveitutanki er smalakofatóft. Stendur hún á lyngi vaxinni klöpp er steinhlaðinn og frekar bogadreginn með op til vesturs.[34]Tóftin er um 3X4 m, hæð hleðsla er 0,3-0,9 m, hæðst í stórum steini sem hún er byggð upp við.


Mynd 3. Steinhlaðinn smalakofi, mynd er tekin í austur.

[33] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 112.
[34] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 113.

**Fornleifanúmer:** 2752-11 Hnit: A530248.8 N603753.8 ISN93
Hlutverk: Smalakofi
Tegund: Steinhleðsla
Skammt frá tóft Nr. 2752-10 um 1,5 m suð-austur af henni er önnur smalakofatóft eða um 75 m suð-austur af hitaveitutanki. Sú tóft er á ógróinni klöpp og er einnig nokkuð bogadreginn í laginu með op í austur. Stærð hennar er um 2,5X3,4 m og hæð hleðsla 0,2-0,5 m.



Mynd 4. Steinhlaðinn smalakofi mynd tekin í norð-austur.

**Ytri-Hagi (Víkurbakki):**

**Fornleifanúmer:** 2752-12 Hnit: A532378.0 N601490.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í kringum 140 m í suð-vestur (ofan) við íbúðarhúsið á Víkurbakka, um 20 m sunnan við heimreið er lítil tóft. Hún er fast ofan við tún í lyngivaxinni brekku og hafa nokkur tré verið gróðursett í brekkunni. Neðan við brekkuna eru sléttuð tún.[35] Tóftin er um 4,6X4,7 m og virðist vera niðurgrafinn í brekkuna, hæð veggja er 0,2-0,5 m og breidd um 1 m. Inngangur er til austurs, ekki var hægt að skoða hana innan frá þar sem hún var full af rusli. Annars er tóftin mjög greinileg í umhverfinu og sést á nokkuð vel loftmynd sem bendir til þess að hún sé ekki mjög gömul.



Mynd 5. Tóft myndin er tekin í suð-austur.

[35] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 200, bls. 120.

**Stærri-Árskógur:**

**Fornleifanúmer:** 2752-13 Hnit: A529568.4 N602467.1 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyfjarðarsýslu segir: „Staðarbærinn gamli stóð utar og austar, skammt frá Gamlagrafreit."[36] Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „...Bærinn, sem hefur líklega frá fyrstu tíð staðið andspænis sálarhliði kirkjugarðsins..."[37] Gamli bærinn á Stærri-Árskógi hefur staðið fast vestan við gamlagrafreitinn[38] eða í kringum 25 m norð-austan við núverandi íbúðarhús. Þar eru nú sléttuð tún og þrátt fyrir að hægt sé að sjá einhverja upphækkun þá var ekki hægt að sjá greinilegan bæjarhól á staðnum.[39] Það er þó ekki ólíklegt að einhverjar mannvistarleifar séu undir yfirborðinu. Kennt var í framhúsi gamla bæjarins fyrstu 10 árin á fyrri hluta 20. aldar. Bærinn var rifinn í áföngum, bæjargöngin og sá hluti sem var úr torfi var rifinn og byggt við framhúsið sem var byggt úr timbri sem síðar var svo rifið.[40]

**Fornleifanúmer:** 2752-14 Hnit: A529601.2 N602482.6 ISN93
Hlutverk: Grafreitur
Tegund: Grindverk
Gamli grafreiturinn er afgirtur og stendur um 30 m suð-austur af núverandi kirkjugarði. Skýrsluhöfundur gps mældi hann upp sumarið 2017 ásamt núverandi kirkjugarði og er afmörkun hans skráð í þjóðskrá. Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „... Lítil, eldforn timburkirkja, líklega margra alda gömul, stóð í miðjum Gamlagrafreit til ársins 1897, er ný og vegleg timburkirkja var reist vestar á túninu."[41] Garðurinn er sléttur á lítilli hæð um 36X37 m og er aflíðandi til sjávar.[42]



Mynd 6. Gamli grafreiturinn á Stærri-Árskógi, mynd tekin í austur.

[36] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 93.
[37] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 28.
[38] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 52.
[39] Hákon Jensson, 2022, bls. 6.
[40] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 52.
[41] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 93-94
[42] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 52

**Fornleifanúmer:** 2752-15 Hnit: A529600.9 N602417.7 ISN93
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús um 40 m suður af gamla grafreit í túnjaðri upp við heimreið, enginn ummerki eru um það á staðnum. Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Ærhúsvöllur nær frá Lindarlæk að Hesthúsvelli, þar sem nú stendur íbúðarhúsið."[43] Einnig kemur þar fram: „Kvíaból var rétt ofan við Hesthúsið, svo og Kvíamelur."[44] Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Upp frá nýja íbúðarhúsinu í St. Árskógi (bak við Hesthúsið) er Kvíaból, þó að nú sjáist þess lítil merki."[45]

**Fornleifanúmer:** 2752-16 Hnit: A529484.7 N602546.7 ISN93
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu er útihús í norður jaðri nýja kirkjugarðsins, ekki sjást nein ummerki um það í kirkjugarðinum. Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Ofan við Gamlaveg er Fjárhúsamelur og uppi yfir honum Miðaftansborgin."[46] Einnig er svæðinu lýst svona: „Fjárhús eru á Fjárhúsatúni, sem nú er að nokkru komið undir nýjan grafreit og kirkjuna."[47]

**Fornleifanúmer:** 2752-17 Hnit: A529569.2 N602491.4 ISN93
Hlutverk: Smiðja
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús við norð-vestur horn á gamla grafreitnum. Í örnefnaskrá Árskógssshrepps segir: „Smiðjuhóll var hár og reisulegur, stóð við norðvesturhorn gamla kirkjugarðsins, en er nú með öllu horfinn. Á honum stóð Smiðjan."[48] Ekki sjást nein ummerki um mannvirki í sléttu túni.[49]

**Fornleifanúmer:** 2752-18 Hnit: A529533.6 N602485.8 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús í suðurenda nýja kirkjugarðsins, enginn ummerki sáust um það á staðnum.[50] Í örnefnaskrá Árskógsshrepps segir: „Fast við suðurhlið girðingarinnar er Gunnarskofi, en út og niður frá hólnum heitir allstór hluti af gamla túninu Mæða,"[51]

**Fornleifanúmer:** 2752-19 Hnit: A529526.1 N602436.6 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var kálgarður í kringum 10 m norð-vestur af núverandi íbúðarhúsi. Enginn ummerki er af honum í túni, heimreið né í garði bak við íbúðarhúsið.[52]

---

[43] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 93.
[44] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 94.
[45] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 30.
[46] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 94.
[47] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 94.
[48] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 28.
[49] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 54.
[50] Hákon Jensson, 2022, bls. 6.
[51] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 28.
[52] Hákon Jensson, 2022, bls. 6.

**Fornleifanúmer:** 2752-20 Hnit: A529505.6 N602415.2ISN93
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Kvíaból var rétt ofan við Hesthúið, svo og Kvíamelur.“[53] Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Upp frá nýja íbúðarhúsinu í St. Árskógi (bak við Hesthúsið) er Kvíaból, þó að nú sjáist þess lítil merki. Út og upp þaðan rís Kvíhóll...“[54] Kvíaból hefur verið þar sem nú liggur vegarslóði ofan við íbúðarhúsið á Stærra-Árskógi,[55] í kringum 40 m ofan við húsið. Ekki sáust nein ummerki um kvíarnar.[56]

**Fornleifanúmer:** 2752-21 Hnit: A529356.9 N603374.9 ISN93
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Samkvæmt fornleifaleifaskráningu frá 2004 þá var gamall kerruvegur nærri því sem gamli hreppsvegurinn var lagður. Líklega hefur kerruvegurinn legið að Þorvaldsá þar sem gömlu brýrnar voru. Gíslabrú var í notkun til 1927 en elsta brúin var aflögð fyrir 1900. Vegurinn hefur þá legið að Þorvaldsá í kringum 40 m neðan við núverandi þjóðveg en um 80 m ofan við gamla hreppsveginn. Á Þessum slóðum eru lyngivaxnir hvammar, klettar eru svo á köflum í og við ánna, engin ummerki eru um veginn.[57]

**Litli-Árskógur:**

**Fornleifanúmer:** 2752-22 Hnit: A529558.5 N604857.8.1 ISN93
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Suinakot heita litlar girðíngar hjer niður í landinu. Ekki vita menn hvört þar hefur nokkurn tíma bygð verið, þó það sýnist líklegt af nafninu. Ekki má hjer bygð setja fyrir túnstæðis og heyskaparleysi."[58] Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Svínakot, byggt 1880, var nýlega skírt upp og heitir nú Árnes, er elsta býlið og nafn þess fornt. Það stendur norðan við votlendishvamminn Svínakeldur."[59] Þar sem Svínakotsbærinn stóð áður stendur nú steinsteypt einbýlishús.[60] Samkvæmt vefskrá þjóðskrá er núna afmörkuð lóð þar sem heitir Ártún.[61] Það eru fleiri smærri byggingar á staðnum, búið að gróðursetja tré og leggja heimreið að húsinu. Engin ummerki eru um eldri byggingar.

**Fornleifanúmer:** 2752-23 Hnit: A529522.7 N604861.8 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti hefur verið útihús um 28 m vestur af íbúðarhúsinu á Ártúni, engin ummerki eru í túnjaðri eða heimreið að lóðinni Árbrekku.

**Fornleifanúmer:** 2752-24 Hnit: A529572.0 N604873.1 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild

---

53 Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 94.
54 Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 30.
55 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 59.
56 Hákon Jensson, 2022, bls. 6.
57 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 56.
58 Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 104.
59 Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 26.
60 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 41.
61 Vefsjá landeigna.

Á túnakortinu var kálgarður um 12 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Ártúni, engin ummerki eru um hann í sléttu túni.

**Fornleifanúmer:** 2752-25 Hnit: A529630.7 N604935.4 ISN93
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Tóft
Túngarður er um 11 m fyrir sunnan íbúðarhúsið á Árbrekku. Liggur hann nokkurn veginn frá Þorvaldsá og í vestur eftir túninu og hverfur svo við heimreiðina að Árbrekku. Garðurinn virðist vera rofinn á allvega á tveimur stöðum. Hæð garðsins var um 0,3-0,8 m og breidd 1-4 m. Hann virðist fjara út í vestur áður en hann hverfur alveg. Þegar eldri fornleifaskráning var gerð þá var ekki heimreið að Árbrekku, hún er fyrst sýnileg á loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2015.[62] Í dag virðist garðurinn vera í þremur hlutum sem eru samanlagt um 79 m. Í eldri skráningu er hann sagður vera um 150 m[63] en gengið var eftir honum ásamt því að skoða hann af loftmyndum.



Mynd 7. Túngarður mynd er tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-26 Hnit: A529690.4 N605123.7 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Árbakki (byggður 1897) stóð fast við ána þar sem nú er göngubrúin (Árbakkabrúin)."[64] Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Þar var reistur torfbær 1897."[65] Samkvæmt eldri fornleifaskráningu þá var bærinn norð-vestan við göngubrú og norð-austan við íbúðarhúsið Árbakka. Á hæð í sléttu túni, sem er frekar þýfð og steinar hér og þar[66] engin ummerki eru um bygginguna.

**Fornleifanúmer:** 2752-27 Hnit: A529522.4 N605004.7 .1 ISN93
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Uppi á melabörðunum eru hinar fornu Melagötur, fjölfarin leið milli Sandsins og sveitarinnar áður fyrr."[67] Melagötur voru á svipuðum slóðum og Aðalbraut er í dag, gatan er ekki sýnileg.[68]

---

62 MAP.IS. Loftmyndir ehf.
63 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 41.
64 Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 29.
65 Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 48.
66 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 42.
67 Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 30.
68 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 44.

**Fornleifanúmer:** 2752-28 Hnit: A529403.6 N605135.1 ISN93
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Móagötur liggja beint til bæjar í Litla-Árskógi þaðan sem þessir troðningar mætast ofan við Sólvelli, en hverfa á köflum undir Sandsveginn nýja."[69] Samkvæmt fornleifaskráningu frá 2003 þá lágu Móagötur nokkur veginn þar sem Árskógssandsvegur er nú. Komu svo Móa- og Melgötur saman þar sem Aðalbraut sameinast Árskógssandsvegi.[70]

**Fornleifanúmer:** 2752-29 Hnit: A529596.5 N605317.9 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt eldri fornleifaskráningu þá var tóft vestan við Aðalbraut 14 og náði suður endi hennar aðeins inn í lóðina. Var hún ferningslaga, um 8X9 m og 0,4 m á hæð og var á kafi í grasi.[71] Á vefnum map.is má sjá að hún er sýnileg á loftmyndum til og með árinu 2015 en svo 2018 er búið að byggja hús á Aðalbraut 14 og er þá tóftin horfin.[72] Ekki sást heldur neitt af henni við vettvangskönnun.

**Fornleifanúmer:** 2752-30 Hnit: A529702.2 N605520.7 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Flest gömlu býlin stóðu undir melsendanum, eða utan í honum, en þau eru nú öll horfin. Þar voru Búðirnar þrjár, Franklínsbúð, Kárabúð (Pálubúð), og Kiddabúð, grafnar til hálfs inn í melinn, allar með lágri íbúð á „efri hæð".“[73] Samkvæmt fornleifaskráningu frá 2003 þá var Franklinsbúð norðaustan við Aðalbraut, þar sem hún beygir út með fjörunni,[74] um 55 m norðan við Aðalbraut 1.

**Fornleifanúmer:** 2752-31 Hnit: A529709.5 N605515.2 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Flest gömlu býlin stóðu undir melsendanum, eða utan í honum, en þau eru nú öll horfin. Þar voru Búðirnar þrjár, Franklínsbúð, Kárabúð (Pálubúð), og Kiddabúð, grafnar til hálfs inn í melinn, allar með lágri íbúð á „efri hæð".“[75] Samkvæmt skráningunni frá 2003 þá var Kárabúð fast austan við Franklinsbúð þar sem hún beygir út með fjörunni en ekki er vitað um nákvæma staðsetningu.[76] Í kringum 50 m norðan við Aðalbraut 1.

**Fornleifanúmer:** 2752-32 Hnit: A529715.5 N605512.0 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild

[69] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 30.
[70] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 44.
[71] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 46.
[72] MAP.IS. Loftmyndir ehf.
[73] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 48.
[74] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 42.
[75] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 48.
[76] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 43.

Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Flest gömlu býlin stóðu undir melsendanum, eða utan í honum, en þau eru nú öll horfin. Þar voru Búðirnar þrjár, Franklínsbúð, Kárabúð (Pálubúð), og Kiddabúð, grafnar til hálfs inn í melinn, allar með lágri íbúð á „efri hæð“.“[77] Samkvæmt eldri fornleifaskráningu var Kiddabúð austast af búðunum þremur þar sem vegarslóði liggur niður í fjöru.[78] Í kringum 48 m norður af Aðalbraut 1.

**Fornleifanúmer:** 2752-33 Hnit: A529724.7 N605499.8 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Rósuhús (tvílyft timburhús) stóð austan undir Melnum, sunnan Lágarinnar, næst Sjóarnesi, en svo nefndust bakkarnir suður að ánni."[79] Húsið stóð norð-austan við Kiddabúð en í sama mel.[80] Um 40 m norð-austan við Aðalbraut 1.

**Fornleifanúmer:** 2752-34 Hnit: A529704.6 N605459.4 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Litlu sunnar og ofar var Sigurvinshús, þar sem nú er húsið Hólanes."[81] Í skráningunni frá 2003 þá er Sigurvinshús sagt vera sama hús og Hólanes sem er tvílyft timburhús sem líklega stendur við Aðalbraut 1.[82] Samkvæmt þjóðskrá var það hús byggt 1932.[83] Það er timburhús sem stendur á lítilli hæð við Aðalbraut 1, áður stóð húsið á mel sem var sléttaður til vesturs þar sem gatan liggur.[84]

**Fornleifanúmer:** 2752-35 Hnit: A529694.9 N605486.0 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Utar og neðar í melnum var Skarphéðinsbær (síðar Pétursbær)."[85] Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „... Skarphéðinsbær ofar, framan í Melnum fast við Lágina."[86] Húsið hefur verið um 20 m norð-vestur af Aðalbraut 1, búið er að ryðja úr melnum sem var þar áður. [87]

**Fornleifanúmer:** 2752-36 Hnit: A529729.9 N605494.3 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Frá síldarárunum (Norðmannaárunum) var nafnið á súðbyrtu húsi, sem síðar var lengi samkomu- og skólahús, Norskahúsið, sem stóð neðst í Láginni."[88] Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Niðri í lægðinni, eða undir ytri bökkunum, stóð Norska húsið, tvílyft timburhús, er um langt skeið var samkomu- og skólahús. Fyrst var það viðleguhús norskra síldveiðimanna, er höfðu þar vetursetu um skeið (frá 1883)... Síðast var það sjóhús bænda og útgerðarmanna frá Litla-Árskógi og Brattavöllum, og rifu þeir það

[77] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 48.
[78] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 43.
[79] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 28.
[80] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 43.
[81] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 29..
[82] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 43.
[83] Vefuppfletti fasteignarskrár.
[84] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 43
[85] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 48.
[86] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 28-29.
[87] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 43
[88] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 28.

árið 1957, er þeir voru að byggja sér nýja húsið, Pálmalund, vestan við Pósthúsið."[89] Húsið hefur staðið um 38 m norð-austur af Aðalbraut í óræktarsvæði vaxið njóla og grasi.[90]

**Fornleifanúmer:** 2752-37 Hnit: A529276.2 N605278.9 ISN93
Hlutverk: Garður
Tegund: Tóft
Frá Öldugötu að Árskógssandsvegi er mjög sýnilegt garðlag eða upphlaðinn vegur. Garðlagið er þó rofið af Öldugötu. Á loftmynd frá 2018 á map.is má sjá að búið er að rjúfa garðlagið og 2019 er svo búið að leggja götuna Öldugötu.[91] Hluti af garðinum liggur í móum en hluti af því hefur verið sléttað í tún.[92] Hæð garðsins er um 0,2-0,8 m og breidd um 5 m, lengd garðsins sem er enn sýnilegt er um 381 m.


Mynd 8. Garðlag, mynd er tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-38 Hnit: A529042.6 N605514.0 ISN93
Hlutverk: Sögustaður
Tegund: Heimild
Í örnefnakskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Um þetta leyti lifði á vörum fólksins forn sögn um Hinrik nokkurn, sem átti heima á Birnunesi, en var veginn vegna ójafnaðar gagnvart bóndanum á Hellu, sem hafði akra sína þarna við landamerkin og rak réttar síns með því að leggja að velli yfirgangsmanninn, sem reyndar hét Hrani en ekki Hinrik. Eftir þennan verknað hlaut staðurinn nafnið Hranreki eða Hranarek (sjá Svarfdælasögu). Þegar „mýri“ bættist aftan við, varð þetta stirðlegt í framburði: Hranareksmýri, og víxlaðist auðveldlega yfir í Hinriksmýri. Þegar svo atburðurinn fyrntist og Hinriks-nafnið var komið inn í málið, en ójafnaðarmaðurinn Hrani Kötluson á Birnunesi öllum gleymdur, skripluðu menn yfir til þess nafnsins, sem léttara var í munni. Þannig er Hinriksmýrarnafnið til orðið." [93] Á Hinriksmýri er nú steinsteypt hús í túni.[94] Í vefsjá þjóðskrár er þar nú afmörkuð lóð með nafnið Ægisgata 31 Hinriksmýri.[95]

[89] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 48-49.
[90] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 43.
[91] MAP.IS. Loftmyndir ehf.
[92] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 46.
[93] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 27-28..
[94] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 45.
[95] Vefsjá landeigna.

**Fornleifanúmer:** 2752-39 Hnit: A528998.7 N605516.8 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Næstelst er býlið Hinriksmýri, reist 1882 og fyrstu árin fært til bókar undir nafninu Jerúsalem, sennilega af því að frumbygginn hét Salómon og hafði að viðurnefni hið sjaldgæfa nafn „snjókóngur“. Innan fárra ára kom svo nafnið Hinriksmýri, er studdist við fornt örnefni staðarins, mýrarinnar með fram Móalæknum, sem þar neðst er jafnframt kallaður Hinriksmýrarlækur einkum eftir að býlið kom til sögu.“[96] Í Byggðum Eyjafjarðar 1990 er íbúðarhúsið sagt vera frá 1918[97] og er því sama hús og er á túnakortinu af Hinriksmýri. Það hús hefur verið rifið og nýjar byggingar reistar á staðnum árið 2017.[98]

**Fornleifanúmer:** 2752-40 Hnit: A529072.7 N605504.7 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús austur af bæjarhúsunum gömlu eða um 20 m austur af núverandi bæjarhúsum, þar er núna steypt bílaplan.

**Fornleifanúmer:** 2752-41 Hnit: A528851.4 N604528.0 ISN93
Hlutverk: Sundlaug
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „ Alllangt útaustur á Móunum er ógetið um Móatjörnina við Móalæk. Þar var sundskýli um 1910 og kennt sund í tjörninni á vegum U.M.F. Reynis, hlaðinn upp allmikill stíflugarður og vatni veitt inn fyrir hann úr læknum."[99] Sundlaugin er um 600 m norðan við þjóðveg 1 og 300 m vestan við Árskógssandsveg. Af loftmynd frá 2021 frá Loftmyndum ehf. á map[100].is þá mælist tjörnin um 130X70 m. Að vestan og norðan á tjörninni hefur víðir verið gróðursettur, annars er mólendi umhverfis tjörnina. Í tjörninni vex hár og mikill stör en tjörnin er nú að mestu þornuð upp.[101] Vestan til í tjörninni er torfhlaðinn garður um 32 m á lengd, hæð um 1-1,1 m og breidd 3 m. Garðurinn virðist svo fjara út inn í skógarkjarri.



Mynd 9. Torfveggur úr sundlaug, mynd er tekin í austur.

[96] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 26-27.
[97] Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 282.
[98] Vefuppfletti fasteignarskrár.
[99] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 31.
[100] MAP.IS. Loftmyndir ehf.
[101] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 44-45.

**Hella:**

**Fornleifanúmer:** 2752-42 Hnit: A528899.2 N605582.5 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Er þá komið að Hinriksmýrarlæk, sem fellur í Hreggvík. Sunnan hans er annað býli í Hellulandi. Heitir það Lækjarbakki, en var lengi nefnt Nöfin, eða Dauðansnöf. Þar var fyrst byggt árið 1887."[102] Nú stendur þar steinsteypt einbýlishús þar sem torfbærinn var áður.[103] Á nýlegri loftmynd á map.is má sjá að húsið hefur verið stækkað og búið að steypa plan austan við húsið.[104]

**Fornleifanúmer:** 2752-43 Hnit: A528895.9 N605595.1 ISN93
Hlutverk: Kuml
Tegund: Heimild
Í fornleifaskráningunni frá 2003 þá er minnst á bréf frá Haraldi Davíðssyni til Þjóðminjasafnsins sem segir frá fornri dys á Lækjarbakka sem sumir hafi viljað tengja fornri sögu. Hafi dysin verið rofinn og spjót sent til Þjóðminjasafnsins. Spjótið á að hafa fundist nálægt Lækjarbakka en nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Líklegra er talið að þetta hafi verið Lækjarbakki í Hellulandi frekar en Ufsalandi því þar fannst kuml. Það er þó ekki minnst á að spjót hafi fundist þar. Í frásögn Haraldar var þetta Lækjarbakki í landi Hellu, hugsanlegt er þó að einhver misskilningur hafi átt sér stað og umrædd dys sé sú sama og vel þekkt dys við Lækjarbakka í Dalvíkurlandi. Líklegt er talið að sú sögn sem vísað er í sé frásögn í Svarfdælasögu um samskipti bænda á Hellu og Birnunesi. Spjótið sem minnst á er í bréfinu er ekki þekkt á Þjóðminjasafninu.[105]

**Fornleifanúmer:** 2752-44 Hnit: A528804.9 N605655.1 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Árskógsshrepps segir: „Á Hreggvíkurbakka stóð býlið Gilsbakki um þriggja áratuga skeið."[106] Í kringum 100 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Lækjarbakka eru leifar af bænum Gilsbakka. Í eldri fornleifaskráningu er minnst á að timburhlaða hafi staðið á svipuðum stað[107] en það er búið að fjarlægja hana í dag. Tóftin var um 16X9 m og skiptist í tvö hólf. Hólfið norðan megin er með op í austur en það syðra er ekki með greinilegt op. Í fornleifaskráningu frá 2003 er minnst á að það sé ekki greinilegt op á seinna hólfinu.[108] Það eru þó þrjú skörð í austur hlutanum á syðra hólfinu. Tóftin er hlaðin úr torfi en ekki var hægt að sjá grjóthleðslur í henni[109] hún var þó vel gróin og mikið og hátt gras og því nokkuð erfitt að mæla hana upp eða átta sig á umfangi hennar. Hæð veggja var um 0,4-0,9 m og breidd um 1 m.

---

[102] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 55.
[103] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 62.
[104] MAP.IS. Loftmyndir ehf.
[105] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 62.
[106] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 55.
[107] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 62.
[108] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 62.
[109] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 62.


Mynd 10. Tófarleifar af býlinu Gilsbakka, mynd tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-45 Hnit: A528551.3 N605933.6 ISN93
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Enn sést vel fyrir fornum götutroðningum sunnan við Höfðann, það eru Krossagötur, sjávargata Krossverja til Naustavíkur."[110] Þar sem krossgötur voru áður en nú slóði, á nokkrum stöðum má sjá troðninga við slóðann. Gatan liggur nokkurn veginn beina leið niður að sjó en beygði áður en komið var í flæðamálið og lá út með firðinum að Naustavík. Frá Krossum til Naustavíkur lágu Krossgöturnar yfir móana.[111]

**Fornleifanúmer:** 2752-46 Hnit: A528517.5 N605993.3 ISN93
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Þar er komið að Naustavíkurbökkum, en Naustavík er eiginlega vogur austan í bakkana. Þar þótti betri lending en í Reitsvíkinni, svo að aðalútræðið varð á seinni árum meira þaðan. Þar höfðu uppsátur Krossabátur og Hámundarstaðabátar. Um skeið var föst íbúð í sjóbúðum við Naustavík, og vélbátar voru gerðir út þaðan um árabil."[112] Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Norðan í Fagurhöfðanum er Fagurhöfðavík og Fagurhöfðahleinar. Næst er Keflavík vestur frá Naustavíkurbökkum og austan þeirra er Naustavíkin, sem var lengi aðalútróðrarstaður frá Hellu, Krossum og Hámundarstöðum og stóðu sjóbúðir þar á bakkanum."[113] Naustavík er lítil vík sem er afmörkuð af klettabelti á báða kanta. Stærðin á henni er um 100 m á lengd og 60 m á breidd og í henni var lendingin. Fjaran er sendin og smágrýtt og upp af henni er gróinn bakki þar sem eru sjóbúðir.[114] Víkin er um 550 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Lækjarbakka.

**Fornleifanúmer:** 2752-47 Hnit: A528507.6 N605987.0 ISN93
Hlutverk: Naust
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Þar er komið að Naustavíkurbökkum, en Naustavík er eiginlega vogur austan í bakkana. Þar þótti betri lending en í Reitsvíkinni, svo að aðalútræðið

[110] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 20.
[111] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 57.
[112] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 55.
[113] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 19-20.
[114] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 57.

varð á seinni árum meira þaðan. Þar höfðu uppsátur Krossabátur og Hámundarstaðabátar. Um skeið var föst íbúð í sjóbúðum við Naustavík, og vélbátar voru gerðir út þaðan um árabil."[115]
Í örnefnaskrá Eyjafjarðar segir: „Norðan í Fagurhöfðanum er Fagurhöfðavík og Fagurhöfðahleinar.Næst er Keflavík vestur frá Naustavíkurbökkum og austan þeirra er Naustavíkin, sem var lengi aðalútróðrarstaður frá Hellu, Krossum og Hámundarstöðum og stóðu sjóbúðir þar á bakkanum."[116]
Naustavík er lítil vík sem er afmörkuð af klettabelti á báða kanta. Stærðin á henni er um 100 m á lengd og 60 m á breidd og í henni var lendingin. Fjaran er sendin og smágrýtt og upp af henni er gróinn bakki þar sem eru sjóbúðir.[117] Víkin er um 550 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Lækjarbakka. Engin ummerki eru um naust en talsvert er af ummerkjum af sjóbúðum ofan við víkina.[118]

**Fornleifanúmer:** 2752-48 Hnit: A528495.5 N605961.0 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Norðan í Fagurhöfðanum er Fagurhöfðavík og Fagurhöfðahleinar. Næst er Keflavík vestur frá Naustavíkurbökkum og austan þeirra er Naustavíkin, sem var lengi aðalútróðrarstaður frá Hellu, Krossum og Hámundarstöðum og stóðu sjóbúðir þar á bakkanum."[119] Naustavík er lítil vík sem er um 100 m á lengd og 60 m á breidd og er hún afmörkuð að utan af klettabelti á báða kanta. Ofan við fjöruna eru nokkrar tóftir sem virðast vera misgamlar. Í sumum þeirra eru steyptir veggir.[120]
Í kringum 5 m norðan við vegarslóða sem er fyrir norðan fiskihjalla á staðnum er tóft. Vesturveggurinn er steyptur og er um 1,4 m á hæð og 0,2 m á breidd. Aðrir hlutar af byggingunni virðast hafa verið úr torfi ekki var þó hægt að greina veggjalag, frekar hól austan við vegginn um 0,5 m á hæð. Stærð byggingarinnar virðist hafa verið um 5X7 m.



Mynd 11. Tóft, mynd tekin í norð-austur.

[115] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 55.
[116] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 19-20.
[117] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 57.
[118] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 61.
[119] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls. 19-20.
[120] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 56.

**Fornleifanúmer:** 2752-49 Hnit: A528500.5 N605981.4 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Í kringum 15 m norður af tóft nr. 2752-48, alveg fremst á bakkanum var kofi um 3X3 m með steyptum veggjum, það var þó ekki hægt að sjá veggina í norð-vestur, tóftin var hruninn þar. Einnig voru bárujárnsleifar ofan í tóftinni svo hún hefur líklega haft bárujárnsþak. Hæð steyptra veggja var 1,2-2,2 m og breidd 0,1 m.



Mynd 12. Niðurgrafinn sjóbúð, mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-50 Hnit: A528487.3 N605981.5 ISN93
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Tóft
Skammt vestan við tóftirnar tvær nr.2752-48 og 2752-49 er tvískipt dæld og hefur veggstúfur verið hlaðinn til þess að skipta henni í tvennt.[121] Norður hlutinn af dældinni er um 12X9 m og suður hlutinn um 7X4 m. Veggstúfurinn sem skiptir dældinni í tvo hluta er um 10 m og er op á honum miðjum. Niðurgröfturinn er alveg frá um 1,1 m að norðan og syðri hlutinn 0,6-0,8 m.



Mynd 13. Leifar af uppsátri, mynd tekin í suður.

[121] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 56.

**Fornleifanúmer:** 2752-51 Hnit: A528488.0 N606000.5 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Í kringum 9 m norð-vestur af uppsátrinu nr. 2752-50 er rúst af steyptri byggingu. Umfang byggingarinnar er um 7,5X5 m. Veggirnir er um 1,6 m á hæð og þykkt steypu 0,15 m. Útgangur er í átt að sjó til austurs.



Mynd 14. Rúst af steyptu mannvirki, mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-52 Hnit: A528494.7 N606030.1 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Í vestur hluta á Naustavík, fast við sjávarbakkann er tóft. Umfangið á tóftinni er 16X5 m og hæð 0,3-0,5 m á hæð og breidd veggja 1,1-1,2 m. Tóftin er mjög siginn og virðist nokkuð gömul, ekki er hægt að sjá grjót í henni.[122] Það virðast vera allavega þrjú hólf í tóftinni.



Mynd 15. Tóft, mynd er tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-53 Hnit: A528480.7 N606058.8 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Í kringum 22 m norð-vestur af tóft nr. 2752-52 rétt við sjávarbakkann er lítil tóft þakinn miklum gróðri. Tóftin mældist um 4X5 m og hæð veggja um 0,2-0,4 m. Ekki var hægt að sjá útgang á henni en mikill gróður á staðnum gerði erfiðara fyrir vik að mæla hana upp.

[122] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 56.


Mynd 16. Leifar af tóft mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-54 Hnit: A528520.8 N605961.1 ISN93
Hlutverk: Óvíst
Tegund: Heimild
Í fornleifaskráningunni frá 2003 þá segir að um 25 m fyrir austan við uppsátrið nr. 2752-50 séu einhverjar mannvistarleifar en þær séu þó of ógreinilegar til þess að hægt sé að greina þær nákvæmlega.[123] Þrátt fyrir að hægt væri að sjá eitthvað rask af þessum stað þá var gróður alltof hár og mikill til þess að hægt væri að sjá neinar greinilegar mannvistarleifar.

**Fornleifanúmer:** 2752-55 Hnit: A528168.6 N605988.6 ISN93
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Austan við Reitsvík er Gerðisvík ... þá Djúpuvíkurbakkar að Djúpuvík eða Stekkjarvík. Þriðja nafnið á þessari vík var um skeið Símavík, meðan sæstrengur landsímans milli Krossa og Hríseyjar lá þar um."[124] Stekkurinn er nær því að vera í Fögruvík , hann er um 25 m suðvestan við malarnámu og norðan við hæð. Stekkurinn sést vel í landslaginu og stendur hann nokkuð hærra en umhverfið í kring og er fagurgrænn.[125] Stærðin á honum er um 12X8 m, hæð veggjahleðsla 0,8-0,9 m og breidd um 1,5 m. Skiptist hann í hringlaga hólf með útgangi til suð-vesturs og svo annað minna ferningslaga hólf inn í tóftinni, ekki er hægt að sjá op á milli hólfanna. Tóftin er hlaðinn úr torfi og ekki var hægt að sjá neinar grjóthleðslur í henni.[126]

---

[123] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 57.
[124] Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls.19.
[125] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 60.
[126] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 60-61.



Mynd 17. Stekkjartóftir, mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-56 Hnit: A528061.2 N605997.0 ISN93
Hlutverk: Garður
Tegund: Tóft
Í fornleifaskráningunni frá 2003 þá segir frá vörslugarði á milli stekkjarins nr. 2752-55 og Gerðisvíkur og liggi á milli hæðar og sjávarbakkans.[127] Það sást greinilega á loftmynd garðlag sem liggur norður-suður 26 m að sjávarbakkanum. Á sjávarbakkanum virðist garðlagið svo beygja austur og er það sýnilegt á 9 m kafla þar. Jafnframt virðist vera um 11 m bútur af garðlaginu á sjávarbakkanum um 3 vestan við garðlagið. Garðlagið er um 0,2-0,4 m á hæð og breidd um 1 m.



Mynd 18. Garðlag mynd tekin í suður.

**Fornleifanúmer:** 2752-57 Hnit: A527987.8 N605993.2ISN93
Hlutverk: Garður
Tegund: Tóft

[127] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 57.

Í kringum 65 m vestan við garðlag nr. 2752-56 eru leifar af öðru garðlagi og sjást þrjár hliðar af því.[128] Líklega leifar af kálgarði, hæð garðlagsins er um 0,2-0,3 m og breidd um 1 m.



Mynd 19 mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-58 Hnit: A527688.5 N605896.1 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Tóft er í litlum hvammi upp af Garðsvík,[129] tóftin er um 5X7 m og er op á henni til norð-austur. Hæð veggja er 0,2-0,9 m og breidd 0,5-1,3 m þar sem austur veggur var töluvert minni og ógreinilegri en vesturveggurinn.



Mynd 20. Tóft mynd tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-59 Hnit: A527642.4 N605876.6 ISN93
Hlutverk: Gerði
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Árskógshrepps segir: „Gerðisvík er þar utan við og Gerðisvíkurtöng er milli hennar og Reitisvíkur. Mun 'gerðis' -nafnið gamalt, þó að ekki sé kunnugt um ástæðuna. Sennilegast er að þar hafi verið peningshús upphaflega."[130]

[128] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 57.
[129] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 63.
[130] Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 54.

Gerðisvík er kennd við Gerði sem stendur enn á sjávarbakkanum í grasi gróinni dæld með nokkrum melum umhverfis.[131] Gerðið er sporöskjulaga og liggur að sjávarbakkanum í norður og er um 97 m á lengd. Gerðið var um 1,3-2,0 m á breidd og hæð 0,3-0,7 m á hæð. Í eldri fornleifaskráningu var sagt frá öðru gerði inn í því stærra[132] ekki var hægt að sjá greinilegt gerði en hægt var að sjá nokkuð reglulegar gróðurfarsbreytingar sem bentu til annaðs gerðis. Inn í gerðinu var svo þúst sem mældist um 7X6 m og var um 0,15-0,3 m á hæð, í þústinni voru tvö hólf og breidd veggja var þar 1,3-2 m.



Mynd 21. Gerði, mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-60 Hnit: A528671.7 N605180.0 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu segir: „Enn sést vel fyrir fornum götutroðningum sunnan við Höfðann, þar eru Krossgötur, sjávargata Krossverja til Naustavíkur. Við þær götur er örnefnið Hellukot, en alls óvíst er hvers konar „kot“ þar hefur verið um að ræða.“[133] Í örnefnaskrá Árskskógshrepps segir: „Suðaustan í Helluhöfða, nálægt krossagötunum eru óverulegar en áreiðanlega fornar tóftir, sem heita Hellukot. Engar sagnir hafa fundist um býli þar.“[134] Það eru enn greinilegar leifar af Hellukoti[135] um 400 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á Hinriksmýri eru leifar af gerði í kringum býlið. Gerðið er víða rofið en austur og vestur hlutarnir af því sjást nokkuð vel. Ekki var hægt að greina nema hluta af norður hlutanum. Gerðið er um 2,5 m á breidd og hæð um 0,5-0,7 m. Þeir hlutar sem sáust á garðlaginu voru samtals 198 m á lengd.

131 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 60.
132 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 63.
133 Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, bls.20.
134 Örnefnaskrá Árskógshrepps, bls. 56.
135 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 58.



Mynd 22. Garðlag í kringum býlið Hellukot, mynd er tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-61 Hnit: A528670.2 N605143.9ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í norður hlutanum á gerðinu nr. 2752-60 var tóft um 11X5 m með útgang í suð-vestur. Tóftin fellur vel inn í umhverfið og ekki auðsjáanleg á staðnum. Hæð veggja hleðsla er 0,4-0,6 m og breidd veggja um 1,2 m.



Mynd 23. Tóft inn í gerðinu, mynd er tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-62 Hnit: A528654.3 N605105.9 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í suðurenda á gerðinu nr. 2752-60 er tóft sem virðist skiptast í tvö hólf með op á milli þeirra og svo útgang til suð-austurs. Hæð hleðsla er 0,4-0,8 m og breidd veggja 1,2 m. Skammt vestan við tóftina virðast vera leifar af annari tóft um 8X7 m og á milli þeirra einhverjar mannvistarleifar. Það var þó mjög erfitt að átta sig á legu og umfangi á tóftunum þar sem þær voru mjög þýfðar og falla því vel inn í umhverfið.



Mynd 24. Tóft inn í suðurhlutanum á gerðinu, mynd tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-63 Hnit: A528666.6 N605088.7 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í kringum 7 m í suð-vestur af tóft nr. 2752-62 er lítil og mjög ógreinileg tóft um 7X5 m. Hæð veggja hleðsla var 0,1-0,6 m og breidd veggja um 1,4 m. Það er útgangur á henni til norð-vestur beint á móti útgangi á tóft nr. 2752-62.



Mynd 25. Lítil og ógreinileg tóft innan vallargarðsins.

**Fornleifanúmer:** 2752-64 Hnit: A528607.6 N605043.8 ISN93
Hlutverk: Garður
Tegund: Tóft
Suður af gerðinu nr. 2752-60 var stór og mikill garður sem virðist annars eðlis en gerðið. Garðlagið liggur austur vestur, það eru líka allavega tveir bútar af garðlaginu sem liggja í suður áður en það fjarar út. Hæð garðsins er um 0,6-0,8 m og breidd um 2 m. Garðurinn er svipaður og göngugarðarnir í Svarfaðardal.[136]

[136] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003, bls. 59.



Mynd 26. Umfangsmikið garðlag, líklega göngugarður, mynd tekin í vestur.

**Krosshóll:**

**Fornleifanúmer:** 2752-65 Hnit: A516993.6 N586163.1 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús þar sem núna stendur gangnamannakofinn Stekkjarhús og er braggi þar vestan við.[137] Á loftmynd frá 2019[138] má sjá að það er búið að byggja við Stekkjarhús svo nú nær það alveg að bragganum.

**Klængshóll:**

**Fornleifanúmer:** 2752-66 Hnit: A518064.2 N589011.1 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Í fornleifaskráningunni frá 2002 þá var sagt að gamli bærinn hafi staðið 20-30 m suð-austan við núverandi íbúðarhús og enn megi sjá leifar af fjósi sem var samfast bænum og kálgarðs sem var fast sunnan við bæinn.[139] Samkvæmt heimildarmanni þá stendur gestahús þar sem fjósið stóð.[140] Skammt sunnan við gestahúsið er gamall steinhlaðinn veggur um 7,5 m langur sem hefur verið lagfærður og endurhlaðinn að hluta. Hæð veggsins er um 1,8 m og breidd um 2 m.



Mynd 27. Leifar af veggjahleðslu, mynd er tekin í vestur.

[137] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 28.
[138] MAP.IS. Loftmyndir ehf.
[139] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 56.
[140] Anna Dóra, munnleg heimild.

**Fornleifanúmer:** 2752-67 Hnit: A518069.3 N589003.3 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Sunnan við steinhlaðna veggin er hóll um 17X8 m og hæð um 0,6 m. Ekki var hægt að sjá neinar veggjahleðslur í hólnum en hann er á kafi í sinu, þetta er staðurinn sem kálgarðurinn var á samkvæmt túnakortinu.



Mynd 28. Hóll sunnan við bæjarstæðið sem kálgarður stóð á, mynd tekin í suður.

**Fornleifanúmer:** 2752-68 Hnit: A518137.2 N588935.1 ISN93
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá segir: „Syðst og efst er Hesthúsgerði."[141] Í kringum 120 m suð-austur af íbúðarhúsinu á Klængshól eru leifar af hesthúsi. Húsið er á hæð fyrir ofan túnin á Klængshól og er á kafi í sinu.[142] Tóftin er um 7X6 m og hæð veggja 0,4-0,6 m og breidd veggja um 1,3 m. Tóftin er með op í vestur og í vestuvegg voru grjóthleðslur.



Mynd 29. Hesthústóft mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-69 Hnit: A518132.5 N588983.7 ISN93
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft

[141] Örnefnaskrá Klængshóls, bls. 1.
[142] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 57.

Í örnefnaskrá segir: „Syðst og efst er Hesthúsgerði. Norðan við það er Syðstahúshryggur ..."[143] Leifar af tóft voru Í kringum 30 m suð-austur af aðstöðuhúsi skammt sunnan við læk. Mikil sina var í tóftinni og erfitt að meta umfang hennar. Leifar virtust vera af tveimur veggjum, efri veggurinn (austari) var um 0,3-0,8 m á hæð og um 0,8 m á breidd. Neðri veggurinn var um 0,2 m á hæð og 0,8 m á breidd. Efri veggjahleðslan var um 6 m á lengd en neðri aðeins 5 m. Skammt norðan við hleðsluna var rotþró og spurning hvort hleðslurnar hafi eitthvað raskast við þá framkvæmd. Í fornleifaskráningunni frá 2002 þá var talað um að fast sunnan við tóftina hafi verið dæld, grjóthlaðinn að innan en gróin að utan.[144] Ekki var hægt að sjá dæld á staðnum en mjög mikill sinugróður var á staðnum og aðeins snjóföl hafði lagst yfir svæðið.



Mynd 30. Leifar af fjárhústóft, mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-70 Hnit: A518144.0 N588986.4 ISN93
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Tóft
Í fornleifaskráningunni frá 2002 var sagt að torfhlaðinn túngarður hafi verið umhverfis tún á Klængshól og sjáist hann víða ofan við tún suður frá bæjarlæknum á um 150 m bili.[145] Hann var mjög greinilegur á 20 m kafla fast sunnan við lækinn þar sem hann var um 0,6-0,7 m á hæð og 1,3 m á breidd, svo varð hann nokkuð ógreinilegri. Hann var nokkuð sýnilegur á tveimur stöðum á loftmynd frá 1998 og var teiknaður upp af henni þar sem hann mældist um 226 m á lengd.

[143] Örnefnaskrá Klængshóls, bls. 1.
[144] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 57.
[145] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 59.



Mynd 31. Túngarður fast sunnan við bæjarlækinn, mynd tekin í suður.

**Mynd Fornleifanúmer:** 2752-71 Hnit: A518169.9 N589011.5 ISN93
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Fossa, en út við Bæjará heitir Hraunhóll, niður af honum eru Kvíhólar þrír, nefndir Efsti- Mið- og Neðsti Kvíhóll. Suður af Kvíhólum er Fjárbæli. Munu kvíær hafa verið bældar þar í gamla daga."[146] Tóftin er sunnan við bæjarlækinn um 50 m ofar (austar) en áhaldahús á staðnum. Tóftin snýr austur -vestur og er tvískipt og er útgangur vestarlega á suðurvegg, ekki sést op á milli hólfanna.[147] Tóftin er um 12X4 m, á hæð hleðsla 0,3-0,6 m og breidd um 1,3 m.



Mynd 32. Kvía tóft mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-72 Hnit: A518129.5 N589078.9 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft

[146] Örnefnaskrá Klængshóls, bls. 5.
[147] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 58-59.

Norðan við Bæjará í brekku um 35 m norðan við áhaldarhúsið á staðnum er kálgarður. Umfang garðsins er um 40X14 m, eins og má sjá mynd 33 þá virðast veggja hleðslurnar vera mjög óljósar í norð-vestur hlutanum og virðist brekku brúnin vera nokkur konar afmörkun þar. Hæð hleðsla var um 0,6-0,7 m á þeim hluta sem snýr að heimreiðinni en allt að um 1,2 m annarsstaðar, breidd veggja var um 1,2 m.



Mynd 33. Kálgarður mynd tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-73 Hnit: A518086.2 N589015.1 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús um 10 m suður af núverandi fjárhúsum. Engar leifar sjást á plani og grasflöt.

**Fornleifanúmer:** 2752-74 Hnit: A518098.9 N589025.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá segir: „Syðst og efst er Hesthúsgerði. Norðan við það er Syðstahúshryggur; þar norður af er Hólshúshóll. Á hólnum standa fjárhús.“[148] Húsin eru líka merkt inn á túnakort og stóðu nokkurn veginn þar sem núverandi fjárhús standa í dag á Klængshóli.

**Fornleifanúmer:** 2752-75 Hnit: A518134.5 N589018.0 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti þá var útihús um 20 m ofan við núverandi áhaldahús. Engar leifar sjást í grónum móum.

**Fornleifanúmer:** 2752-76 Hnit: A518063.4 N589091.4 ISN93
Hlutverk: Mylla
Tegund: Heimild
Neðan við heimreiðina var Myllutunga, fast sunnan við bæjarlækinn. Núna er bílaplan sem nær að læknum, engar mylluleifar eru sjáanlegar.[149]

**Kóngsstaðir:**

[148] Örnefnaskrá Klængshóls, bls. 1.
[149] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 60.

**Fornleifanúmer:** 2752-77 Hnit: A517752.7 N590516.6 ISN93
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Þuerár kot. Í eyði meir en 20 ár, en bygt þar fyrir so lengi menn til muna og þeirra feður, og haldið fyrir lögbýli. Dýrleikinn meinast að verið hafi viii c. Eigandinn beneficium Vellir í Svarfaðardal. ...Fóðrast kunni, seinast bygt var, í kýrþúngi. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er fordjarfað af grjótsáburði úr Þverá, og sumt uppblásið í hrjóstur, en útslægjur öngvar. Þessa jörð beitir Kóngsstaða ábúandi fyrir góðvilja staðarhaldarans, en geldur þar öngva muni fyrir."[150] Býlið virðist ekki hafa byggst aftur og jörðin hafi verið sameinuð Kóngsstöðum án þess að það yki virði hennar.[151] Í örnefnaskrá Kóngsstaða segir: „Þverárkot heitir út við Þverá, en sú á skiptir löndum milli Kóngsstaða og Þverár. Talið er , að þarna hafi fyrir löngu verið býli, en eigi hafa núlifandi menn neina vitneskju um það."[152] Kotið hefur verið staðsett í kringum 60 m sunnan við Þverá eða 40 m vestan við þjóðveginn í sléttu túni.[153]

**Þverá:**

**Fornleifanúmer:** 2752-78 Hnit: A517814.8 N590740.2 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Gamli bærinn á túnakortinu var á sama stað og núverandi steinsteypt íbúðarhús stendur á Þverá, enginn ummerki eru um gamla bæinn.[154]

**Fornleifanúmer:** 2752-79 Hnit: A517816.0 N590730.5 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakortinu var kálgarður fast sunnan við gamla bæinn. Þar stendur núverandi hús og garður, enginn ummerki eru um kálgarðinn.

**Fornleifanúmer:** 2752-80 Hnit: A517834.1 N590741.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús um 8 m austur af núverandi íbúðarhúsi, þar er nú heimreið og enginn merki um útihúsið.

**Fornleifanúmer:** 2752-81 Hnit: A517816.2 N590757.2 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Um 6 m norðan við núverandi íbúðarhús var útihús samkvæmt túnakortinu. Þar er nú heimreið upp að norðurhlið íbúðarhússins.[155]

---

[150] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 78.
[151] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 15.
[152] Örnefnaskrá Kóngsstaða, bls. 2.
[153] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 60.
[154] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 101.
[155] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 103.

**Fornleifanúmer:** 2752-82 Hnit: A517772.5 N590681.2ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Í kringum 60 m suð-vestan við núverandi íbúðarhús á milli núverandi útihúsa var útihús samkvæmt túnakortinu. Engar leifar sjást af þessu útihúsi.

**Fornleifanúmer:** 2752-83 Hnit:A517711.1 N590937.0 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Um 220 m norð-vestur af núverandi íbúðarhúsi var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsin hafa verið neðst í þýfðri og grösugri brekku sem einnig er mjög stórgrýtt.[156] Ekki sjást leifar af þeim.

**Fornleifanúmer:** 2752-84 Hnit: A517683.9 N590958.4ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Í kringum 250 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Þverá um 15 m norðan-vestan við útihús nr. 2752-83 var annað útihús. Ekki sést til hússins en á staðnum eru þúfur og aðeins neðar er sléttara graslendi.[157]

**Fornleifanúmer:** 2752-85 Hnit: A517703.7 N591035.3 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Um 310 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Þverá er Hesthúshóll. Tóftin er á vel grónum hól og hefði líklega ekki fundist ef ekki hefði verið gps hnit á henni í eldri fornleifaskráningu.[158] Tóftin er sigin og algjörlega hulinn sinu og erfitt að mæla hana upp að þeim sökum. Tóftin er um 8X4 m og hæð hleðsla um 0,3-0,4 m. Ekki var hægt að sjá útgang á tóftinni. Um 30 m austan við tóftina er suður hlið á sumarhúsinu Þverárholti.



Mynd 34. Hesthústóft horfin í sinu, mynd er tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-86 Hnit: A517666.9 N590753.4 ISN93
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild

[156] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 101.
[157] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 101.
[158] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 103.

Í kringum 130 m vestur af íbúðarhúsinu á Þverá er Kvíhóll í hlíðinni. Stór og gróinn hóll og aðeins norðan við hann rennur bæjarlækurinn. Engar fornleifar sjást á staðnum.[159]

**Fornleifanúmer:** 2752-87 Hnit: A517687.3 N591009.0 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft
Í kringum 280 m norð-vestur af íbúðarhúsinu af Þverá eða 50 m suð-vestur af sumarhúsinu á Þverárholti upp á hól er kálgarður. Garðurinn er um 16,5X9,5 m og hæð hleðsla frá 0,4 m í austur upp í 1,1 m í vestur. Garðurinn virðist hafa verið tvískiptur og voru engar veggja leifar sjáanlegar í suður enda. Eins og segir í eldri fornleifaskráningu þá virðist hafa verið stungið upp úr honum, tyrft yfir og plantað trjám í jaðrana.[160]



Mynd 35. Kálgarður á Þverá, mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-88 Hnit: A517613.3 N590967.3 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í kringum 300 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Þverá eða um 130 m suð-vestur af sumarhúsinu í Þverárholti er tóft. Tóftin er 3,6X3 m og er op til austurs. Tóftin er mjög ógreinileg. Suður hlutinn virðist vera grafinn upp í brekkuna en norður og vestur veggirnir hlaðnir. Hæð hleðsla er 0,2-0,4, m en mjög erfitt að átta sig á tóftinni vegna mikils gróðurs og trjágróðurs sem var farinn að teygja sig yfir hana.



Mynd 36. Tóft, mynd tekin í vestur.

[159] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 106.
[160] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 104.

**Fornleifanúmer:** 2752-89 Hnit: A517680.1 N590789.5 ISN93
Hlutverk: Sundlaug
Tegund: Tóft
Fast norðan við bæjarlækinn um 140 m fyrir ofan íbúðarhúsið á Þverá er sundpollur. Greinilegar hleðslur voru í austur og suður hluta pollsins og í eldri fornleifaskráningu segir að hann sé grjóthlaðinn en hleðslur séu grónar.[161] Gróið hefur alveg yfir hleðslurnar þar sem ekki var hægt að sjá grjót en í pollinum var töluvert vatn. Hleðsurnar voru um 16 m á lengd og 2 m á breidd hæð 0,6-1,4 m. Austur hlutinn af pollinum virðist vera grafinn ínn í brekku en það sjást engar hleðslu leifar þar.



Mynd 37. Sund pollur mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-90 Hnit: A517707.0 N590938.0 ISN93
Hlutverk: Bænhús
Tegund: Heimild
Árið 1487 var bænhús á Þverá sem var fallið, ekki er vitað hvar það stóð nákvæmlega. Líklega hefur það staðið nærri bænum og talið er að gamla bæjarstæðið hafi verið um 220 m norðvestan við núverandi íbúðarhús. Það er á svipuðum slóðum og útihús nr. 2752-83 af túnakortinu hefur staðið. Neðst í þýfðri og grösugri brekku og tún til austurs.[162]

**Sæla:**

**Fornleifanúmer:** 2752-91 Hnit: A518555.3 N593649.4 ISN93
Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Fast við suðurbakka Sæluár um 80 m ofan við Skíðadalsá stendur gömul rétt sem er að hluta hlaðin úr grjóti sem gróið hefur yfir en hefur verið endurbætt og stækkuð með bárujárni sem eru um 0,8 m á hæð. Réttin er byggð upp í hæð til suðurs en til norðurs er árbakki sem er gróinn grasi og lyngi.[163] Réttin er um 22X10 m, hæð grjóthleðsla er 0,7-0,8 m og veggjaþykkt um 1,1 m .

---

[161] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 104.
[162] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 103.
[163] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 72.



Mynd 38. Gömul rétt við sunnan við Sæluá, mynd tekin í vestur.

**Hjaltastaðir:**

**Fornleifanúmer:** 2752-92 Hnit: A518676.5 N593734.7 ISN93
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Hjaltastaða segir: „Kollumelur, sem er kollóttur hóll, er ofar og ofan við hann er Foss. Kappað „upp á Foss." Nokkru ofar er Selhaus og Selkinn. Sjást þar selrústir (Hjaltastaðasel)."[164] Selið er um 80 m norður af Sæluá og 270 m austur af Skíðadalsá skammt fyrir neðan skógræktargirðingu. Tóftin er upp á hól og er töluvert sigin og gróðurfarið á henni nokkuð frábrugðið gróðrinum í nágrenninu. Umfang tóftarinnar var um 11X6 m og var hún tvískipt með misstórum hólfum, ekki sást op á milli þeirra. Útgangur var á suð-vestur enda tóftarinnar. Hæð vegghleðsla var 0,3-0,7 m og breidd um 1,1 m.



Mynd 39. Hjaltastaðasel, mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-93 Hnit: A518743.0 N593923.2 ISN93
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Hjaltastaða segir: „Suður og upp frá Akurhól heitir Stekkur."[165] Í kringum 280 m norður af Sæluá um 55 m fyrir ofan skógræktargirðingu er tóftin. Tóftin er tvískipt um 12X5 m, op er á suðurvegg en ekki sést greinilegt op á milli hólfanna. Hæð hleðsla 0,5-0,8 m

[164] Örnefnaskrá Hjaltastaða, bls. 1.
[165] Örnefnaskrá Hjaltastaða, bls. 1.

og breidd veggja um 1 m. Garðlag liggur svo frá austur veggnum á tóftinni í boga að göngugarðinum Sveitarlang sem liggur skammt neðan við tóftina. Garðlagið var 0,4-0,6 m hátt og 1 m á breidd.



Mynd 40. Stekkur og garður sem liggur í suður frá honum, mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-94 Hnit: A518745.0 N593936.3 ISN93
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Á hólnum þar sem stekkurinn nr. 2752-93 var einnig önnur tóft um 6 m fyrir norðan hann. Tóftin er um 5X5 m með útgang til norðurs. Hæð hleðsla var um 0,3-0,6 m og breidd veggja um 1,1 m.



Mynd 41. Lítil ógreinileg tóft, mynd er tekin í suður.

**Fornleifanúmer:** 2752-95 Hnit: A518622.7 N594105.5 ISN93
Hlutverk: Mógröf
Tegund: Niðurgröftur
Í kringum 110 m norð-austur af sumarhúsinu Akurhól á Hjaltastöðum eru mógrafir. Grafirnar eru mjög óreglulegar í laginu og umfang þeirra um 20X40 m. Þær eru dýpstar í austur enda upp í brekkuna um 1,5 m og grynnstar í vestur um 0,2 m.



Mynd 41. Mógrafir mynd tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-96 Hnit: A518548.3 N594111.6 ISN93
Hlutverk: Gerði
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Hjaltastaða segir: „ Skammt fyrir sunnan túnið heitir Akurhóll. Er talið, að þar hafi akur verið fyrrum, og sjást garðsmót umhverfis. Hefur akurinn verið sunnan í hólnum...“[166] Akurhóllinn er um 40 m norð-austur af sumarhúsinu Akurhól en þetta er stór melhóll. Hóllinn er gróinn grasi og lyngi og töluverð trjárækt er í honum.[167] Erfitt reyndist að mæla upp gerðið þar sem tréin skyggðu á hleðslurnar. Stór steinn var í norð-vestur horni hólsins og var garðurinn nokkuð greinilegur sérstaklega í vestur og austur hluta. Í norður hluta var erfitt að mæla hann upp vegna trjáræktar og einnig í suður hlutanum. Umfang garðsins var um 45X24 m, hæð var 0,4-0,7 m og breidd um 2 m.



Mynd 42. Akurhóll mynd tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-97 Hnit: A518608.7 N594227.7 ISN93
Hlutverk: Gerði
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Hjaltastaða segir: „Á túninu þar getur eigi annarra örnefna en Hesthúsgerðis sunnan við bæinn.“[168] Það er merkt inn á túnakort frá 1917 og er í kringum 170 m norðvestur af sumarhúsinu Akurhól. Tóftin er efst í mjög grösugu túni og er á kafi í grasi.[169] Umfang hennar er um 8X6 m og hæð frá 0,5-1,2 m. Breidd veggja um 1,2 m. Ekki var neitt op sjáanlegt í henni.

[166] Örnefnaskrá Hjaltastaða, bls. 1.
[167] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 75.
[168] Örnefnaskrá Hjaltastaða, bls. 1.
[169] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 75.



Mynd 43. Hesthúsgerði mynd tekin í suður.

**Fornleifanúmer:** 2752-98 Hnit: A518607.7 N594213.5 ISN93
Hlutverk: Garður
Tegund: Tóft
Túngarður er um 150 m norð-austur af sumarhúsinu Akurhól. Garðurinn er um 150 m á lengd hæð um 0,9 m og breidd 1,1-1,5 m. Í kringum 230 m norð-vestan við garðinn er annar bútur af honum um 24 m langur fyrir norðan bæjarlækinn[170] um 40 m fyrir ofan heimreið sem liggur að bæjarlæknum. Sá hluti var um 0,9 m á hæð og breidd um 1,8-2 m.



Mynd 44. Túngarður, mynd er tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-99 Hnit: A518583.2 N594343.9 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 52 m suð-austur af steyptu fjósi sem var sýnilegt á loftmynd frá 2005 en hefur verið fjarlægt á loftmynd frá 2014 á map.is.[171] Ekki sjást neinar leifar af útihúsinu í mjög grösugu túni.

**Fornleifanúmer:** 2752-100 Hnit: A518594.2 N594324.7 ISN93
Hlutverk: Forngripur
Tegund: Heimild

[170] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 76.
[171] Heimild map.is

Í eldri fornleifaskráningar skýrslu er vitnað í skýrslu forngripasafnsins um hring með áletrunni Pétur Jónsson sem fannst þegar tún var sléttað á Hjaltastöðum í Skíðadal. Ekki er vitað hvar í túni hnappurinn fannst.[172]

**Fornleifanúmer:** 2752-101 Hnit: A518535.0 N594395.5 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Bæjarstæðið á Hjaltastöðum hefur verið um 15 m suðvestan við steypt fjós á Hjaltastöðum.[173] Steypta fjósið var sýnilegt á loftmynd frá 2005 en hefur verið fjarlægt á loftmynd frá 2014 á map.is.[174] Ekki sjást neinar leifar í túni nema gróðurfarsbreytingar en mjög hátt gras er á því.

**Fornleifanúmer:** 2752-102 Hnit: A518609.1 N594444.9 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Á túnakortinu voru fjárhús norð-austur af bæjarhúsunum. Það eina sem stendur í dag er suðurveggurinn.[175] Fyrri hlutinn er um 6 m langur hlaðinn veggur um 1,5 m hár og breidd um 1 m. Samfastur honum í austur er svo steyptur veggur um 1 m á hæð og breidd um 0,23 m. Norður við veggin er svo sléttur flötur sem fjárhúsin hafa staðið á.



Mynd 45. Leifar af fjárhúsum, mynd tekin í suð vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-103 Hnit: A518537.6 N594609.2 ISN93
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Í örnefnaskrá Hjaltastaða segir: „ Hjaltastaðagötur liggja út frá bænum; neðan þeirra út við merkin milli Hjaltastaða og Syðra-Hvarfs nefnist Merkismór, en ofan við þær er Yfirmór.[176] Í kringum 165 m norður af steypta fjósinu á Hjaltastöðum sem sést á loftmynd frá 1998 sjást götur. Þær eru mjög greinilegar á um 50 m kafla þar sem þær eru um 3 m breiðar en hverfa svo við túnin til norðurs.

[172] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 76.
[173] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 74.
[174] MAP.IS. Loftmyndir ehf.
[175] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 74.
[176] Örnefnaskrá Hjaltastaða, bls. 1.



Mynd 46. Hjaltastaðagötur, mynd tekin í norð-vestur.

## Hjaltastaðir, Syðra-Hvarf, Skeggsstaðir, Skáldalækur – Hamarskot:

**Fornleifanúmer:** 2752-104 Hnit: A518815.0 N593658.3 ISN93
Hlutverk: Göngugarður
Tegund: Tóftir
Sveitarlangur er göngugarður sem líklega hefur legið um endilangan dalinn.[177] Hann sést víða í dalnum en í þessari skráningu er hann aðeins skráður þar sem hann er innan eða nærri framkvæmdasvæðanna. Hann er víða innan afmarkaðra svæða í austur hluta dalsins og var því ákveðið að hafa hann á einu minjanúmeri þar. Sést hann fyrst á Hjaltastöðum í það minnsta þremur hlutum um 226 m langur, þar var garðurinn um 0,9-1,3 m hár og breidd um 2 m. Hann sést líka á Syðra-Hvarfi alla vega 6 hlutum sem eru samanlagt um 846 m. Hann er einnig á Skeggsstöðum í tveimur hlutum um 191 m. Að lokum sést hann nærri og á framkvæmdasvæði Hamarskots í allavega tveimur hlutum um 285 m en þar er hann um 0,8-0,9 m á hæð og breidd um 1,8-2 m.



Mynd 47. Göngugarðurinn Sveitarlangur, mynd tekinn í norð-vestur á Hjaltastöðum.

## Syðra-Hvarf:

[177] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 84.

**Fornleifanúmer:** 2752-105 Hnit: A518818.3 N594866.0 ISN93
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Sunnan við Skakkahjalla er nafnlaust hlíðarstykki, allt suður að Sellaut. Sunnan og ofan við hana er hólbungan Selhaus. Eftir Sellautinni rennur Gerðamelslækurinn."[178] Sellautin er um 530 suð-austan við bæinn, tóftir eru ofan við mel í hlíðinni sem heitir Sellaut. Tvær tóftir eru í lautinni og er sú syðri fast ofan við göngugarðinn Sveitarlang sem er mjög greinilegur á þessum slóðum. [179] Tóftin er um 8X5 m, er tvískipt og liggur vestur hluti hennar fast upp við göngugarðinn. Útgangur er til austurs í norðurhlutanum en í suðurhlutanum er lítið hólf sem ekki er sjáanlegur útgangur á. Hæð tófta er um 0,7-0,8 m og breidd um 1 m.



Mynd 48. Seltóft, mynd er tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-106 Hnit: A518825.6 N594868.1 ISN93
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Í kringum 3 m í norð-austur frá fyrri tóftinni nr. 2752-105 er önnur minni tóft um 5X4 m og hæð 0,4-0,5 m og breidd 0,8 m og var útgangur til norð-austurs.



Mynd 49. Tóft mynd tekin í suð-austur.

[178] Örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps, bls. 47.
[179] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 84.

**Fornleifanúmer:** 2752-107 Hnit: A518592.4 N595007.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í kringum 270 m suð-austur af íbúðarhúsinu á Syðra-Hvarfi er óþekkt tóft í grasi grónum haga.[180] Tóftin er um 5X6 m að stærð og op í austur. Vestur hliðin á henni virðist vera grafin inn í brekku. Tóftin var mjög ógreinileg og hátt gras í henni og kringum hana. Búið er að gróðursetja tré í henni sem hylja hana enn frekar. Hæð tóftar var um 0,2-0,5 m og breidd veggja um 1 m.



Mynd 50. Tóft mynd tekin í austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-108 Hnit: A518555.1 N595039.3 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Tóft er á Halldórshól[181] um 220 m suð-austan við útíhúsið á Syðra-Hvarfi í grösugum hól. Tóftin er tvískipt og er um 10X8 m, hæð hleðsla 0,2-0,4 m og breidd um 1,3 m. Ekki sést neinn útgangur á henni. Tvö hólf eru á tóftinni, í öðru hólfinu eru tveir stórir steinar sem taka mikið rými. Tóftin er sigin og mjög ógreinileg[182] og erfitt að mæla upp vegna gróðurs.



Mynd 51. Tóft á Halldórshól, mynd tekin í norð-vestur.

[180] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 84.
[181] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 85.
[182] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 85.

**Fornleifanúmer:** 2752-109 Hnit: A518451.2 N595032.5 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Á túnakorti er kálgarður og samkvæmt eldri fornleifaskráningu þá var hann um 180 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á Syðra-Hvarfi í brekku og austan við hann var tún. Var tekið fram þar að einungis væru leifar af norður og vestur hliðum garðsins.[183] Á staðnum var mikið og hátt gras sem var töluvert grænna en gróðurinn í kringum hann. Ekki var þó hægt að finna neinar leifar af hleðslum þrátt fyrir að hafi verið gengið fram og til baka um svæðið.



Mynd 52. Leifar af kálgarði mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-110 Hnit: A518747.8 N595104.9 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Sunnan við hólinn heitir Völlur; það var efsti hluti túnsins fyrrum. Neðan við hann er Stórhúshóll, en ofar á Velli Sauðhúshóll, efri og neðri; Halldórshóll er annað (yngra) nafn á efsta hólnum."[184] Hóllinn er nokkuð ofarlega um 350 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á Syðra-Hvarfi, í eldri fornleifakskráningu er hann sagður grasi vaxinn[185] en í dag er hann nokkuð uppblásinn. Ekki sáust leifar af útihúsi á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-111 Hnit: A518464.1 N595148.0 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft
Skammt austan við yngra íbúðarhúsið á Syðra-Hvarfi sem heitir Lækur samkvæmt þjóðskrá[186] eru leifar af kálgarði. Kálgarðurinn er í brekku um 15 m austan við húsið. Hann er mjög ógreinilegur og eru tré í honum sem skyggja á hann. Garðurinn hefur verið um 14X12 m og hæð hleðsla 0,3 m og breidd 0,35 m. Ekki var hægt að sjá garðinn í suður þar sem tré skyggja á hann þar. Í vestur er hann mjög ógreinilegur ekki, sjást greinilegar hleðslur þar frekar eins og brekkan hafi verið mörkin. Hann er nokkuð greinilegur í norður og svo í austur.

[183] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 85.
[184] Örnefnaskrá Svarfaðardalshepps, bls. 45.
[185] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 82.
[186] Vefuppfletti fasteignarskrár.



Mynd 53. Kálgarður mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-112 Hnit: A518492.7 N595164.4 ISN93
Hlutverk: Smiðja
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá segir: „Ofan gamla bæjar er Smiðjuhóll neðan til við svonefndan Rana ..."[187]
Í kringum 50 m af norðurenda yngra íbúðarhússins á Syðra-Hvarfi sem heitir Lækur eru leifar af smiðjunni. Tóftirnar eru um 9X4 m, hæð hleðsluhæð 0,2-0,3 m og breidd um 0,9 m. Op var á tóftinni til suð-vesturs. Tóftin var mjög ógreinileg bæði vegna mikils gróðurs og svo eru tré og kjarr sem skyggja á hana og erfitt að mæla hana upp eða átta sig á lögun.



Mynd 54. Smiðjutóft varla sýnileg fyrir gróðri, mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-113 Hnit: A518483.8 N595133.7ISN93
Hlutverk: Smiðja
Tegund: Tóft
Það eru tvær tóftir á Smiðjuhól seinni tóftin er um 30 m fyrir sunnan tóft nr. 2752-112 og er á kafi í grasi og mjög ógreinileg. Hluti hennar er niðurgrafinn,[188] tóftin er um 9X5 m og hæð veggja 0,2-0,6 m að innan og breidd veggja um 1 m. Útgangur virðist vera á -suð-vestur enda hennar.

[187] Örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps, bls. 45.
[188] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002,bls. 85.



Mynd 55. Tóft þakinn gróðri, mynd er tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-114 Hnit: A518509.1 N595138.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Ranahús, fjárhústóft er á löngum og mjóum hólarana um 65 m suð-austur af húsinu sem stendur á lóðinni Læk á Syðra-Hvarfi. Tóftin er mjög hruninn og hlaupinn í þúfur einnig er hún á kafi í grasi og því mjög ógreinileg.[189] Stærð tóftarinnar er um 13X8 m og hæð veggja frá 0,6-1,2 m og breidd hleðsla 1,8 m. Tóftin virðist hafa verið tvískipt með vegg sem liggur þvert inn í tóftinni og var töluvert lægri en útveggirnir. Útgangur var á norð-vestur hliðinni á tóftinni.



Mynd 56. Fjárhústóft, mynd er tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-115 Hnit: A518492.9 N595202.0 ISN93
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Niðurgröftur
Skammt norðan við bæjarlækinn í kringum 50 m austan við heimreiðina voru leifar af tveimur mógröfum. Önnur var um 9X6 m og dýpt um 0,3-0,4 m. Seinni mógröfin var 11 m austar og umfang hennar 4X3 m og dýpt 0,3-0,4 m.

[189] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 79.



Mynd 57. Mógrafir mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-116 Hnit: A518463.9 N595219.8 ISN93
Hlutverk: Hlaða
Tegund: Tóft
Í kringum 46 m beint austur af gamla íbúðarhúsinu á Syðra-Hvarfi eru leifar af hlöðu sem var merkt inn á túnakortið frá 1917. Hlaðan er niðurgrafinn 1-2 m með grjóthlöðnum veggjum. Hlaðan er um 12X5 m og breidd veggja 1 m. Samfast hlöðunni voru fjárhús til austurs og sjást slitróttar hleðsluleifar eftir þau.[190] Veggjabútarnir sem sáust af fjárhúsunum voru um 0,4 m á hæð og 0,8 m á breidd.



Mynd 58. Hlaða mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-117 Hnit: A518465.7 N595199.2 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft
Fast suður af hlöðunni voru leifar af kálgarði sem einnig var á túnakortinu frá 1917.[191] Veggjarbútarnir voru um 19 m á lengd og hæð 0,4-0,9 m og breidd um 0,9 m. Garðurinn lá frá hlöðunni suður að bæjarlæk.[192]

[190] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 82.
[191] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 85.
[192] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 85.



Mynd 59. Leifar af kálgarði, mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-118 Hnit: A518513.3 N595225.6 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft
Kálgarður var um 90 m beint austur af eldra íbúðarhúsinu á Syðra-Hvarfi í grasi vöxnum hól. Kálgarðurinn er tvískiptur og er um 15X7 m og hæð hleðsla 0,3-0,4 m og breidd veggja um 0,8 m. Veggirnir voru ógreinilegri til norðurs og suðurs en ástæðan fyrir því er líklega að þeir hlutar lágu þvert í brekkunni og hafa því frekar runnið til.



Mynd 60. Tvískiptur kálgarður, mynd er tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2706-119 Hnit: A518478.2 N595236.0 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m austur af norður enda af eldra íbúðarhúsinu á Syðra-Hvarfi. Þar er nú óræktarblettur en húsið var skammt ofan við útihúsin sem nú standa á Syðra-Hvarfi og var það eyðilagt þegar þau voru byggð.[193]

[193] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 79.

**Fornleifanúmer:** 2752-120 Hnit: A518494.7 N595311.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Út og upp frá bænum eru Efri- og Neðri-Kvíhóll, en Kvíhólamýri utar."[194] Tóft er um 50 m norð-austur af útihúsunum á Syðra-Hvarfi fast sunnan við vegarslóða og lækur rennur við suður hlið hennar. Hún er mjög ógreinileg í háu grasi og erfitt að mæla hana upp þar sem það eru tré í henni. Tóftin er um 5X4,7 m er op á henni í suð-vestur. Það voru helst gróðurfarsbreytingar sem gáfu til kynna hvar leifarnar af tóftinni væru. Hæð tóftar 0,2 m og breidd hleðsla um 1 m.



Mynd 61. Tóft mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-121 Hnit: A518456.4 N595496.5 ISN93
Hlutverk: Gerði
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir:„ Sunnan við tjarnarstæðið stóð einhvern tíma býlið Hvarfskot og Kotsmelar eru þar neðan við."[195] Hluti af býlinu og garðlaginu sem lá utan um túnið þar hefur verið rutt út. Það eru þó enn leifar af vallargarðinum og tóftir í norðvesturhorni hans. Garðurinn er um 220 m norður af útihúsunum á Syðra-Hvarfi hann er þó rofinn af heimreið. [196] Efri hluti garðsins, sem er ofan vegar lendir innan afmarkaðs skógræktarsvæðis. Garðlagið er um 0,3-0,4 m hátt og um 2 m breitt, það er hægt að sjá hann á opnu svæði þar sem hann er um 158 m langur og virðist liggja í tvær áttir svo er einnig garðbútur nokkuð fyrir ofan í brekkunni eða fyrir suð-austan og er hann um 37 m langur líklega hefur hann tengst þessum garði.

[194] Örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps, bls. 45.
[195] Örnefnaskrá Svarðfaðardalshrepps, bls.44.
[196] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 80.



Mynd 62. Gerði mynd tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-122 Hnit: A518699.4 N595553.9 ISN93
Hlutverk: Gildra
Tegund: Steinhleðsla
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Þar sunnan við er er Gildruhólslautin, sem nær niður að Skíðadalsá. Gildruhóllinn er rétt ofan við Sprengibrekkuna og rennur samnefndi lækurinn sunnan til við hólinn.“[197] Í eldri fornleifaskýrslu er tekið fram að engin greinileg ummerki séu á Gildurhól.[198] Þar var þó steinhleðsla sem líktist vörðu fremur en gildru. Steinhleðslan var um 1,2X1,2 m og hæð 0,9 m. Hleðslan er um 370 m í norð-austur frá útihúsunum á Syðri-Hvarfi eða um 290 m austan við heimreiðina.



Mynd 63. Steinhleðsla á Gildruhól, mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-123 Hnit: A518759.5 N595558.1 ISN93
Hlutverk: Gerði
Tegund: Steinhleðsla
Í kringum 55 m beint austur af steinhleðslunni á Gildruhól nr. 2752-122 er hlaðið gerði. Það snýr á móti suðri og er í berum melhól og aðeins stendur eftir einföld steinaröð.[199] Gerðið er um 10X6 m og hæð hleðsla um 0,1-0,4 m og breidd 0,6 m. Ekki var neinn sjáanlegur útgangur og voru steinarnir farnir að leka niður úr hleðslunni.

[197] Örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps, bls. 45.
[198] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 84.
[199] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 86.



Mynd 64. Grjóthlaðið gerði mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-124 Hnit: A518763.8 N595565.4 ISN93
Hlutverk: Varða
Tegund: Steinhleðsla
Í kringum 2 m norður af steinhlaðna gerðinu nr. 2752-123 var steinhleðsla. Þetta hefur líklega verið einhverskonar varða sem var um 1X1 m og 0,7 m á hæð og stendur langur steinn upp úr.



Mynd 65. Varða mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-125 Hnit: A518326.5 N595646.1 ISN93
Hlutverk: Varða
Tegund: Steinhleðsla
Í kringum 430 m norð-vestur af eldra íbúðarhúsinu á Syðra-Hvarfi um 90 m vestan (neðan) við heimreiðina er varða. Varðan er stór og mikil um 2X2 m og hæð 1,6 m.



Mynd 66. Varða, mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-126 Hnit: A518331.6 N595673.7 ISN93
Hlutverk: Sundlaug
Tegund: Heimild
Í eldri fornleifaskráningu segir frá heimildarmanni sem man eftir sundpolli á Sprengihól þar sem vegarslóðinn beygir hjá vörðu nr. 2752-125. Pollurinn hafi þó verið eyðilagður við vegargerð nú er aðeins grasi gróinn melur. [200]

**Mynd Fornleifanúmer:** 2752-127 Hnit: A518579.0 N595959.9 ISN93
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Við norðurmerkin ofan Græntóarhæðar eru hólar tveir, er heita Ytri- og Syðri-Stekkjarhóll; er aðeins hinn síðarnefndi í landi Syðra-Hvarfs. Græntóarlækur rennur milli hólanna. Þar heitir Stekkjarmelur ofan við hallið, en Stekkjarmóar sunnan melsins."[201]
Stekkjarhóll er um 180 m ofan við heimreiðina að Syðra-Hvarfi eða 140 m austan við sumarhús sem er á lóð kölluð Syðra-Hvarf lóð l nr. 151977.[202] Á hólnum er stekkjartóft og svo garðlag umhverfis tóftina. Tóftin og garðlagið er í þýfðri aflíðandi fjallhlíð og lyngi vaxinni. Í eldri fornleifaskráningu er tekið fram að tóftin virðist yngri en garðurinn og hugsanlegt sé a stekkurinn hafi verið byggður á eldri leifum jafnvel eyðibýlis.[203] Tóftin er tvískipt með innra hólfi, umfang hennar er um 14X8 m með útgang til suðurs. Hæð veggja hleðsla var 0,8-1,5 m og breidd hleðsla 1,2 m en veggir voru nokkuð útflattir og því erfitt meta þykkt þeirra. Frá innganginum að tóftinni liggur svo garðlag að stórum steini. Garðurinn í kringum tóftina er 56X70 m og hæð garðs 0,6-1 m. Þykkt veggja um 1 m en víða hafði hann hlaupið í þúfur.


Mynd 67. Stekkur og garðlag í kring, mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-128 Hnit: A518722.1 N595940.9 ISN93
Hlutverk: Smalabyrgi
Tegund: Heimild
Í eldri fornleifaskráningu er sagt frá smalabyrgi sem er um 130 m austan við garðinn í kringum stekkinn og var byggt upp við kletta að austan og hafi verið um 2,2X2 m.[204]

[200] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 85.
[201] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 45.
[202] Vefsjá landeigna.
[203] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 83.
[204] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 86.

Ekki sáust neinar leifar af þessu byrgi á staðnum eða í nágrenninu. Það var þó á milli stóra steina nokkuð sléttur flötur sem líklega hefur verið gott skjól en engar steinahleðslur sáust þar, aðeins mosi. Flöturinn var uppmældur og var um 2,8X2,6 m.

**Ytra-Hvarf:**

**Fornleifanúmer:** 2752-129 Hnit: A518322.6 N596844.5 ISN93
Hlutverk: Akur
Tegund: Heimild
Í eldri fornleifaskráningu segir frá upplýsingum úr fornleifaskýrslu frá 1818 um heimildir um girðingar í kringum akra þar sem Skíðaladur sker sig frá Svarfaðardal. Hvarf er hæðarsvæði syðst í landi Ytra-Hvarfs en Syðra-Hvarf er á sjálfu Hvarfinu. Þar eru nokkrar hæðir en ekki eru þekktar neinar akurgirðingar ef til vill voru þær í landi Syðra-Hvarfs. Á Hvarfinu er nú sumarhúsabyggð og einnig skógrækt, svæðið er nokkuð grýtt en líka þýft og lyngivaxið.[205]

**Fornleifanúmer:** 2752-130 Hnit: A518373.6 N597442.3 ISN93
Hlutverk: Mógröf
Tegund: Niðurgröftur
Í eldri fornleifaskráningu segir frá svarðargröfum neðan við gamla bæinn.[206] Mógrafirnar eru fyrir neðan veg aðeins fyrir suð-vestan þar sem heimreið frá Hjaltastöðum og Syðra-Hvarfi kemur inn á Skíðadalsveginn. Grafirnar er mjög stórar um 30X30 m og dýpt þeirra 0,8-0,9 m.



Mynd 68. Mógrafir, mynd tekin í vestur.

**Tungufell:**

**Fornleifanúmer:** 2752-131 Hnit: A517842.5 N597623.3 ISN93
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Tóft
Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Krakustader og Tungu kot kallast nú tvö forn eyðiból hjer í landinu út frá jörðunni, og eru á þeim báðum sýnileg byggingamerki tófta og girðínga leifa. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Túnin eru og mestan part uppblásin."[207] Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „...Krákustaðir og Tungukot, eða Ytra-Tungukot (Tungugerði, og síðast Ytrakot). Hér mun um að ræða þann

[205] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 92.
[206] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 95.
[207] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 76.

stað, sem um getur í Svarfdælu, en þar var háð hestaþing. Á Ytrakoti stóð þinghús hreppsins allt fram undir aldamótin 1900. Þar er töluverður túnblettur, og leifar sjást þar af vallargarði umhverfs.“ [208]
Samkvæmt eldri fornleifaskráningu þá var skilti norðan við þjóðveginn sem benti í átt að þinghússtæðinu um 150 m norðan við þjóðveginn og um 70 m suðvestan við staðinn var malarnáma. Einu leifarnar af býlinu voru um 15 m bútur af garði sem lá í átt að Skíðadalsá.[209]
Garðbúturinn er um 315 m norðan við þjóðveginn um 400 m vestur af Skíðadalsá og er um 18 m langur, hæð 0,6-0,7 m og breidd um 1,4m.



Mynd 69. Bútur af garðlagi, mynd er tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-132 Hnit: A517974.0 N597010.8 ISN93
Hlutverk: Verslunarstaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Kaupskapshvammur heitir stór og skeifumyndaður grashvammur í Tungusporðinum við Skíðadalsá, aðeins utar en Tunguréttin. Þar halda menn að verið hafi verslunarstaður til forna, meðan Svarfaðardalsá var fær hafskipum þangað inn eftir (?). Í Svarfdælu er talið að smíðað hafi verið skip í Tungunni, „og var þar höggvinn viðurinn, því að þar var skógur mikill og þykkur“. Annars staðar í sögunni er að vísu sagt, að skipið hafi verið flutt til sjávar á ísnum.“[210] Kristján Eldjárn sagði hvamminn vera sunnan við réttina í greinagerð og athugasemdum við örnefnaskrá, engar mannvistarleifar sjást á staðnum.[211]

**Skeggsstaðir:**

**Fornleifanúmer:** 2752-133 Hnit: A519583.1 N599396.3 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Bærinn sem stendur nú á Skeggjastöðum var byggður úr gömlum torfbæ. Eldhúsið í íbúðarhúsinu er á sama stað og gamla eldhús bæjarins en torfið hefur verið fjarlægt. Húsin sem standa í dag voru byggð í áföngum 1940-1950.[212]

---

[208] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 81.
[209] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 77.
[210] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 81-82.
[211] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 77.
[212] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 112.


Mynd 70. Bæjarhúsin á Skeggsstöðum mynd tekin í austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-134 Hnit: A519569.5 N599377.0 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast sunnan við íbúðarhúsið á Skeggsstöðum, nú er þar trjáreitur og lóð. Ekki sáust neinar leifar af kálgarði.

**Fornleifanúmer:** 2752-135 Hnit: A519573.1 N599338.3 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft
Á túnakortinu var líka annar kálgarður og voru leifar af honum um 60 m suður af núverandi bæjarhúsum. Garðurinn er nokkuð raskaður af trjárækt og mældist hann um 12X8 m hæð hleðsla var 0,3-0,6 m og breidd um 0,6 m. Norð-austur hornið á honum var rofið og í vestur hliðinni voru tré svo ekki var hægt að sjá hvort einhverjar hleðslu leifar væru þar.


Mynd 71. Kálgarður, mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-136 Hnit: A519564.7 N599404.3 ISN93
Hlutverk: Hlaða
Tegund: Timburhús
Á túnakortinu var hlaða vestur af bæjarstæðinu og um 17 m af núverandi íbúðarhúsi, stendur hlaðan enn í dag og hefur því staðið um 120 ár.[213] Hlaðan er um 11X6 m og hæð í kringum 1,85-2,9 m en eins og sést á ljósmyndinni þá er hluti af hlöðunni með stafni en viðbygging er við hlöðuna sem er ekki með stafni á.

[213] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 112.



Mynd 72. Hlaða mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-137 Hnit: A519636.8 N599458.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti þá var útihús skammt norð-austan við bæjarstæðið. Húsið var rifið þegar sumarbústaður var byggður á svipuðum slóðum en bústaðurinn hafði verið fjarlægður þegar fornleifaskráningin var gerð um 2002.[214] Núna standa húsin á lóðinni á Ausu á sömu slóðum og grunnurinn var af fyrra sumarhúsi.

**Fornleifanúmer:** 2752-138 Hnit: A519669.2 N599458.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús í kringum 20 m í austur af sumarhúsinu á lóðinni Ausu, engar leifar sjást í grónu túni.

**Fornleifanúmer:** 2752-139 Hnit: A519599.3 N599411.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í kringum 8 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Skeggsstöðum er tóft sem virkar mjög nýleg að sjá. Tóftin er um 5X5 m og hæð hleðslu hæð 0,9-1 m og breidd um 1 m og er op á henni í vestur.



Mynd 73. Nýleg tóft, mynd tekin í austur.

[214] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 112.

**Mynd Fornleifanúmer:** 2752-140 Hnit: A519656.5 N599430.7 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús í kringum 60 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Skeggstöðum. Í eldri fornleifaskráningu er nefnt að þar séu nú steypu leifar og af ummerkjum er líklegt að tóftarleifar hafi verið þarna áður.[215] Á staðnum var mikill gróður og aðeins hægt að greina smá dæld á staðnum um 0,25-0,3 m djúpa og í austur hluta á dældinni voru steypu leifar.

**Vellir:**

**Fornleifanúmer:** 2752-141 Hnit: A520804.6 N602620.7 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Timburhús
Íbúðarhúsið á Völlum var byggt 1902 samkvæmt þjóðskrá[216] og uppgert árið 2000 og þá byggð viðbygging austan við. Húsið er því sama hús og sem er á túnakortinu frá 1917. Ekki hafa fundist neinar aðrar heimildir sem benda til að áður hafi bærinn staðið annarsstaðar.[217]

**Fornleifanúmer:** 2752-142 Hnit: A520800.1 N602599.8 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakortinu frá 1917 var kálgarður fast sunnan við íbúðarhúsið. Þar er nú garður með trjám og svo heimreið. Ekki sjást neinar leifar af kálgarði.

**Fornleifanúmer:** 2752-143 Hnit: A520832.3 N602604.6 ISN93
Hlutverk: útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti voru útihús um 20 m austur af íbúðarhúsinu. Nú stendur þar steinsteypt fjós.[218]

**Fornleifanúmer:** 2752-144 Hnit: A520829.4 N602635.5 ISN93
Hlutverk: útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús um norð-vestan við núverandi íbúðarhús. Í eldri fornleifaskráningu segir að útihúsið sé þar sem nú sé viðbygging við íbúðarhúsið. Þegar grafið hafi verið fyrir viðbyggingunni þá hafi verið komið niður á hleðsluleifar undir byggingu. Útihúsið hafi líka náð lengra til suð-austurs en viðbyggingin.[219]

**Fornleifanúmer:** 2752-145 Hnit: A520804.5 N602656.8 ISN93
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Grindverk

[215] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 113.
[216] Vefuppfletti fasteignarskrár.
[217] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 139.
[218] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 143.
[219] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 140.

Kirkjan á Völlum var byggð 1861 og stendur á sama stað og á túnakortinu frá 1917.[220] Kirkjugarðurinn umhverfis hana er um 33X25 m það vantar grindverk á á vestur hlutann og hluta af suður og norður. Kirkjugarðurinn var sléttaður um miðja 20. öld.[221]



Mynd 74. Kirkja og kirkjugarður á Völlum, mynd er tekin í  austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-146 Hnit: A520779.9 N602722.7ISN93
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Grindverk
Nýr kirkjugarður var tekinn í notkun þegar rými í kirkjugarðinum umhverfis kirkjuna voru uppurin. Garðurinn er teiknaður inn á túnakort frá 1917 og eru elstu leiðin í garðinum frá 1915. Kirkjugarðurinn er afgirtur með steyptum stólpum og víggirðingu á milli.[222] Kirkjugarðurinn er um 25 m norðar heldur en sá eldri og er stærð hans um 53X32 m.



Mynd 75. Nýrri kirkjugarðurinn á Völlum, mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-147 Hnit: A520880.3 N602678.0 ISN93
Hlutverk: Lögrétta
Tegund: Tóft
Í örnefnalýsingu segir: „Nyrzt í túninu neðan við Hóladagsláttu er Hánefsstaðasláttur og suður af honum Lögrétta. Þar sjást veggjaleifar, og eru þær rústir friðaðar.“[223] Kristian Kaalund ritar einnig um staðinn 1877: „Á Völlum er lágur hóll með stórri ferhyrndri tóft, sem

[220] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 139.
[221] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 139.
[222] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 139.
[223] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 13.

nefnist lögrétta."[224] Staðurinn er friðlýstur árið 1930 sem Lögrjetta, stór ferhyrnd tóft á lágum bala."[225]
Tóftin er um 63 m í norð-austur frá kirkjuhorni á kirkjunni á Völlum á þýfðri grasflöt. Tóftin er um 18X10 m og veggir um 0,4-0,5 m á hæð, breidd veggja er um 1,3 m en tóftin er orðin nokkuð útflött og mjög hár og mikill gróður á staðnum sem gerði uppmælingu erfiðari fyrir.


Mynd 76. Tóft af lögréttu, mynd tekin í suð-vestur.

**Hánefsstaðir:**

**Fornleifanúmer:** 2752-148 Hnit: A520569.7 N603434.2 ISN93
Hlutverk: Rista
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „ Sunnan við þetta mýrarsund er stór og ber melur, ýmist kallaður Torfumelur eða Stekkjarmelur og eru bæði nöfnin réttnefni. Á þessum mel var þurrkað torf, sem rist var í mýrunum fyrir utan og sunnan."[226] Staðurinn er um 180 m í norð-vestur frá afleggjaranum að Hánefsstöðum í miðjum skógarreit. Á loftmynd frá 1998 á map.is[227] má sjá nokkuð bert svæði þarna á milli trjáa en núna hefur skógurinn vaxið yfir svæðið.

**Fornleifanúmer:** 2752-149 Hnit: A520560.2 N603312.5 ISN93
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá segir: „ Sunnan við þetta mýrarsund er stór og ber melur, ýmist kallaður Torfumelur eða Stekkjarmelur og eru bæði nöfnin réttnefni...Þar er lítill hvammur og í honum mjög gamalt tóftarbrot, og heitir þar Stekkjarhvammur og tóftirnar Stekkur.“[228]
Í miðjum skógarreitnum fyrir neðan Hánefsstaði er Stekkjarmelur neðst.[229] Stekkurinn er um 14X10 m og er hann tvískiptur þar sem stærra hólfið er með op í norður en minna hólfið í suður hlutanum var ekki með op. Hæð hleðsla var um 0,5-0,6 m og breidd veggja um 1,3 m. Ekki var hægt að mæla tóftina að fullu vegna mikils gróðurs og í suð-vestur hlutanum var stórt grenitré sem var inn í tóftinni og skyggði algjörlega á hana í þeim hluta.

[224] P.E. Kristian Kålund, 1986, bls. 76.
[225] Skrá um friðlýstar fornleifar, bls. 34.
[226] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 11.
[227] MAP.IS. Loftmyndir ehf.
[228] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 11.
[229] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 148.



Mynd 77. Tóft af stekknum, mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-150 Hnit: A520515.6 N603270.6 ISN93
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Liggur áin þarna nærri börðunum þar sem heitir Ferjubakki, og um þetta bil er brot í ánni, sem heitir Hánefsstaðavað."[230] Vaðið hefur verið fyrir neðan skógarreitinn í kringum 50 m fyrir sunnan við göngubrúna yfir Svarfaðardalsá.

**Mynd Fornleifanúmer:** 2752-151 Hnit: A520524.9 N603231.2 ISN93
Hlutverk: Ferja
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Liggur áin þarna nærri börðunum þar sem heitir Ferjubakki, og um þetta bil er brot í ánni, sem heitir Hánefsstaðavað."[231] Sunnarlega í trjáreitnum við Svarfaðardalsá er mjór grasbakki milli trjáreits og ár og þar er Ferjubakki.[232] Hann er um 90 m fyrir sunnan við steyptu brúnna yfir Svarfaðardalsá.

**Skáldalækur:**

**Fornleifanúmer:** 2752-152 Hnit: A521634.5 N605865.9 ISN93
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „ Þaðan liggja svo norðurmörk jarðarinnar niður að Svarfaðardalsá rétt norðan túnsins, yfir Skipalág og akbrautina., Hrísaveg, í Hestnes (Hestanes) við ána. Heiman við Skipalág er Djúpalaut, rétt ofan við veginn.“[233] Skipalágin er á landarmerkjunum við Hrísa skammt fyrir ofan þjóðveginn. Það eru enginn ummerki um lágina lengur en miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á þessum slóðum. [234]

[230] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 11.
[231] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 11.
[232] Elín, 2002, bls. 149.
[233] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 6.
[234] Elín, 2003, bls. 75.

**Fornleifanúmer:** 2752-153 Hnit: A521730.1 N605677.1 ISN93
Hlutverk: Landamerkjagarður
Tegund: Tóft
Landamerkjagarður er á milli Skáldalækjar og Hrísa upphaflega var hann eftir öllum merkjunum en er nú víðast horfinn eða óskýr.[235] Hann sést um á allavega 3 stöðum samtals um 219 m fyrir ofan þjóðveg. Garðurinn er um 0,1-0,3 m á hæð og breidd um 0,6 m.



Mynd 78. Landamerkjagarður milli Skáldalækjar og Hrísa, mynd tekin suð-austur.

**Hamarskot:**

**Fornleifanúmer:** 2752-154 Hnit: A522202.2 N605308.4 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Utan við gamla Hamars-túnið voru fyrrum tvö býli, Hamarskot og Grjótgarður. Lægð í framhaldi af Grófinni er á milli heimatúnsins og Hamarskotstúns, en búið er fyrir löngu að rækta þetta saman. Á Grjótgarði var búið fram undir 1930 og jafnan kallað í Hamarskoti, eftir að hitt býlið lagðist í eyði.“[236] Í Byggðum Eyjafjarðar 1990 segir: „Síðustu árin voru kotin raunar tvö og hét hitt Steinholt. Eftir að kotin fóru úr byggð fór jörðin undir Hamarsland sem nú er í eigu Svarfaðardalshrepps.“[237] Hamarskot hefur verið um 750 m sunnan við þjóðveginn til Dalvíkur og um 1 km austan við Skíðadalsveg. Á þessum stað er nú grasi gróin hæð og enginn ummerki um bæinn á staðnum.[238]

**Fornleifanúmer:** 2752-155 Hnit: A522191.7 N605306.2 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Fast vestan við bæjarstæðið á Hamarskoti var kálgarður, enginn ummerki eru um hann frekar en bæinn á gróinni hæð.

[235] Elín, 2003, bls. 77.
[236] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 4.
[237] Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 257.
[238] Elín, 2003, bls. 83.

**Fornleifanúmer:** 2752-156 Hnit: A522192.1 N605353.4 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Utan við gamla Hamars-túnið voru fyrrum tvö býli, Hamarskot og Grjótgarður. Lægð í framhaldi af Grófinni er á milli heimatúnsins og Hamarskotstún, en búið er fyrir löngu að rækta þetta saman. Á Grjótgarði var búið fram undir 1930 og jafnan kallað í Hamarskoti, eftir að hitt býlið lagðist í eyði.“[239] Í kringum 90 m suður af sumarhúsinu á lóðinni Hamri lóð B6 eru tóftir. Tóftirnar eru um 15X12 m, hæð veggja um 0,4-1 m. Það virðist hafa verið allavega 5 rými og þrír inngangar í austur. Í norð-vestur var mikið rask og ekki hægt að sjá hvort eitthvað hafi verið þar. Mikill gróður var á rúst eins og má sjá á myndinni og því erfitt að átta sig á eðli og umfangi rústanna.



Mynd 79. Tóftir af býlinu Grjótgörðum, mynd tekin í norð-austur

**Fornleifanúmer:** 2752-157 Hnit: A522149.8 N605374.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús um 40 m norð-vestur af tóftinni af Grjótgarði eða 30 m sunnan við vegarslóða sem liggur að hitaveitu Dalvíkur, engar leifar eru sjáanlegar.

**Fornleifanúmer:** 2752-158 Hnit: A522187.4 N605452.9 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús á þeim slóðum sem nú er sumarhús á lóðinni Hamar lóð B6. Enginn ummerki eru um eldra hús á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-159 Hnit: A522111.2 N605302.1 ISN93
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Tóft
Í kringum 130 m austur af hitaveitu Dalvíkur og vestan við Hamarskot er garðlag sem liggur beggja vegna við vegarslóða sem liggur að hitaveitunni. Hann afmarkaði tún sem núna er komið í órækt.[240] Garðlagið er rofið á nokkrum stöðum en virðist svo beygja í austur og halda áfram að sumarhúsi á lóðinni Hamri B4 og fjarar þar út. Í suður liggur hann upp að

[239] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 4.
[240] Elín, 2003, bls. 84.

göngugarðinum Sveitarlangi.[241] Garðurinn var um 0,9 m á hæð og breidd 2,4 m, það er sýnilegt á um 368 m kafla.



Mynd 80. Túngarður mynd tekin í suður.

**Hamar:**

**Fornleifanúmer:** 2752-160 Hnit: A522331.9 N605258.7 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Þar sem Hamarsbærinn stóð áður stendur nú steinsteypt íbúðarhús á tveimur hæðum án kjallara. Allt til ársins 1953 stóð frambær gamla bæjarins en hann náði lengra til vesturs en íbúðarhúsið gerir nú. Húsin eru nú notuð sem sumarhús.[242]

**Fornleifanúmer:** 2752-161 Hnit: A522331.9 N605246.9 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast sunnan við núverandi bæjarstæði. Enginn ummerki um hann er á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-162 Hnit: A522344.8 N605236.7 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús fast við suð-austur enda á núverandi íbúðarhúsi á Hamri. Engin ummerki um það eru á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-163 Hnit: A522317.3 N605294.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús um 25 m norð-vestur af núverandi íbúðarhúsi á Hamri. Engin ummerki eru um húsið á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-164 Hnit: A522371.2 N605198.3 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild

[241] Elín, 2003, bls. 84.
[242] Elín, 2003, bls. 78.

Í kringum 47 m suð-austur af núverandi útihúsi á Hamri. Engin ummerki um húsið er á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-165 Hnit: A522466.9 N605264.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús þar sem nú stendur sumarhús[243] á lóðinni Grásteini[244] um 110 m austur af íbúðarhúsinu á Hamri.

**Fornleifanúmer:** 2752-166 Hnit: A522460.4 N605236.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var annað útihús einnig á lóðinni Grásteini[245] um 20 m sunnan við sumarhúsið sem stendur á lóðinni. Enginn ummerki um það er á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-167 Hnit: A522326.7 N605209.1 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft
Kálgarður var um 40 m sunnan við íbúðarhúsið á Hamri, fast sunnan við túngarðinn. Kálgarðurinn var jafnframt teiknaður inn á túnakortið og er norður hlið hans hluti af stærra garðlagi. Umfang kálgarðsins var um 24X10 m og hæð hleðsla 0,5-0,8 m og breidd um 1,1 m. Hann var tvískiptur þar sem vestur hluti af honum var töluvert dýpri gæti verið eftir seinni tíma notkun. Í eystra hólfinu var útgangur á honum í suður.



Mynd 81. Tvískipur kálgarður, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 2752-168 Hnit: A522497.0 N605369.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt eldri fornleifaskráningu voru heimildir um tóftir þar sem nú er sumarhús[246] á lóðinni Hamarskoti 2.[247]

[243] Elín, 2003, bls. 79.
[244] Vefsjá landeigna.
[245] Vefsjá landeigna.
[246] Elín, 2003, bls. 79.
[247] Vefsjá landeigna.

**Fornleifanúmer:** 2752-169 Hnit: A522396.7 N605402.2 ISN93
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá segir: „Neðst í túninu á Hamri hét áður Höllukot, og þar voru greinilegar húsatóftir áður en þar var brotið til ræktunar.“[248] Staðsetning býlsins er ekki þekkt en neðsti hlutinn á túninu var nefndur skottið.[249] Staðurinn er um 20 austan við heimreið eða um 140 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Hamri.

**Fornleifanúmer:** 2752-170 Hnit: A522687.2 N605382.1 ISN93
Hlutverk: Legstaður
Tegund: Heimild
Í eldri fornleifaskráningu er sagt frá hóli sem sem kallaður var Beinhóll eða Beinir og gæti hugsanlega verið heimild um legstað.[250] Umræddur hóll er á suðurhluta lóðar sem heitir Hamar lóð 1, um 40 m norð-vestur af sumarhúsinu á lóðinni Hamarskoti, hóllinn er hulinn trjágróðri.

**Fornleifanúmer:** 2752-171 Hnit: A522315.5 N605220.6 ISN93
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Tóft
Í kringum 40 m sunnan við íbúðarhúsið á Hamri er túngarður sem liggur austur-vestur. Garðurinn er rofinn á allavega tveimur stöðum en er um 112 m á lengd, hæð hleðsla er um 0,6-0,7 m og breidd 1,2 m, hann stækkar svo aðeins í vestur. Það sjást leifar af fleiri görðum norð-vestan þar sem túngarðurinn endar, til að mynda á lóðinni Grásteini, Hamar lóð 6 og Hamar lóð 7, líklega hafa þeir tengst allir. Samanlagt mynda þeir um 735 m löng garðlög. Það er þó orðið erfitt að átta sig á eðli og umfangi þessara garða vegna trjáræktar og framkvæmda við sumarhúsbyggðar á svæðinu.



Mynd 82. Túngarður, mynd tekin í vestur.

## Hrísar:

**Fornleifanúmer:** 2752-172 Hnit: A522710.3 N605444.4 ISN93
Hlutverk: Vallargarður
Tegund: Tóft

[248] Örnefni í Svarfaðardalshreppi, bls. 4.
[249] Elín, 2003, bls. 79.
[250] Elín, 2003, bls. 81.

Á landarmerkjum Hrísa og Hamars við lóðina Hamar lóð 1 eru leifar af fornlegum vallargarði sem liggur að litlu leyti inn á Hamri en að stærstum hluta innan lands Hrísa. Garðurinn var um 0,8-0,9 m á hæð og breidd 1,9 m. Tré eru farinn að skyggja að einhverju leyti á þann hluta sem er innan lands Hamars, eins hefur hann verið raskaður af framkvæmdum vegna sumarhúsbyggðar. Það var aðeins skoðaður sá hluti sem var næst framkvæmdasvæðinu sem var um 138 m langur.



Mynd nr. 83 Vallargarður, mynd tekin í norð-austur.

**Atlastaðir:**

**Fornleifanúmer:** 2752-173 Hnit: A501815.8 N592295.6 ISN93
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Af hlaðinu blasir við Heljardalsheiðin, sem var alfaravegur á milli Svarfaðardals og Kolbeinsdals í Skagafirði. Eru um 16 km frá Atlastöðum að Skriðulandi, en upp að rótum heiðarinnar eru 4 km frá Atlastaðabæ."[251] Leiðin er grýttur slóði sem liggur inn Svarfaðardal og heldur áfram upp úr dalnum á Heljardalsheiði.[252] Slóðinn er fær jeppum og öðrum torfærutækjum og því ekki ummerki um eldri slóða nema vörður á leiðinni. Heljardalsheiði nær mest í um 900 hæð yfir sjávarmáli og er á mörkum Skagafjarðar og Eyjafjarðar.[253]

**Fornleifanúmer:** 2752-174 Hnit: A501842.2 N592279.4 ISN93
Hlutverk: Varða
Tegund: Steinhleðsla
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Er þá aðeins eftir Stóravörðubrekka, sem er löng og endar við Stóruvörðu, er stendur á mörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu, Svarfaðardals og Kolbeinsdalsafréttar."[254]
Varðan er um 47 m suð-austur frá sæluhúsi á Heljardalsheiði skammt sunnan við vegarslóðann. Varðan er um um 2,8X3 m og 2,2 m á hæð, hún er hlaðin smáu grjóti.

[251] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 97.
[252] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 32.
[253] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 32.
[254] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 100.


Mynd 84. Stóravarða á Heljardalsheiði, mynd tekin í norð-vestur.

**Skeið:**

Fornleifanúmer: 2750-175 Hnit: A510684.7 N595395.9 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakortinu var útihús þar sem í dag stendur steypt fjárhús og hlaða og engar leifar af eldri byggingu því sjáanlegar.[255]

**Fornleifanúmer:** 2752-176 Hnit: A510719.8 N595387.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús þar sem nú er grasflöt á milli steyptra fjárhúsa og hlöðu og svo geymslu. Engar leifar af húsinu sjást á staðnum. [256]

**Fornleifanúmer:** 2752-177 Hnit: A510750.2 N595379.1 ISN93
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakortinu voru fjárhús á svipuðum slóðum og steinsteypt geymsla.[257] Jafnvel aðeins austan við hana en engar leifar sjást á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-178 Hnit: A510678.8 N595426.9 ISN93
Hlutverk: Hestasteinn
Tegund: Steinn
Á lóðinni austan við íbúðarhúsið stendur nú hestasteinn sem líklega hefur verið fluttur frá gamla bæjarstæðinu. Á steininum er áleturun sem virðist vera "S J I 1818".[258] Hæð steinsins er um 0,9 m og er hann um 0,34X0,34 m.

[255] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 50.
[256] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 50.
[257] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 50.
[258] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 54.



Mynd 85. Hestasteinn með áletrun á, mynd tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-179 Hnit: A510646.2 N595467.2 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í eldri fornleifaskráningu er sagt frá því að hóllinn sem bærinn standi á héti Kofahóll. Húsið á Skeiði stendur á stórri náttúrulegri hæð og framan við íbúðarhúsið er laut.[259] Í lautinni er tóft um 45 m norð-vestur af íbúðarhúsinu. Tóftin virðist vera inngrafinn í brekkuna og er um 4,5X3,8 m, hæð 0,3-0,8 m og breidd veggja um 0,8 m útgangur er á henni til norðurs.



Mynd 86. Mynd tekin í norð-vestur.

**Urðir:**

**Fornleifanúmer:** 2752-180 Hnit: A513967.3 N596283.6 ISN93
Hlutverk: Hestasteinn
Tegund: Steinn
Skammt norðan við íbúðarhúsið á Urðum eru tveir hestasteinar. Í fornleifaskráningunni frá 2000 er minnst á að það hafi þurft að fjarlægja annan þeirra þar sem hann lenti í norðvesturhorni steypta hússins.[260] Fyrri steinninn er um 4,5 m norð-vestur af íbúðarhúsinu. Steininn er í kringum 0,7 m á hæð og um 0,25 m á breidd og er hringur í honum.[261]

[259] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 54.
[260] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 169.
[261] Hákon, 2020, bls. 4.



Mynd 87. Hestasteinn norð-vestur af húsinu á Urðum, mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-181 Hnit: A513990.6 N596289.3 ISN93
Hlutverk: Hestasteinn
Tegund: Steinn
Hinn hestasteinninn er í um 5 m norð-austur af íbúðarhúsinu. Hæðin á steininum er um 1 m og breidd um 0,34 m það er einnig hringur í honum.[262]



Mynd 88. Hestasteinn norð-austur af íbúðarhúsinu, mynd tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-182 Hnit: A513980.5 N596306.2 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Um þar síðustu aldamót stóð gamalt torfhús og síðar timburhús skammt ofan við þar sem núverandi íbúðarhús stendur, það var rifið 1997.[263] Samkvæmt túnakorti og upplýsingum frá heimildarmanni[264] þá var gamla bæjarstæðið í kringum 10 m fyrir ofan nýja bæinn. Ekki sjást nein ummerki um eldri byggingar á grasflöt.[265]

**Fornleifanúmer:** 2752-183 Hnit: A514053.1 N596256.1 ISN93
Hlutverk: Útihús

[262] Hákon, 2020, bls. 5.
[263] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 165
[264] Einar Hafliðason, munnleg heimild
[265] Hákon, 2020, bls. 5.

Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakortinu á Urðum voru útihús á svipuðum slóðum þar sem núverandi útihús og heimreiðin eru. Engin ummerki um þau  sást á staðnum og ekki eru miklar líkur á að einhverjar leifar séu eftir af þeim vegna framkvæmda.[266]

**Fornleifanúmer:** 2752-184 Hnit: A514123.3 N596334.8 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 55 m austur af kirkjugarðinum. Húsið er löngu horfið hefur líklega lent undir þjóðveginum. [267]

**Fornleifanúmer:** 2752-185 Hnit: A513980.8 N596344.0 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður í kringum 50 m í norður af núverandi íbúðarhúsi. Ekki sjást neinar leifar af honum við og ofan við veg hefur líklega náð af því svæði sem nýi kirkjugarðurinn er.

**Fornleifanúmer:** 2752-186 Hnit: A514046.6 N596309.6 ISN93
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Grindverk
Kirkjan sem stendur í dag og stendur vestan við kirkjugarðinn var byggð 1902. Í upphafi stóð kirkjan í miðjum kirkjugarðinum en hún fauk um aldarmótin 1900. Eftir það var kirkjan færð til vesturs þar sem hún stendur enn í dag. Kirkjugarðurinn er  afgirtur með tré- og vírgirðingu. Í kringum 1985 var kirkjugarðurinn sléttaður og girtur af en fram að því hann hafði hann verið lítið girtur. Þegar hornstólpar girðingarinnar voru steyptir komu menn niður á bein og því líklega hefur garðurinn náð lengra til austurs. Síðast var grafið í garðinum 1942 en eftir það hefur verið grafið í nýja kirkjugarðinum sem stendur fyrir ofan þjóðveg. [268] Garðurinn er um 28X23 m og er hann innmældur og skráður hjá þjóðskrá.[269]



Mynd 89. Kirkjugarður, mynd er tekin í suð-austur.

[266] Hákon, 2020, bls. 5.
[267] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 167.
[268] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 166-167.
[269] Vefsjá landeigna.

**Fornleifanúmer:** 2752-187 Hnit: A513996.9 N596395.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Skammt fyrir norðan nýja kikjugarðinn er grasflöt með fornri tóft. Tóftin er fast upp við hlaðið fyrir neðan hlöðuna.[270] Tóftin er um 12X6 m og hæð hleðsla 0,4-0,5 m og þykkt veggja um 1,3 m. Tóftin er tvískipt og er annað minna hólf í norðurenda hennar ekki sést neinn útgangur á því. Á stærra hólfinu er svo útgangur í suður.
Í eldri fornleifaskráningu þá var minnst á að tóftin væri skemmd með vegarslóða sem lægi yfir tóftina og hún næði að kirkjugarðinum og hugsanlega hafi hún náð inn í hann.[271] Það var hins vegar ekki hægt að sjá nein ummerki á staðnum um að tóftin næði lengra í suður.



Mynd 90. Leifar af fornri tóft, mynd tekin í suður

**Ytra-Garðshorn:**

**Fornleifanúmer:** 2752-188 Hnit: A518715.7 N600804.2 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti hefur verið útihús í kringum 100 m norð-austan við eldra íbúðarhúsið. Húsið var hesthús sem var kallað Guðnýjarhús eftir Guðnýju nokkra sem að sögn bjó þarna í kofaræksni áður en það varð hesthús. Ekki sjást ummerki um húsið í sléttu túni.[272]

**Fornleifanúmer:** 2752-189 Hnit: A518430.8 N600741.2 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshepps segir: „Suður og upp á vellinum eru fjárhúsin frá Ytra-Garshorni og við þau heyhús, sem sumir kalla Skæluhlöðu (af skæld = skökk). Sú saga hefur gengið um bygginguþessara húsa, að þar hafi verið stór steinn, áður en húsin voru reist. Var steininnn sprengdur og notaður í hleðsluna. Nóttina áður en þetta var gert dreymdi húsfreyjuna í Garðshorni, að til hennar kæmi kona, mjög áhyggjufull á svip, og segði , að illt væri í efni, ef sprengja ætti steininn, því að þá yrði hún heimilislaus. Bað hún húsfreyju að koma í veg fyrir slíkt skemmdarverk, annars myndi illa fara. Þóttist húsfreyja lofa þessu, og hrökk þá upp af svefninum. En hún fékk engu ráðið um þetta, og var steinninn sprengdur og hafður í húsveggina. Má enn sjá merki þess hvar steinninn var. Hefur ekki þótt einleikið, hve

[270] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 169.
[271] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 169.
[272] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 129.

oft veggirnir hafa hrunið, bæði fjáhússins og hlöðunnar, þó að mjög vandvirknislega hafi margsinnis verið við þá gert, og hafa sumir viljað kenna það ummælum huldukonunnar í draumnum."[273]

Tóftirnar eru um 160 m suð-vestan við gamla íbúðarhúsið í jaðri golfvallarins en norðan og austan við tóftina eru þýfðir hagar.[274]Mjög mikill gróður var á staðnum sem gerði uppmælingar á tóftinni mjög erfiðar. Tóftin samanstendur af hlöðu sem er um 12X5 m að innanmáli og hæð hleðsla 0,7-2,3 m. Fjárhúsin eru við hlöðuna og má greina brot úr vegg um 0,4-0,7 m á hæð og 2 m á breidd, einnig var steypt kindabað í rústunum. Annars voru tré á svæðinu sem skyggðu á þar sem fjárhúsin voru og í suður og suð-vestur hlutanum var aðeins hægt að greina lítinn hluta af veggjabrotum.



Mynd 91. Hlaða og fjárhús tóftir, mynd tekin í suð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-190 Hnit: A518419.9 N600750.2 ISN93
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Tóft
Skammt fyrir ofan Skæluhlöðu um 10 m er garðlag sem liggur í austur að skurði. Það liggur líka í sveig í suð-vestur og markar enda golfvallarins. Garðlagið er rofið á einum stað á leiðinni. Hæð garðlagsins er 0,3-1,5 og þar sem það er útflattast er það um 1,3-3 m á breidd.



Mynd 92. Garðlag sem markar enda golfvallarins, mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-191 Hnit: A518779.2 N600496.3 ISN93
Hlutverk: Rista
Tegund: Heimild

[273] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 133-134.
[274] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 131.

Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „ Sunnan við bæjarlækinn er Torfunes suður undir merkjunum...“[275] Torfunes hefur líka verið nefnt Torfholt eða Kolholt. Holtið er á merkjum Syðra- og Ytra-Garðshorns og var torf rist á báðum bæjunum frá þessum stað og borið upp á Torfholt og látið þorna þar. Í mýrinni suðaustan við holtið var torfið rist og hefur hún nú verið ræst fram. Allt umhverfið á Torfholtinu er gjörbreytt því þar er nú golfvöllur og sunnar sléttuð tún, enginn ummerki eru því um torfristu.[276]

**Fornleifanúmer:** 2752-192 Hnit: A518886.0 N600657.7 ISN93
Hlutverk: Kumlateigur
Tegund: Heimild
Kumlateigur hefur verið grafinn upp á Arnarholti og stendur nú minnisvarði úr steini sem var settur norðarlega á kumlateiginn um 100 m fyrir neðan þjóðveginn. Kumlateigurinn er því til suðurs frá minnisvarðanum en þar er nú golfvöllur. Hjalti Haraldsson frá Ytra-Garðshorni sem aðstoðaði Kristján Eldjárn við rannsóknirnar á sínum tíma taldi góðar líkur að fleiri kuml gætu verið í kumlateignum. Því ekki hefði verið leitað kerfisbundið á svæðinu heldur hætt greftri þegar þegar þau kuml sem blöstu við höfðu verið grafin.[277]



Mynd 93. Minnisvarði um kumlateiginn á Ytra-Garðshorni, mynd tekin í austur.

## Syðri-Grund:

Fornleifanúmer: 2752-193 Hnit: A518671.3 N601051.3 ISN93
Hlutverk: Garður
Tegund: Tóft
Á milli jarðanna Ytri-Garðshorns og Grundar er landamerkjagarður. Í garðinum er girðingarstæði, hann mjög greinilegur á um 63 m kafla en virðist svo fjara út. Garðurinn virðist vera frá 0,2-1 m hár og breidd um 2 m.[278] Hann er talinn vera suðurhlið á túngarði Blakksgerðis[279] en í dag heitir bærinn Syðri-Grund. Á eldri loftmyndum virðist garðurinn ná töluvert lengra niður að þjóðvegi og einnig lengra upp í hlíðina og beygja svo til norð-vesturs.[280]

[275] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 133.
[276] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 131.
[277] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 131-132.
[278] Hákon, 2020, bls. 8.
[279] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 127.
[280] MAP.IS. Loftmyndir ehf.



Mynd 94. Merkjagarður milli Syðri-Grundar og Ytra-Garðshorns, mynd tekin í norð-vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-194 Hnit: A518674.2 N601145.8 ISN93
Hlutverk: Þingstaður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „ Ekki veit nú neinn með vissu um, hvar sá staður hefur verið í landi Grundar, sem þingið mun hafa verið á fyrrum, en heimildarmann, sem er alinn upp á Grund, minnir í nafnið Lögréttugrund, neðan við hesthúsið, sunnan við bæjarlækinn, og að þangað hafi verið sóttir stórir steinar til veggjahleðslu (um 1895).“[281] Í friðlýsingarskrá segir: „Lögrjetta, svo nefnd, í Blakksgerði, suðvestur frá Grund.“[282] Kristian Kålund segir í sögustaðalýsingu sinni: „...Blakksgerði eða Blængsgerði. Er það nafn á litlum grasi vöxnum landbletti fyrir suðvestan Grund... Nú er talað um að þar eigi að hafa verið þingstaður eða „lögrétta“ í gamla daga.“[283].Samkvæmt þessum tilvitnunum er eitthvað á reiki hvar Lögréttan var og ekki vitað hvort þær tóftir sem voru í Blakksgerði hafi tilheyrt Lögrétttuni eða hún hafi verið aðeins sunnar.[284]

**Fornleifanúmer:** 2752-195 Hnit: A518673.8 N601142.7 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Sunnan og neðan við Lágholt er býlið Blakksgerði. Þar var talið að hestur Þorsteins svarfaðar, landnámsmanns, ætti að vera heygður. Utan við Blakksgerði er Blakksgerðislækur og Brúarlækur, sem er bæjarlækur þar.”[285] Staðurinn er á túnakorti og er þetta sami staður og Lögréttan er talin hafa verið á. Engar leifar sjást nú af bænum í sléttu túni. Jafnað var yfir rústirnar um 1960 og nýr bær byggður fyrir neðan þjóðveg. [286]

**Fornleifanúmer:** 2752-196 Hnit: A518659.8 N601137.3 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samvæmt túnakorti var kálgarður fast vestan við gamla bæjarstæðið á Blakksgerði. Engar leifar af honum eru í sléttu túni.

[281] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 138.
[282] Skrá um friðlýstar fornlefiar, bls. 33.
[283] Kristian Kaalund, bls. 74
[284] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 126.
[285] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 136.
[286] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 122.

**Fornleifanúmer:** 2752-197 Hnit: 518657.6 601150.9ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakorti var útihús fast norðan við kálgarðinn á Blakksgerði, norðvestur við bæjarstæðið. Ekki sjást neinar leifar í sléttu túni.

**Jarðbrú:**

**Fornleifanúmer:** 2752-198 Hnit: A519304.6 N602882.6 ISN93
Hlutverk: Landamerkjagarður
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá segir: „Að norðan er Merkigarður frá Ósnum upp að Reiðgötum,…"[287] Í fornleifaskráningunni frá 2000 er minnst á að enn sjáist óljós merki garðins Tjarnargarðshorn (Laugahlíð). Fyrir neðan þjóðveg sé skurður á merkjum en ofar sjáist útflattur garðurinn á um 50 m bili í sléttu túni.[288] Ekki var hægt að tala um sýnilegan garð, gróðurinn var hærri upp við girðinguna þar sem sláttuvélin nær ekki að gróðrinum þar.

**Tjarnargarðshorn:**

**Fornleifanúmer:** 2752-199 Hnit: A519109.6 N603140.7 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Gamla bæjarstæðið var fast vestan við núverandi íbúðarhús þar er nú garður og sjást engar leifar af eldra húsi. Húsið sem er í dag var byggt 1940 með kjallara og því litlar líkur á að eitthvað sé af eldri mannvirkjum á þessu bæjarstæði.[289]

**Fornleifanúmer:** 2752-200 Hnit: A519109.6 N603128.2 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var kálgarður fast sunnan við núverandi íbúðarhús, þar er nú garður með trjám og ekkert sést til kálgarðs.

**Fornleifanúmer:** 2752-201 Hnit: A519136.7 N603133.3 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var kálgarður í kringum 2 m austur af núverandi íbúðarhúsi, þar er nú heimreið og ekkert sést til kálgarðs.

**Fornleifanúmer:** 2752-202 Hnit: A519072.1 N603140.2 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús um 33 m vestur af núverandi íbúðarhúsi. Þar er nú sléttað tún og engar leifar sjást af útihúsi.

---

[287] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 140.
[288] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 112.
[289] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 107.

**Fornleifanúmer:** 2752-203 Hnit: A519039.3 N603120.5 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakorti var útihús um 70 m vestur af núverandi íbúðarhúsi. Þar er nú sléttað tún og engar leifar sjást af útihúsi.

**Fornleifanúmer:** 2752-204 Hnit: A519057.0 N603087.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús um 65 m suð-vestur af núverandi útihúsi. Þar er nú sléttað tún og engar leifar sjást af útihúsi.

**Fornleifanúmer:** 2752-205 Hnit: A519085.8 N603076.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var úthús um 20 m austur af útihúsi nr. 2752-204. Þar er nú sléttað tún og engar leifar sjást af útihúsi.

**Fornleifanúmer:** 2752-206 Hnit: A519097.1 N603109.7 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá segir: „ Sunnan bæjar var Fjóslaut, en hún hefur verið fyllt upp. Fjósbrekkan, sem var norðan lautarinnar og Fjárhúsbrekka, aðeins ofar eru einnig horfnar.”[290] Ekki er vitað nákvæmlega hvar Fjóslaut var, líklegast skammt suð-vestan við bæjarhólinn .[291] Þar er nú sléttað tún og engar leifar sjást af útihúsi.

**Tjörn:**

**Fornleifanúmer:** 2752-207 Hnit: A519660.2 N603048.0 ISN93
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Börðin suður eftir heita Húsabakki allt suður að Jarðbrúarmerkjum, en nyrzta hornið sunnan Lambaklaufar hafði sérstakt nafn og hét Kolholt, hornpunktur á merkjum Tjarna og Tjarnargarðshorns.”[292] Í sóknarlýsingu frá 1839 er Húsabakki sagður ein af fjórum hjáleigum Tjarnar. Syðst í landi Tjarnar er Húsabakki, þar eru nú þrjú steinhús Rimar og Húsabakki 1 og 2. Húsabakki var neðsti hjallinn á hlíðinni fyrir ofan votlendið.[293]

**Fornleifanúmer:** 2752-208 Hnit: A519707.2 N603242.6 ISN93
Hlutverk: Kolagröf
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Börðin suður eftir heita Húsabakki allt suður að Jarðbrúarmerkjum, en nyrzta hornið sunnan Lambaklaufar hafði sérstakt nafn og hét Kolholt,

[290] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 143.
[291] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 108.
[292] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 148.
[293] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 103.

hornpunktur á merkjum Tjarna og Tjarnargarðshorns."[294] Kolholt er lágur hóll í túninu í kringum 100 m norðan við nyrsta húsið (Rimar) á Húsabakka. Kolholt er lág hólabunga skorin af skurði og Tjarnartún náði suður undir þennan stað og hafa því líklega verið móar þarna.[295] Ekki sjást neinar leifar af kolagröfum í túni.

**Fornleifanúmer:** 2752-209 Hnit: A519223.5 N603530.0 ISN93
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „ Gullbringa, forn eyðihjáleiga, þar sem staðarfjárhúsin standa nú. Eyðilagðist hjer um fyrir 40 árum og hefur aldri síðan bygst, en bygð upp í fyrstunni fáum árum þar fyrir. …Ekki má hjer aftur byggja nema staðnum til skaða, sem fjárhúsin þar hjer nauðsynlega að hafa."[296] Árið 1847 var Gullbringa í eyði en byggðist skömmu síðar en fór svo endanlega í eyði 1947. Gullbringa stendur hátt í brekkunni ofan við Tjörn og gamla framhús bæjarins stendur enn og er notað sem sumarbústaður og við hlið þess er málarastofa Arngríms málara sem hann byggði á meðan hann bjó í Gullbringu.[297] Lóðin heitir Gullbringa sem húsin standa á.[298]

**Fornleifanúmer:** 2752-210 Hnit: A519191.9 N603529.1 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti hefur verið útihús um 24 m vestur af sumarhúsinu á Gullbringu. Þar er nú trjáreitur og enginn ummerki sjást um útihúsið.

**Fornleifanúmer:** 2752-211 Hnit: A519198.8 N603563.3 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var kálgarður og hefur hann verið um 30 m norð-vestur af sumarhúsinu á Gullbringu. Engar leifar sjást í vel grónu umhverfi.

**Fornleifanúmer:** 2752-212 Hnit: A519201.4 N603585.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús fast suð-vestan við sumarhúsið á lóðinni Gullbringulæk. Engin ummerki eru um það á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-213 Hnit: A519205.0 N603623.7 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var útihús um 15 m norður af sumarhúsinu á lóðinni Gullbringulæk. Engin ummerki eru um það á rótuðu svæði.

**Fornleifanúmer:** 2752-214 Hnit: A519268.5 N603538.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild

---

294 Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 148.
295 Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 106.
296 Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bls. 55.
297 Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 104.
298 Vefsjá landeigna.

Kálgarður var á túnakortinu um 30 m austur af sumarhúsinu á Gullbringu, engin ummerki um hann er á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-215 Hnit: A519591.4 N603578.7 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfarðardalshrepps segir: „Íbúðarhúsið stendur nú á gamla bæjarstæðinu, eða vestast á því, þar sem síðast stóð hús það, sem Presthús nefndist.“[299] Talið er að bærinn hafi ávallt staðið á sama hólnum. Húsið sem stendur í dag var byggt 1932 og er með steyptum kjallara.[300]

**Fornleifanúmer:** 2752-216 Hnit: A519594.6 N603560.2 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakortinu þá var kálgarður fast sunnan við gamla bæinn. Þar er nú bakgarður með trjám.

**Fornleifanúmer:** 2706-217 Hnit: A519594.6 N603533.4 ISN93
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfarðardalshrepps segir: „Beint suður frá bæ, sunnan við lækinn, er fyrst Fjóshóll, þar sem fjósið er nú sem áður…”[301] Samkvæmt túnakorti hefur fjósið verið um 30 m sunnan við núverandi íbúðarhús, þar stendur nú hlaða.

**Fornleifanúmer:** 2706-218 Hnit: A519540.8 N603553.4 ISN93
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Svarfaðardalshrepps segir: „Ofan við fjósið (fjóshlöðuna) er Lækjarhúshóll, en fjárhús með því nafni eru nú horfin.“[302] Samkvæmt túnakorti þá hafa fjárhúsin verið nokkurn veginn þar sem heimreiðin liggur að útihúsunum um 40 m vestan við hlöðuna.

**Fornleifanúmer:** 2752-219 Hnit: A519559.3 N603620.1 ISN93
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Tjarnar segir: „Fjárhúsin voru utan og ofan við bæ, þar sem þau eru enn, sneru öfugt upp að brautinni.“[303] Samkvæmt túnakorti þá hafa fjárhúsin verið um 30 m vestur af kirkjugarðinum rétt norðan við heimreiðina að íbúðarhúsinu. Engar leifar sjást í sléttu túni.

**Fornleifanúmer:** 2752-220 Hnit: A519625.6 N603617.5 ISN93
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Grindverk

---

[299] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 146.
[300] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 102.
[301] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 146.
[302] Örnefni í Svarfaðardalshrepp, bls. 147.
[303] Örnefnaskrá Tjarnar, bls. 2.

Kirkjan á Tjörn var reist 1892 líklega á grunni eldri kirkju, kirkjugarðurinn var sléttaður í kringum 1980.[304] Búið er að afmarka lóð undir kirkjugarðinn og er hægt að sjá það á vefsjá landeigna.[305] Kirkjugarðurinn er um 34X37 m og er grindverk er í kringum hann.



Mynd 95. Kirkjan og kirkjugarðurinn á Tjörn, myndin tekin í austur.

### Ytra-Holt:

**Fornleifanúmer:** 2752-221 Hnit: A520360.4 N605893.2ISN93
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „Ofar og utar eru Gerðin, sem hétu fullu nafni Yzthúsgerði, því að þar stjóðu fjárhús,sem nefndust Yzthús.“[306] Samkvæmt túnakortinu hafa fjárhúsin verið um 10 m beint suð-austur af hesthúsunum sem standa á „Ytri-Holt lóð“. Engar leifar eru af þeim í heimreið sem liggur í kringum hesthúsin.

**Fornleifanúmer:** 2752-222 Hnit: A520396.5 N605897.6 ISN93
Hlutverk: Aðhald
Tegund: Heimild
Í örnefnaskrá Dalvíkurhepps segir: „Ofar og utar eru Gerðin, sem hétu fullu nafni Yzthúsgerði, því að þar stóðu fjárhús,sem nefndust Yzthús. Utan við þau er Nátthaginn, en af þessu er nú ekkert eftir og víðlent tún komið í þess stað.“[307] Nátthaginn hefur staðið norðar en Yzthús[308] í kringum 45 m norður af suður enda af hesthúsunum sem standa á lóðinni Ytra-Holt lóð.[309] Engar leifar sjást í túni.

**Fornleifanúmer:** 2752-223 Hnit: A520055.1 N606271.6 ISN93
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild

[304] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 102.
[305] Vefsjá landeigna.
[306] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 7.
[307] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 7.
[308] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 88.
[309] Vefsjá landeigna.

Í örnefnaskrá Dalvíkurhepps segir: „Stór hóll á miðjum þessum móum heitir Vörðuhóll."[310] Hóllinn er um 200 m norð-vestur af skógreitnum fyrir ofan veg. Hóllinn er melhóll sem er gróinn að hluta en engin varða sést á honum.[311]

**Böggvisstaðir:**

**Fornleifanúmer:** 2706-224 Hnit: A520597.4 N607551.0 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Gamli torfbærinn stóð á svipuðum slóðum og núverandi steinsteypt íbúðarhús er, norðan við heimreiðina. Húsið á túnakortinu var timburhús reist 1912, engar leifar eru af þessu timburhúsi.[312] Það hefur staðið fast norð-austan við núverandi íbúðarhús.

**Fornleifanúmer:** 2752-225 Hnit: A520569.3 N607540.5 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn fast suð-vestan við gamla bæjarstæðið, þar er nú steinsteypt íbúðarhús með kjallara. Engar leifar eru af kálgarðinum.[313]

**Fornleifanúmer:** 2752-226 Hnit: A520585.8 N607519.8ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti var útihús fast suð-austan við núverandi íbúðarhús, enginn ummerki eru um það í dag.

**Fornleifanúmer:** 2752-227 Hnit: A520526.1 N607510.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Um kringum 30 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á Böggvisstöðum var tóft um 16X10 m sem skiptist í þrjú hólf. Í vesturhluta tóftarinnar var niðurgrafin hlaða um 7X3 m og dýpt um 0,3-0,5 m. Í austur hlutanum er tvískipt tóft með útgangi til suðurs. Hæð hleðsla var þar um 0,2-0,4 m og breidd veggja um 2 m. Hlaðan var mjög greinileg en aðrir hlutar af tóftinni voru mjög útflattir og erfitt að mæla.



Mynd 96. Hlaða og útihús mynd tekin í suð-austur.

[310] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 7.
[311] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 88.
[312] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 20.
[313] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 20.

**Fornleifanúmer:** 2752-228 Hnit: A520500.7 N607505.7 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í kringum 13 m beint vestur af útihúsinu og hlöðunni nr. 2752-227 var önnur minni tóft. Í eldri fornleifaskráningu var hún sögð hringlaga og álíka djúp og hlöðutóftin.[314]
Búið var að setja bárujárns plötur í kringum tóftina og útbúa býflugnabú niður í henni. Ekki var hægt að sjá neinar hleðsluleifar en holan var um 4X4 m og dýpt 0,7-0,9 m, líklega hefur tóftinni verið raskað við framkvæmdina.



Mynd 97. Útihúsatóft, búið að útbúa býflugnabú í henni.

**Fornleifanúmer:** 2752-229 Hnit: A520479.9 N607534.6 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Tóft
Í kringum 55 m beint vestur af íbúðarhúsinu á Böggvisstöðum var kálgarður sem jafnframt var teiknaður á túnakortið. Kálgarðurinn er um 39X16 m og var tvískiptur, garðlag virðist svo ganga lengra í vestur frá garðinum. Suður hluti af garðinum er hlaðinn upp á brekku. Garðurinn er úr torfhleðslum frá 0,1-0,7 m á hæð og breidd hleðsla um 0,4 m.



Mynd 98. Kálgarður, mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-230 Hnit: A520417.9 N607550.5 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft

[314] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 20.

Í kringum 135 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Böggvisstöðum er tóft sem búið var í um aldamótin 1900.[315] Tóftin var algjörlega hulin sinu og hefði aldrei fundist nema vegna lýsingu á staðarháttum í eldri skýrslu. Tóftin var um 5,5X4 m, hæð hleðsla 0,1-0,2 m og breidd veggja um 1 m. Enginn sjáanlegur útgangur var á tóftinni.



Mynd 99. Tóft á kafi í sinu, mynd tekin í austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-231 Hnit: A520457.8 N607683.0 ISN93
Hlutverk: Varnargarður
Tegund: Grjóthleðsla
Í kringum 160 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Böggvisstöðum er grjóthlaðinn garður. Líklega er þetta einhvers konar varnargarður en hann liggur á dýtjörn á milli hóla.[316] Mikill trjávöxtur skyggir nokkuð á garðinn. Tjörnin var alveg þurr þegar mælingin fór fram um haustið. Lengd garðsins er um 12 m á lengd, hæð 0,2-0,4 m og breidd 0,7-1 m.



Mynd 100. Varnargarður hlaðinn úr grjóti, mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-232 Hnit: A520583.3 N607674.9 ISN93
Hlutverk: Aðhald
Tegund: Tóft
Í kringum 25 m beint norður af norð-vestur horni af stóru geymslunni eru leifar að tóftum sem virðast hafa verið nokkurs konar aðhald. Tóftin til vesturs er hringlaga með útgangi til suðurs, leifar af stökum vegg voru svo við útganginn en hann var mjög ógreinilegur. Mjög erfitt reyndist að mæla upp tóftirnar vegna mikils gróðurs og hversu útflattar þær virtust vera en það voru helst gróðurfarsbreytingar sem voru mældar. Hæð hleðsla var um 0,1-0,4 m og breidd veggja um 0,8 m. Fast austan við þessa tóft var önnur sem virtist vera nokkuð

[315] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.
[316] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 29.

reglulegri í laginu og einnig með útgang til austurs og leifar af vegg L laga inn í henni. Tóftin virtist frekar vera niðurgrafin en hlaðin en hæð veggja var um 0,3-0,4 m og breidd um 1 m. Garðlag var fast austan við tóftina um 0,1-0,3 m á hæð og 0,5-0,6 m á breidd.



Mynd 101. Tóftir á kafi í sinu, mynd tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-233 Hnit: A520609.5 N607676.2 ISN93
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Tóft
Skammt fyrir austan tóftir nr. 2752-232 eða um um 5 m voru leifar af kvíum og garðlögum. Tóftin er um 19X7 m og samanstendur af þremur hólfum, hún leit fyrir að vera niðurgrafinn og var niðurgröfturinn um 0,1-0,7 m og breidd veggja um 1 m. Tóftin var fast austan við leifar af garðlagi sem var um 0,2-0,3 m á hæð og um 0,8 má breidd. Eins og af flestum tóftum á þessu svæði þá var mikill sinugróður sem skyggði á tóftirnar og því erfitt að meta umfang þeirra.[317]



Mynd 102. Tóftir af kvíum, á kafi í sinu.

**Fornleifanúmer:** 2752-234 Hnit: A520641.4 N607658.6 ISN93
Hlutverk: Hrútakofi
Tegund: heimild
Samkvæmt eldri fornleifaskráningu þá var tóft af hrútakofa í beinni línu af aðhaldstóftunum nr. 2752-232 og kvíunum nr. 2752-233 til austurs og um 10 m ofan vegar.[318] Engin tóft var

[317] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 27.
[318] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 29.

sjáanleg á þessu svæði, þarna var stór dæld og óx mikill og hár gróður í dældinni. Líklega hefur henni verið mokað í burtu ef hún hefur staðið þarna.

**Fornleifanúmer:** 2752-235 Hnit: A520621.5 N607828.6 ISN93
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Grjóthleðsla
Í kringum 200 m beint norður norð-austur horninu af stóru skemmunni eru leifar af grjóthlöðnum garði. Liggur hann í sveig í uppþornaðri mýri. Garðurinn er hlaðinn litlum steinum og er víða orðinn gróinn, líklega hefur þetta verið girðingargarður.[319] Garðurinn er um 26 m á lengd og hæð 0,1-0,2 m, breidd um 0,8 m.



Mynd 103. Steinhlaðinn garður, mynd tekin í norður.

**Fornleifanúmer:** 2752-236 Hnit: A521003.6 N607723.2 ISN93
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Steinhleðsla/tóft
Í örnefnaskrá Dalvíkurhepps segir: „Skammt ofan við býlið Ásgarð og Árgerðismelana er Sandgerðishóll.“[320] Í eldri fornleifaskráningu segir að beint suður af sundlaug Dalvíkur sé þyrping af lágum og aflöngum hólum og sé Sandgerðishóll sá austasti. Á suðaustasta og stærsta hólnum sé garðlag úr grjóti sem liggi þvert á hólinn og liggi í nokkurs konar ferhyrning og gæti verið hleðsla úr girðingu.[321] Hleðsluleifarnar liggja í suð-vestur af hólnum og virðist svo fjara út í túninu þó að einhver ummerki séu um hana lengra. Hún liggur líka í norð-vestur og beygir svo í norður áður en hún fjarar út í þeirri átt. Hleðslurnar eru allt að því frá 0,1-0,9 m á hæð og breidd um 0,5-0,9 m. Hluti af hleðslunni virðist vera steinar eins og hlaðið hafi verið undir girðingu en af hluta er þetta orðið svo umfangsmikið að þetta virðist frekar vera leifar af garði.

[319] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 28.

[320] Örnefnaskrá Dalvíkurhepps, bls. 15.
[321] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 21.



Mynd 104. Hlaðinn garður, mynd tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-237 Hnit: A520822.1 N607700.7 ISN93
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Heimild
Í kringum 220 m norð-austur af stóru skemmunni á Böggvisstöðum eru heimildir um svarðargrafir. Mýrarnar hafa verið þurrkaðar upp og þar eru nú tún. Ekki var hægt að greina ummerki á svæðunu.[322]

**Fornleifanúmer:** 2752-238 Hnit: A520523.5 N607633.5 ISN93
Hlutverk: Huldufólksbústaður
Tegund: Heimild
Samkvæmt eldri fornleifaskráningu þá er Snælduhóll, þrír hólar fyrir ofan núverandi íbúðarhús, sem liggja í norður-suður en beygja svo aðeins í austur. Nafnið Snælduhóll var til þegar Þóra sem var göldrótt var að tvinna snældu og missti hana og hvarf hún í hólinn. Huldufólk sem bjó í hólnum tók snælduna og fann hún hana því ekki aftur. [323]

**Fornleifanúmer:** 2752-239 Hnit: A520565.3 N607589.3 ISN93
Hlutverk: Bænhús
Tegund: Heimild
Í sölubréfi frá 1441 er þess getið að bænhús hafi verið á Böggvisstöðum og það hafi þá þegar verið fallið, ekki er þó vitað hvar það hafi verið. Líklegast norðan við íbúðarhúsið þar sem stóra skemman stendur nú.[324]

**Fornleifanúmer:** 2752-240 Hnit: A520577.4 N607575.9 ISN93
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Grjóthlaðinn brunnur var í brekkunni neðan við bæinn líklegast þar sem stóra skemman stendur núna norðan við íbúðarhúsið.

**Fornleifanúmer:** 2752-241 Hnit: A520167.3 N607779.2 ISN93
Hlutverk: Stekkur / Garðlag
Tegund: Tóft

[322] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 28.
[323] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 27.
[324] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.

Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „Neðan fjallshlíðarinnar heitir Brekkur. Þar eru tóftir Böggvisstaðastekkjar neðan undir Stekkjarhjalla.“.[325] Stekkurinn er skammt ofan við trjáreit um 260 m sunnan við skíðaskálann. Hóllinn sem stekkurinn er á hefur einnig verið kallaður Selhóll. Umhverfis stekkinn eru lyngi- og kjarrvaxnir hólar en einnig grasivaxnir hólar. Stekkurinn stendur upp á hól og er stór garður umhverfis hann og önnur tóft innan garðs.[326] Garðlagið er um 80X50 m, hæð 0,3-0,6 m og breidd um 1,1 m og skarð var á því á tveimur stöðum í suður- og vestur hlutanum. Innan garðlagsins eru tvær tóftir sú fyrri í suður hlutanum um 16X13 m með útgang í austur. Hæð hleðsla var um 0,2-0,7 m og breidd 1,1 m. Önnur minni tóft var í vestur hlutanum á garðinum um 11X5 m upp á háum hól, ekki var sjáanlegur útgangur á tóftinni. Hæð hleðsla var 0,2-0,4 m og breidd 1,1 m. Inn í garðinum virtust einnig vera leifar af tveimur veggjarbútum um 9 m og 22 m löngum. Hæðin á þeim var um 0,4-0,5 m og 1 m á breidd hvor um sig.



Mynd 105. Stekkjartóftir og garður, mynd er tekin í austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-242 Hnit: A519271.6 N608704.9 ISN93
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Niðurgröftur
Selhóll er stór hóll á vinstri hönd ef farið er upp með Selllautum. Sunnan við hólinn er mýrarlaut og þar eru tvær svarðargrafir.[327] Lyngi vaxnar brekkur eru svo að sunnan og norðan. Grarfirnar eru í kringum 1,5 km fyrir ofan bæinn. Stærri gröfin er um 5X4 m og er um 0,1-0,5 m djúp, grynnri í austur enda. Seinni gröfin er um 5 m suðaustan við hina og er töluvert minni 2,2X2,3 m og er 0,1-0,3 m djúp, grynnri í austur enda.

[325] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 15.
[326] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 22.
[327] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 30.



Mynd 106. Mógrafir, mynd tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-243 Hnit: A519352.4 N608693.4 ISN93
Hlutverk: Stekkur / Kvíar
Tegund: Tóft
Sunnan við Sellautir er Selhóll og er selið framarlega í honum. Suðvestan við selið við framan og sunnan við Selhólinn er stök tóft sem gæti hafa verið stekkur eða kvíar. Tóftin byggð inn í hólinn.[328] Tóftin er um 11X7 m hæð hleðsla 0,6-0,9 m. Breidd veggja var um 1,8 m. Tóftin virðist vera tvískipt og op á milli hólfa og svo útgangur til austurs.



Mynd 107. Tóft. Mynd er tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-244 Hnit: A519380.9 N608731.4 ISN93
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „Sunnan og ofan Moldbrekkna eru votlendar flatir og sléttar lautir, Sellautir. Tveir eru þar Selhólar, sá minni í Brimneslandi, en sá stærri í Böggvisstaðamegin."[329] Selið er um 1,4 km fyrir ofan Dalvíkurbæ og er selið fremur framarlega í Selhólnum. Nyrst á Selhólnum um 3,5 m norðan við stóru tóftina er tóft sem er einna heillegust af þeim tóftum sem eru á staðnum. Tóftin er um 10X5 m með útgang til vesturs. Hæð veggja hleðsla var um 0,4-0,9 m og breidd veggja um 1,4 m.
Skammt vestan við stóru sel tóftina um 4 m vestan við hana er önnur tóft sem er mikið sigin og líklega elst.[330] Sú tóft er um 5,5X5,3 m, hæð hleðsla um 0,8-1 m, breidd veggja 0,9 m og er

[328] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 31.
[329] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 19.
[330] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 25.

útgangur til austurs. Um 16 m suð-vestur af selinu er svo lítil tóft með útgang til norðurs. Tóftin er um 4,6X3 m og hæð hleðsla 0,5-0,7 m, breidd hleðsla um 0,9 m.
Stóra seltóftin er svo um 22X13 m, erfiðlega gekk þó að mæla hana upp vegna þess hve tóftin var útflött og mikil sina var á hólnum. Syðst var þó hægt að sjá nokkuð greinilegt hólf sem var um 0,2-0,3 m á hæð og veggja breidd um 0,7 m. Á öðrum stöðum var hægt að greina veggja leifar inn í seli og hólf til norðurs án þess að hægt væri að gera sér grein nákvæmlega fyrir hvernig innri skipan er. Hæð hleðsla var frá 0,2-0,4 m og breidd veggja frá 0,7-1,1 m.



Mynd 108. Selhóll mynd er tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-245 Hnit: A519833.0 N608529.6 ISN93
Hlutverk: Leið
Tegund: Götur
Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „Frá Böggvisstaðastekknum liggja svonefndar Dalsgötur upp til fjallsins, en fjallsmeginn við þær heitir Leppamelur neðan við hálsinn.”[331] Göturnar eru greinilegastar fyrir ofan skíðaskálann á Dalvík og á loftmynd frá 1998 má sjá að slóðann á um 1083 m löngum kafla. Liggur hann í norð-vestur í sveigum að vegarslóða sem liggur upp frá Dalvík upp hlíðina. Göturnar eru ennþá notaðar af göngu- og hestafólki.[332]



Mynd 109. Götur, mynd tekin í suð-austur.

[331] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 15.
[332] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 22.

**Fornleifanúmer:** 2752-246 Hnit: A520300.6 N608397.2 ISN93
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Heimild
Í eldri fornleifaskráningu er vitnað í heimild úr örnefnaskrá sem segir að framan við Stóralæk séu Beitarhúsahólar. Að fyrir framan hólana sé dalurinn láglendur og votlendur og fyrrum hafi verið þarna slægjur og mikið heyjað meðan beitarhúsin voru notuð.[333] Ekki fannst þessi heimild í örnefnaskrá. Í skráningunni segir að Beitarhúsahólar hafið verið vestan við Stórhólstjörn sem liggur norðvestan Mímisvegar. Þar sem vegurinn beygi til suð-vesturs vestan við Dalvíkurbæ. Þetta séu lyngi vaxnir hólar neðst í Böggvisstaðalandi, beitarhúsið fannst ekki við vettvangskönnun.[334]

**Fornleifanúmer:** 2752-247 Hnit: A521525.4 N608236.2 ISN93
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Hemræði er hjer, lending í betra lagi og gott skipsuppsátur, og gegnur hjer nú hálft annað skip, sem ábúanda tilheyrir. Inntökuskip eru hjer nú tvö og ekki fleiri í næstu 30 ár , en að fornu 5 eður 6.“[335] Austan við höfnina á Dalvík er sandurnn þar sem útræðið var, nokkur veginn í austur enda þar sem húsið á lóðinni Sandskeið 6, á svarthvítri loftmynd á map.is. er hægt að sjá röð af bátum á svæðinu.[336]

**Fornleifanúmer:** 2752-248 Hnit: A521520.7 N608183.4 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Verbúðir eru hjer öngvar, en hafa verið fornu verið 4 eður 5, og bygdu skipeigendur þær á sinn kost…“[337] Við norðausturhorn hússins Sigtúns sem er á Grundargötu 1 var búð sem var rifin þegar Sigtún var byggt. Einnig hafa verið verbúðir víðar á sandinum, núna er þarna garður með smáhúsum og skúrum.[338]

**Fornleifanúmer**: 2752-249 Hnit: A521422.6 N608302.9 ISN93
Hlutverk: Kumlateigur
Tegund: Heimild
Árið 1937 fannst kuml og var rannsakað á Dalvík við húsið Sunnuhvoll sem stendur á Hafnarbraut 18, nokkrum árum áður höfðu fundist 2 kuml, manns og hests við garðinn á Sunnuhvolshúsinu. Það er jafnframt talið að það hafi fundist annað kuml þar suðvestan við sem var rannsakað 1937 og svo eitt utan við húsið Víkurhól sem stendur á lóðinni Hafnarbraut 12. Enginn af þeim 4 kumlum voru rannsökuð.[339] Líklegt er að kumlateigur sé á svæðinu og var því svæðið sem talið er að kumlin hafi verið á afmarkað sérstaklega í þessari fornleifaskráningu.

**Fornleifanúmer:** 2752-250 Hnit: A521548.5 N608176.2 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild

---

[333] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.
[334] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.
[335] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 49.
[336] Map.is Eldri loftmyndir
[337] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 49.
[338] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.
[339] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 25.

Skammt austan við húsið Sægrund sem er á Grundargötu 1 voru verbúðir sem hétu Gíslabúð og Dórubúð, þar er nú bílaplan.[340]

**Fornleifanúmer:** 2752-251 Hnit: A521573.9 N608028.0 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Verbúðin Jónsbúð var suð-austur af Nýjabæ sem stendur á lóðinni á Flæðavegi 4. Rósa Þorsteinsdóttir og Jón Stefánsson fluttu í þetta hús 1887 en þau voru sögð "frumbyggjar" Dalvíkur. Sunnan við er grösugt mýrarsvæði þar sem skurðir hafa verið grafnir.[341] Engar leifar sjást á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2752-252 Hnit: A521551.0 N608173.7 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Húsið Harðangur stendur við Grundargötu 7, norð-vestur á lóðinni við veghorn var verbúð/sjóbúð, hluti af henni hefur farið undir veginn að vestan. Í eldri fornleifaskráningu segir frá leifum af kálgarði sem hafi fylgt verbúðinni og verið austan við hana eða vestan við húsið.[342] Ekki sáust leifar af honum við vettvangsrannsókn.

**Fornleifanúmer:** 2752-253 Hnit: A521555.3 N608152.0 ISN93
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Í sögu Dalvíkur segir: „vatnsból – brunnur – var sunnan við Böggvisstaðasand við upphaf byggðar þar... Brunnurinn var svo til miðsvæðið á Sandinum og nefndist Pálsbrunnur. Þar fékkst ágætt neyzluvatn. Þegar byggð hófst, grófu búðsetumenn brunna við búðir sínar með ágætum árangri."[343] Ekki var hægt að sjá nein greinileg ummerki um brunn á lóðinni.

**Fornleifanúmer:** 2752-254 Hnit: A521570.6 N608039.7 ISN93
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Nýibær er við Flæðaveg 4 á ræktaðri lóð, sunnarlega á lóðinni er minnisvarði um Rósu Þorsteinsdóttir og Jón Stefánsson sem reistu húsið 1899 og er það elsta hús Dalvíkur.[344]

**Fornleifanúmer:** 2752-255 Hnit: A521545.7 N608033.0 ISN93
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Í eldri fornleifaskráningu segir að skammt vestan við lóðina á Flæðavegi 4 um 8 m vestan við suð-vestur hornið á lóðinni hafi verið grunnur að fjósi,[345] af uppdrætti af Dalvík í Sögu Dalvíkur 2 hefti er hlaða merkt inn á svipuðum slóðum og þessi grunnur átti að hafa verið.[346] Grunnurinn sést vel á loftmynd frá 1998 en sást ekki við vettvangsrannsókn.

---

[340] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.
[341] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.
[342] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 26.
[343] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls. 298-299.
[344] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 30.
[345] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 30.
[346] Kristmundur Bjarnason, 1981, Uppdráttur að Dalvík.

**Fornleifanúmer:** 2752-256 Hnit: A521616.8 N608114.3ISN93
Hlutverk: Íshús
Tegund: Heimild
Íshús var þar sem Grundargata 15 er í dag, húsið er ein hæð og ris, ekkert er upprunalegt í húsinu lengur.[347]

**Fornleifanúmer:** 2752-257 Hnit: A519463.9 N607363.9 ISN93
Hlutverk: Göngugarður
Tegund: Tóft
Í kringum 1 km norð-vestur af íbúðarhúsinu á Böggvisstöðu upp í hlíðinni er garðlag sem líkist ansi mikið göngugörðunum í Svarfaðardal. Garðlagið liggur í norð-austur og var það um 0,1-0,6 m á hæð og breidd um 1-2 metrar áður en það fjarar út lengd þess var um 305 m. Annað garðlag virðist liggja þvert á þetta garðlag það sást ekki vel á staðnum en er greinilegra á loftmynd frá 1998 og sést þar á 450 m löngum kafla og liggur upp hlíðina.



Mynd 110. Göngugarður, mynd er tekin í norð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-258 Hnit: A521361.0 N607985.4 ISN93
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var Vegamót á svipuðum slóðum og lóðin Skíðabraut er í dag. Vegarmót var íbúðarhús byggt úr torfi og timbri um 12X16 álnir.[348]

**Fornleifanúmer**: 2752-259 Hnit: A521568.7 N608050.2 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var útihús sem tilheyrði Nýjabæ í kringum 8 m norð-vestur af Nýjabæ.

**Fornleifanúmer**: 2752-260 Hnit: A521574.0 N608068.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild

[347] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 30.
[348] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls. 401

Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var útihús sem tilheyrði Sandgerði í kringum 12 m í norð-vestur frá Sandgerði.

**Fornleifanúmer**: 2752-261 Hnit: A521632.9 N608078.2 ISN93
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Heimild
Húsið Baldurshagi (Þorsteinshús) var byggt árin 1902-1903 og var á einni hæð með háu risi og steinsteyptum kjallara. Stærð hússins var 18X14 álnir að utanmáli, síðar var viðbygging byggð norðan við húsið og var þar símstöð um áratuga skeið. [349] Á loftmynd frá 1998 sést húsið austan við húsið sem stendur á Grundargötu 8. Þar er nú auð lóð.[350]

**Fornleifanúmer**: 2752-262 Hnit: A521652.4 N608074.1 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var útihús sem tilheyrði Baldurshaga skammt austan við íbúðarhúsið Baldurshaga.

**Fornleifanúmer**: 2752-263 Hnit: A521616.7 N608089.0 ISN93
Hlutverk: Smíðahús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Smíðahús Þorsteins Jónssonar í kringum 10 m fyrir vestan húsið Baldurshaga. Samkvæmt heimildum var það um 10X8 álnir að stærð og voru þak og veggir varið með tjörupappa. Í húsinu var ein íbúð og „mótorverkstæði“.[351]

**Fornleifanúmer**: 2752-264 Hnit: A521624.6 N608151.2 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sjóhús Þorsteins Jónssonar niður við fjöru norður af húsinu Frón sem stendur á Grundargötu 15, frá húsinu var bryggja út í sjó.

**Fornleifanúmer**: 2752-265 Hnit: A521607.2 N608161.5 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sjóhús vestan við sjóhús Jóns Stefánssonar í kringum 6 m vestan við sjóhús Þorsteins Jónssonar nr. 2752-264.

**Fornleifanúmer**: 2752-266 Hnit: A521595.6 N608165.8 ISN93
Hlutverk: Skúr
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var skúr Jóns Stefánssonar fast vestan við sjóhús Jóns Stefánssonar nr. 2752-265.

[349] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls. 321-322.
[350] Vefsjá landeigna.
[351] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls. 402.

**Fornleifanúmer**: 2752-267 Hnit: A521596.6 N608143.7 ISN93
Hlutverk: Salthús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Salthús Gránufélagsins á þeim slóðum sem lóðirnar Sandskeið 6 og Grundargata 9 og 11 eru í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-268 Hnit: A521584.2 N608139.7 ISN93
Hlutverk: Verslunarhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Verzlunarhús Kristjáns Árnasonar, síðar Angantýsbúð og Gíslabúð á svipuðum slóðum og Grundargata 9 er í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-269 Hnit: A521544.8 N608127.1 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Sigurlaugarbúð fast vestan við Sægrund sem stendur á lóðinni Grundargötu 6.

**Fornleifanúmer**: 2752-270 Hnit: A521566.9 N608160.4 ISN93
Hlutverk: Salthús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Konsúlshús, salthús, á svipuðum slóðum og Grundargata 7.

**Fornleifanúmer**: 2752-271 Hnit: A521562.6 N608176.7 ISN93
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Ingvarahjallur einhversstaðar á milli lóðanna Grundargötu 7 og Sandskeið 12 og 14.

**Fornleifanúmer**: 2752-272 Hnit: A521534.4 N608176.7 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Halldórsbúð á svipuðum slóðum og lóðin Grundargata 3.

**Fornleifanúmer**: 2752-273 Hnit: A521528.0 N608212.4 ISN93
Hlutverk: Skúr
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var skúr Kristjáns Árnasonar, síðar Angantýs Arngrímssonar ein af þremur byggingum sem voru á þeim slóðum sem lóðin sandskeið 6 er, skúrinn var austastur af byggingunum þremur.

**Fornleifanúmer**: 2752-274 Hnit: A521519.7 N608220.82 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var Sjóhús Angantýr Arngrímssonar ein af þremur byggingum sem voru á þeim slóðum sem lóðin sandskeið 6 er í dag. Frá sjóhúsinu lá bryggja út í sjó sem sem hét Böggvisstaðabryggja síðar Angantýsbryggja. Sjóhúsið var í miðjunni af byggingunum þremur.

**Fornleifanúmer**: 2752-275 Hnit: A521510.9 N608228.1 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sjóhús Baldvins G. Þorvaldssonar vestast af þremur sjóhúsum á þeim slóðum sem lóðin Sandskeið 6 er í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-276 Hnit: A521494.0 N608201.1 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var Jobbabúð á svipuðum slóðum og húsið á Hafnarbraut 29. Var hún í eigu Svarfaðardalshrepps og var einnig kölluð kölluð Hreppskofinn.[352]

**Fornleifanúmer**: 2752-277 Hnit: A521486.6 N608207.2 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var Kambhóll skammt norð-vestan við Jobbabúð eða aðeins norð-vestan við húsið á Hafnarbraut 29.

**Fornleifanúmer**: 2752-278 Hnit: A521413.6 N608358.4 ISN93
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var Svartahús á svipuðum slóðum og húsið á lóðinni Hafnarbraut 15 er í dag. Samkvæmt heimildum var búið í Svartahúsi árið 1918.[353]

**Fornleifanúmer**: 2752-279 Hnit: A521393.7 N608390.0 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti hefur sjóhús Júlíusar Björnssonar verið á svipuðum slóðum og Hafnarbraut 11 er í dag, á kortinu var þetta annað af tveimur húsum sem lágu skammt frá hvor öðru og var bryggja á milli sem lá út í sjó. Tilheyrði hún Júlíusi og Arngrími sem áttu sjóhús sitthvoru megin við hana. Sjóhús Júlíusar var skammt suð-austan við sjóhús Arngríms Jóhannessonar.[354]

**Fornleifanúmer**: 2752-280 Hnit: A521388.9 N608400.0 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti hefur sjóhús Arngríms Jóhannessonar hefur verið á svipuðum slóðum og Hafnarbraut 11 og 7 er í dag, á kortinu var þetta annað af tveimur húsum sem lágu skammt frá hvor öðru og var bryggja á milli sem lá út í sjó. Tilheyrði hún Júlíusi og Arngrími sem eiga sjóhús sitthvoru megin við hana. Sjóhús Arngríms var norð-vestan við sjóhús Júlíusar Björnssonar. Húsið var timburhús með járnþaki og stærð þess var 8X6 álnir. Bjó hann í húsinu til 1923 ásamt konu sinni þangað til þau keyptu Sandgerði.[355]

---

[352] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls. 405.
[353] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls. 405.
[354] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls. Kort-Dalvík.
[355] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls. 405.

**Fornleifanúmer**: 2752-281 Hnit: A521431.4 N608324.0 ISN93
Hlutverk: Bræðsla
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti af Dalvík úr Sögu Dalvíkur 2 hefti hefur bræðslan verið á svipuðum slóðum og lóðin Hafnarbraut 15 er í dag, sunnarlega í lóðinni.

**Fornleifanúmer**: 2752-282 Hnit: A521479.0 N608016.8 ISN93
Hlutverk: Sáðgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 1 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var sáðgarður inn á túni Jóns Stefánssonar á svipuðum slóðum og óræktarblettur norð-austan við húsið á lóðinni Skíðabraut 17 er í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-283 Hnit: A521406.8 N608180.4 ISN93
Hlutverk: Hesthús og rétt
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 1 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var inn á túni Þorsteins kaupmanns hesthús og rétt á svipuðum slóðum og Bjarkarbraut 21 og 23 eru í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-284 Hnit: A521375.6 N608259.0 ISN93
Hlutverk: Sáðgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sáðgarður innan Sunnuhvolstúns nokkurn veginn þar sem gatan Sunnutún er á milli Bjarkarbraut 11 og 13.

**Fornleifanúmer**: 2752-285 Hnit: A521307.2 N608307.5 ISN93
Hlutverk: Sáðgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sáðgarður þar sem lóðirnar Bjarkarbraut 6 og Stórhólsvegur 6 eru í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-286 Hnit: A521299.4 N608359.3 ISN93
Hlutverk: Sáðgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá var sáðgarður innan túns Jóhanns kaupmanns á svipuðum slóðum og lóðin Goðabraut 9 er í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-287 Hnit: A521468.8 N608270.1 ISN93
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var hesthús á svipuðum slóðum og lóðin Hafnarbraut 21 er í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-288 Hnit: A521473.5 N608263.8 ISN93
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild

Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var fjós á svipuðum slóðum og lóðirnar Hafnarbraut 21 og 23 eru í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-289 Hnit: A521487.4 N608263.8 ISN93
Hlutverk: Óvíst
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var hús sem tilheyrði Sveinbirni Jóhannssyni á svipuðum slóðum og lóðin Hafnarbraut 23 er í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-290 Hnit: A521309.0 N608409.8 ISN93
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var innan túns Jóhanns kaupmanns sjóhús og garður fast vestan við það. Það er á svipuðum slóðum þar sem gatan Sognstún er í dag, sunnan við lóðina Sognstún 4.

**Fornleifanúmer**: 2752-291 Hnit: A521382.2 N608435.9 ISN93
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var íbúðarhús Jóhanns Jóhannssonar kaupmanns þar sem núna er hús á lóðinni Hafnarbraut 7 í dag. Húsið var úr steinsteypu og stærð 20X10 álnir. Í húsinu var kjallari og þakið úr járni.[356]

**Fornleifanúmer**: 2752-292 Hnit: A521508.1 N608190.6 ISN93
Hlutverk: Sáðgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 3 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sáðgarður á svipuðum slóðum og húsið á Hafnarbraut 1 er í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-293 Hnit: A521486.0 N608257.0 ISN93
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Heimild
Húsið Sveinbjarnarhús, Sólgarður var reist 1916 og var steinsteypt með kjallara 15X11 álnir að stærð. [357] Húsið stóð á lóðinni Hafnarbraut 23 Það var á loftmynd frá 1998 en er horfið í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-294 Hnit: A521595.4 N608128.6 ISN93
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Heimild
Haveestenshús, Konúlshús eða Gíslahhús var á Grundargötu 11, það var timburhús 10X6 álnir með pappaþaki. [358]

**Fornleifanúmer**: 2752-295 Hnit: A521369.9 N608452.0 ISN93
Hlutverk: Skúrar
Tegund: Heimild

---

[356] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls.405.
[357] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls. 405.
[358] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls.405.

Sognsbúð sjóbúð úr steinsteypu og timbri. Húsið var um 18X12 álnir og var með járnþaki. Búið var í húsinu 1916-1919 en síðar var það aðstaða útvegsmanna og var það þá kallað Bjarmaskúrarnir eftir Bjarma EA 354.[359] Húsin hafa staðið á svipuðum slóðum og húsin á lóðinni Hafnarbraut 5 standa í dag.

Í Saga Dalvíkur 1. hefti er uppdráttur gerður út frá málverki af sjóbúðum, íveruhúsum og fiskhúsum á Böggvisstaðasandi um aldarmótin 1900. Alls eru gerð grein fyrir um 25 mannvirkjum.[360] Einhver þeirra eru enn uppistandandi eins og Nýibær og Sandgerði. Hluti af þeim hafa verið staðsett í eldri skýrslu út frá heimildum og enn fleiri voru staðsett eftir kortum frá 1912 í Sögu Dalvíkur 2. hefti. Það voru þá 11 mannvirki á þessum uppdrætti sem hafa ekki verið skráð og eru það eftirfarandi mannvirki: 7. Hrafnstaðahjallur, 8. Hvarfshjallur, 9. Hamarshjallur, 10. Dórahús, 14. Önnubúð, 15. Hvarfsbúð, 16. Ingvarabúð, 21. Syðra-Holtshjallur, 22. Hjallur Jóns Stefánssonar, 23 .Böggvisstaða torfhjallur og 25. Skreiðageymsla Jóhanns á Ingvörum.
Til þess að reyna að fá einhverja hugmynd um hvar þessi mannvirki voru þá var reynt að staðsetja þau eftir þeim mannvirkjum sem þegar er búið að skrá og standa næst þeim.
Það kom þó í ljós að fjarlægðir geta verið nokkuð villandi á þessum uppdrætti ef miðað er við þær byggingar sem þegar hafa verið staðsettar, en þessar upplýsinga geta þó gefið okkur einhverja vitneskju um hvar flestir minjastaðirnir virðast hafa verið á svæðinu og þéttleika þeirra.




Mynd 111. Uppdráttur af sjóbúðum, íveruhúsum og fiskhúsum á Böggvisstaðasandi um aldarmótin 1900. 1. Nýibær (Jónshús). 2. Fjós og fjárhús. 3. Sandgerði. 4. Íshús. 5. Gránuhús-fiskhús. 6. Konsúlshús – fiskhús. 7. Hrafnstaðahjallur. 8. Hvarfshjallur. 9. Hamarshjallur. 10. Dórahús. 11. Ingvarahjallur. 12. Gíslabúð (Sigurlaugarbúð). 13. Dórabúð (Sægrund). 14. Önnubúð (upphaflega Hofsárbúð). 15. Hvarfsbúð. 16. Ingvarabúð. 17. Böggvisstaðabúð. 18. Baldvinshús (síðar Sigfríðarbær). 19. Grundarbúð (síðar Jobbabúð). 20. Syðra-Holtsbúð (síðar Baldabær). 21. Syðra-Holtshjallur. 22. Hjallur Jóns Stefánssonar. 23. Böggvisstaða-torfhjallur. 24. Baldvinshúsin (fiskhús). 25. Skreiðageymsla Jóhanns á Ingvörum.[361]

**Fornleifanúmer**: 2752-296 Hnit: A521555.1 N608177.0 ISN93
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild

[359] Kristmundur Bjarnason, 1981, bls.407.
[360] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls. 298-299.
[361] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls. 299.

Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá var Hrafnstaðahjallur aðeins suð-vestan við Konsúlshús (fiskhús) nr. 2752-270 og fyrsti hjallurinn í röð af þremur. Hjallarnir hafa verið á svipuðum slóðum og Grundargata 3 og 7.

**Fornleifanúmer**: 2752-297 Hnit: A521550.7 N608178.9 ISN93
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá var Hvarfshjallur í miðjunni af þremur hjöllum sem voru suð-vestan við Konsúlshús (fiskhús) nr. 2752-270. Hjallarnir hafa verið á svipuðum slóðum og Grundargata 3 og 7.

**Fornleifanúmer**: 2752-298 Hnit: A521545.9 N608180.9 ISN93
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá var Hamarshjallur aðeins suð-vestan við Konsúlshús (fiskhús) nr. 2752-270 og þriðji hjallurinn í röð af þremur. Hjallarnir hafa verið á svipuðum slóðum og Grundargata 3 og 7.

**Fornleifanúmer**: 2752-299 Hnit: A521538.3 N608183.6 ISN93
Hlutverk: Hús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá hefur Dórahús verið verið á svipuðum slóðum og lóðin Grundargata 3 er í dag, húsið var að mestu úr torfi.[362]

**Fornleifanúmer**: 2752-300 Hnit: A521536.8 N608117.3 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá var Önnubúð suð-vestan við Sægrund líklega á svipuðum og stað Grundargata 6 sem er sama lóð og Sægrund er á en suð-vestur hluta lóðarinnar. Önnubúð var íverustaður Önnu systur Halldórs Guðmundssonar en hún fluttist yfir í Hofsárbúð þegar hann drukknaði. Búðin var þá aðeins veggir en báti var hvolft yfir tóftina og lítill gluggi útbúinn á austurgafl. Bærinn var óþiljaður og með torfgólfi, rúmið stóð við torfvegg og fyrir aftan það var lítil eldstó. Búðin var gjarnan kölluð Önnubúð eða Önnuhús.[363]

**Fornleifanúmer**: 2752-301 Hnit: A521528.2 N608140.0 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá hefur Hvarfsbúð verið vestan við Sægrund líklega nokkurn veginn á milli Grundagötu 2 og 6 þar sem nú er bílaplan.

**Fornleifanúmer**: 2752-302 Hnit: A521527.8 N608178.8 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá hefur Ingvarabúð verið skammt austan við Böggvistaðabúð á svipuðum slóðum og húsið á Grundargötu 3 er í dag.

[362] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls. 309.
[363] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls. 307-309.

**Fornleifanúmer**: 2752-303 Hnit: A521483.8 N608213.7 ISN93
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá hefur Syðra-Holtshjallur verið vestan við Kambhól (Baldabæ) nr. 2752-277 á svipuðum slóðum og nú er bílaplan sunnan við Hafnarbraut 25.

**Fornleifanúmer**: 2752-304 Hnit: A521519.2 N608206.2 ISN93
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá hefur Hjallur Jóns Stefánssonar verið á svipuðum slóðum og suður hluti lóðarmarka Sandskeið 6 og 8.

**Fornleifanúmer**: 2752-305 Hnit: A521513.0 N608217.5 ISN93
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá hefur Böggvisstaða torfhjallur verið á svipuðum slóðum og húsið á lóðinni Sandskeið 6. Hjallurinn var úr torfi og opinn í báða enda, þar var oft geymdar hákarlabeitur Baldvins og annarra útvegsbænda. [364]

**Fornleifanúmer**: 2752-306 Hnit: A521483.2 N608236.1 ISN93
Hlutverk: Skreiðageymsla
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrættinum í Sögu Dalvíkur hefti 1 þá hefur Skreiðageymsla Jóhanns á Ingvörum verið á svipuðum slóðum og húsið á lóðinni Hafnarbraut 25.

**Brimnes:**

**Fornleifanúmer:** 2706-307 Hnit: A519457.5 N608825.7 ISN93
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „Sunnan og ofan Moldbrekkna eru votlendar flatir og sléttar lautir, Sellautir. Tveir eru þar Selhólar, sá minni í Brimneslandi, en sá stærri Böggvisstaðamegin.”[365] Í kringum 1,4 km ofan við Dalvíkurbæ, um 40 m sunnan við vegslóða sem liggur áleiðis upp fjallið er hóllinn. Á honum ertu tvær tóftir, sá vestari er heldur ógreinilegri um 12X6 m með þrjú hólf og tvo útganga í austur. Hæð hleðsla um 0,2-0,5 m og breidd veggja í kringum 1,4 m. Tóftin var orðinn mjög útflöt og þakinn sinu og því erfitt að mæla hana upp eða meta umfang hennar.

[364] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls. 311-312.
[365] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 19.



Mynd 112. Vestari seltóftin á Selhól mynd tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2706-308 Hnit: A519477.2 N608825.8 ISN93
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Í örnefnaskrá Dalvíkurhepps segir: „ Sunnan og ofan Moldbrekkna eru votlendar flatir og sléttar lautir, Sellautir. Tveir eru þar Selhólar, sá minni í Brimneslandi, en sá stærri Böggvisstaðamegin.“[366] Í um 10 m í austur af fyrri tóftinni nr. 2752-307 á Selhól var önnur minni tóft um 10X6 m og tvö hólf en enginn sjáanlegur útgangur var á henni. Hæð hleðsla var 0,2-0,4 m og breidd veggja um 1,4 m. Eins og fyrri tóftin var hún orðinn nokkuð útflött og mikill gróður á tóftunum báðum gerði uppmælingar erfiðari fyrir.



Mynd 113. Austari seltófin á Selhól, mynd tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-309 Hnit: A519974.1 N608601.2 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Í kringum 830 m fyrir ofan Dalvíkurbæ eða um 15 m fyrir ofan vegslóða sem liggur að skíðaskálanum er tóft. Skammt suð-vestur af tóftinni er nokkurs konar áningarstaður með borð og bekk. Tóftin er um 12X5 m með tveimur hólfum og er op á stærra hólfinu til suð-vesturs. Hæð hleðsla er um 0,3-0,6 m og breidd veggja um 1,2 m.

[366] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 19.



Mynd 114. Tóft mynd er tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-310 Hnit: A520013.2 N608572.1 ISN93
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Í kringum 40 m suð-vestur af fyrri tóftinni nr. 2752-309 eða um 25 m fyrir neðan vegarslóða sem liggur að skíðaskálanum er önnur tóft. Tóftin er um 9,5X4 m og er með tveimur hólfum, stærra hólfið er með op í norð-austur. Hæð hleðsla er um 0,3-0,6 m og breidd veggja 1 m.



Mynd 115. Tóft, mynd er tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-311 Hnit: A520614.5 N608567.4 ISN93
Hlutverk: Sundlaug
Tegund: Heimild
Í kringum 320 m vestur af Dalvíkurkirkju eða 10 m vestan við vegarslóða sem liggur þar um er djúp laut þar sem var notuð sem sundlaug og til sundkennslu. Laut þessi virðist að mestu leyti vera náttúrumynduð, í dag er þessi laut alveg þurr og lyngi vaxinn.[367]

**Fornleifanúmer:** 2752-312 Hnit: A520865.4 N608897.4 ISN93
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Tóft
Í eldri fornleifaskráningu segir frá tóft og garðlögum við Brimnesánna[368] um 90 m norð-vestan við blokkina á lóðinni Lokastíg 2. Á staðnum var garðlag eða grjóthlaðinn garður sem lá norður-suður um 18 langur en hann var rofinn. Garðurinn var um 0,3-0,4 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Líklegast hefur þetta verið hleðsla undir girðingu. Jafnframt var torfgarður sem var mjög nærri ánni um 0,2-0,5 m á hæð og 1,3 m á breidd og lá í nokkurs konar sveig að

[367] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 39.
[368] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 38-39.

ánni. Var hann um 20 m langur. Samkvæmt lýsingu í eldri fornleifaskráningu þá var lítil tóft sem garðurinn lá frá í vestur,[369] ekki sást nein tóft á staðnum. Mögulega getur tóftin hafa verið þar sem lágt kjarr var sem sést vel á mynd 116 en ekki var hægt að sjá hvort eitthvað var þar á staðnum.



Mynd 116. Garðlag við Brimnesá, mynd er tekin í vestur.

**Fornleifanúmer:** 2752-313 Hnit: A521005.9 N608909.5 ISN93
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Gamla bæjarstæðið á Brimnesi var vestan við Brimnesbraut 21 og norðan við Lokastíg 1 en þar er hóll og stóð gamli Brimnesbærinn þar.[370] Á vefnum map.is á svarthvítri loftmynd má sjá byggingaleifar á þessum slóðum.[371]

**Fornleifanúmer:** 2752-314 Hnit: A521024.2 N608877.0 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti hefur verið úthihús nokkurn veginn á norð-vestur horni núverandi Brimnesbæjar. Enginn0 ummerki eru þar í grónum garði.

**Fornleifanúmer:** 2752-315 Hnit: A521065.5 N608903.1 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Samkvæmt túnakorti hefur verið úthihús á Ægisgötu fyrir sunnan Brimnesbraut 17 þar sem núna er vegur.

**Fornleifanúmer:** 2752-316 Hnit: A521023.1 N609012.4 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Á túnakortinu hefur verið útihús í kringum 100 m norð-austur af gamla bæjarstæðinu jafnvel aðeins nær ánni.[372] Það hefur verið norð-vestur af Brimnesbraut 33 nærri árbakkanum.

[369] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 38-39.
[370] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 32.
[371] Map.is eldri loftmyndir.
[372] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 33.

**Fornleifanúmer:** 2752-317 Hnit: A520991.4 N608858.1 ISN93
Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Á túnakortinu var kálgarður þar sem núna er hús á lóðinni Lokastíg 1.

**Fornleifanúmer:** 2752-318 Hnit: A521027.0 N609034.0 ISN93
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Vað var á Brimnesá hefur það verið norður af norð-vestur horni af raðhúsinu á Brimnesbraut 31. Áin á þessum stað er nokkuð grunn og botninn virðist nokkuð sléttur og hefði líklega hægt verið að fara yfir með kerru yfir á þessum stað.[373]

**Fornleifanúmer:** 2752-319 Hnit: A521058.2 N608965.6 ISN93
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Vestan við Brimnesbraut 27 og sunnan við Brimnesbraut 33 voru tóftir, þar er nú gras- og leiksvæði sem afmarkast af raðhúsum norðan, sunnan og vestan. Samkvæmt heimildarmanni voru grjóthlaðnar tóftir þarna orðnar mjög grónar. Ein af tóftunum var ferhyrnd með útgang í austur.[374]

**Fornleifanúmer:** 2752-320 Hnit: A521381.7 N608784.6 ISN93
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „ Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur. Ekkert skip á ábúandinn. Inntökuskip eru hjer nú fjögur, tvo umboðsmannsins tollfri. Undirgift hinna skipanna er venjuleg 20 álnir eður lóðarfiskur ... Ábúandi tekur þessa undirgift. Sjaldan hafa hjer fleiri inntökuskip verið.“[375] Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „Á árabátatímibilinu var útræði og uppsátur Brimnesbænda í Láginni og þar var þrauta-brimlending svarfdælskra árabáta. Aðdýpi er þar meira en annars staðar við Böggvistaðasand (en það var þá heildarnafn á útgerðarstöð Svarfdælinga). Þar voru tvær ruddar „varir“sem lent var í. Sunnan þeirra voru reyndar þrír hættulegir steinar, sem gjalda þurfti varhug við í norðanátt. Það voru kollarnir...“[376] Í dag er búið að fylla upp í þar sem lendingin var og liggur hafnargarðurinn og höfnin beint út út láginni. Ofan við bryggjuna standa hús og skemma. Lendingin hefur verið norðan við skemmuna sem er vestan við frystihúsið beint niður af húsinu Höfn,[377] sem er við götuna Karlsrauðatorg 4. Í eldri skráningu segir þó að lendingin hafi verið norðan við skemmuna sem standi austan við frystihúsið beint neðan við húsið Höfn en gps staðsetningin og lýsingin stemma betur við húsið sem er vestan við frystihúsið á Ránarbraut 1.

**Fornleifanúmer:** 2752-321 Hnit: A521406.8 N608727.9 ISN93
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „ Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur. Ekkert skip á ábúandinn. Inntökuskip eru hjer nú fjögur, tvo umboðsmannsins

---

[373] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 38.
[374] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 38.
[375] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 48.
[376] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 18.
[377] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 33.

tollfri. Undirgift hinna skipanna er venjuleg 20 álnir eður lóðarfiskur ... Ábúandi tekur þessa undirgift. Sjaldan hafa hjer fleiri inntökuskip verið.“[378] Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „ Á árabátatímibilinu var útræði og uppsátur Brimnesbænda í Láginni og þar var þrauta-brimlending svarfdælskra árabáta. Aðdýpi er þar meira en annars staðar við Böggvistaðasand (en það var þá heildarnafn á útgerðarstöð Svarfdælinga). Þar voru tvær ruddar „varir“ sem lent var í. Sunnan þeirra voru reyndar þrír hættulegir steinar, sem gjalda þurfti varhug við í norðanátt. Það voru kollarnir...“[379] Hraðfrystihúsið stendu nú við enda Lágarinnar og hefur uppsátur Brimnesbænda verið þar[380] við Ránarbraut 2 á Dalvík.

**Fornleifanúmer:** 2752-322 Hnit: A521350.1 N608735.9 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar segir: „Verbúðir eru hjer tvær, sem skipeigendur byggja á sinn kost, brúka hjer stungu, en í Hólslandi ristu.“[381] Í örnefnaskrá Dalvíkurhrepps segir: „Um síðustu aldamót og nokkru lengur voru tvær sjóbúðir í Láginni, sín i hvoru horni þessarar lendingar...“[382] Þar sem íbúðarhúsið Höfn stendur við Karlsrauðatorg 4 er rafstöð. Í kringum 20 m norð-austur á lóðinni Karlrauðatorg 4 mun önnur af þessum verbúðum hafa staðið, jafnvel nær.[383]

**Fornleifanúmer:** 2752-323 Hnit: A521349.5 N608637.8 ISN93
Hlutverk: Verbúð
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar segir: „Verbúðir eru hjer tvær, sem skipeigendur byggja á sinn kost, brúka hjer stungu, en í Hólslandi ristu.“[384] Í örnefnaskrá Dalvíkurhepps segir: „Um síðustu aldamót og nokkru lengur voru tvær sjóbúðir í Láginni, sín i hvoru horni þessarar lendingar...“[385] Búðin var sunnan til í stóru byggingunni á lóðinni Hafnarbraut 1 þar er nú malbikað plan og byggingar, norðaustan við Kaupfélagshúsið.[386]

**Fornleifanúmer:** 2752-324 Hnit: A521358.0 N608707.2 ISN93
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „ Brimneskot, tómt hús, ljeð um nokkur ár (fyrir vel 30 árum) um fáein ár, einum fátækum manni, sem lifði mest af sjáfarafla, en húsinu fylgdu öngvar landsnyjar. Húsaleigan var 20 álnir í landaurum til heimabóndans.“[387] Ekki er vitað hvar Brimneskot var staðsett en talið líklegt að það hafi verið á svipuðum slóðum og verbúðirnar.[388]

---

[378] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 48.
[379] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 18.
[380] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 33.
[381] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 48.
[382] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 18.
[383] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 33.
[384] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 48.
[385] Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps, bls. 18.
[386] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 34.
[387] Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 10 bindi, bls. 48.
[388] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 33.

**Fornleifanúmer:** 2752-325 Hnit: A521418.0 N608693.8 ISN93
Hlutverk: Naust
Tegund: Heimild
Í Árbók 1975 skýringar og örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal segir: „Nafnið er til enn og sögnin um, hvar þau hafa verið, og sést enn lítill partur af tóft eður nausti sunnarlega á Brimnesinu á sjávarbakkanum skammt fyrir sunnan Brimnesá. Er nú auðsjáanlega brotið af sjávargangi framan af nesinu og af bakkanum, þar sem naustin hafa staðið, og eru þar nú útgrynningar og brimsamt. Er nú skipuppsátur nokkuð sunnar í dældinni, sem áður er getið. Enn sést fyrir steinalögum fram í bakkanum, þar sem Hyltingarnaustin hafa verið, og er það sjáanlegt að þar hafa verið mannaverk á, en árlega er það nú að brjóta, svo að nokkrum árum [liðnum] mun þar ekki sjást merki til.“[389] Leifar þessar eru löngu horfnar en Brimnesið er beint niður undan Höfn. Svæðið er allt komið undir fyllingar og á þeim eru hús og athafnasvæði við höfnina. Þar sem hleðsluleifarnar voru er nú stórt hús á lóðinni Martröð 1.[390]

**Fornleifanúmer:** 2752-326 Hnit: A521389.1 N608723.9 ISN93
Hlutverk: Kumlateigur
Tegund: Heimild
Norðan og austan við húsið Höfn sem stendur á Karlsrauðatorgi 4 á marbakkanum var kumlateigur með 14 kumlum. Árið 1908 voru 13 kumlanna rannsökuð en eitt kom svo í ljós árið 1942 sem var rannsakað sama ár. Ekki er talið að mikið sé eftir af kumlateignum.[391]

**Fornleifanúmer**: 2752-327 Hnit: A521372.8 N608725.9 ISN93
Hlutverk: Skemma
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti þá voru skemmur þar sem húsin á Ránarbraut 1 eru í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-328 Hnit: A521366.1 N608759.5 ISN93
Hlutverk: Sáðgaður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sáðgarður þar sem skemman er á Ránarbraut 1 og náði vestur fyrir hana.

**Fornleifanúmer**: 2752-329 Hnit: A521348.0 N608776.1 ISN93
Hlutverk: Smiðja
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var smiðja um 40 m norður af húsinu á Karlsrauðatorgi 2 þar er nú iðnaðarsvæði.

**Fornleifanúmer**: 2752-330 Hnit: A521353.1 N608675.8 ISN93
Hlutverk: Skúrar
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti voru skúrar frá Höepfner þar sem húsin á Hafnarbraut 1 eru í dag.

---

389 Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1975, bl.s. 129.
390 Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 38.
391 Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 35.

**Fornleifanúmer**: 2752-331 Hnit: A521363.6 N608661.4 ISN93
Hlutverk: Skúrar og bryggja
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti voru skúrar frá Höepfner þar sem húsin á Hafnarbraut 1 eru í dag og og bryggja sem lá út í sjó austan við skúrana.

**Fornleifanúmer**: 2752-332 Hnit: A521344.4 N608492.7 ISN93
Hlutverk: Skúrar og bryggja
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti voru skúrar og bryggja í eigu KEA á svipuðum slóðum og húsið á lóðinni Hafnarbraut 5.

**Fornleifanúmer**: 2752-333 Hnit: A521318.3 N608502.2 ISN93
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var fjós innan Sogns túns þar sem nú er auð lóð norðan við Goðabraut 3.

**Fornleifanúmer**: 2752-334 Hnit: A521190.7 N608551.4 ISN93
Hlutverk: Sáðgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sáðgarður innan Sogns túns á svipuðum slóðum og húsin á Kirkjuvegi 17 og 19 eru í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-335 Hnit: A521185.3 N608602.3 ISN93
Hlutverk: Sáðgarður
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sáðgarður á svipuðum slóðum og húsin á lóðunum Kirkjuvegi 13,14 og 15 standa í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-336 Hnit: A521162.1 N608645.0 ISN93
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti voru fjárhús á svipuðum slóðum og Dalbær dvalarheimili aldraðra og húsin á Kirkjuvegi 9-12 standa í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-337 Hnit: A521202.8 N608678.7 ISN93
Hlutverk: Óvíst
Tegund: Heimild
Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti stóð hús á svipuðum slóðum og húsið á lóðinni Karlsrauðatorg 9 stendur í dag.

**Fornleifanúmer**: 2752-338 Hnit: A521330.3 N608626.6 ISN93
Hlutverk: Sláturhús og fjárrétt
Tegund: Heimild

Samkvæmt uppdrætti eftir Freymóð Jóhannsson málara frá 1912 nr. 4 úr Sögu Dalvíkur 2 hefti var sláturhús og rétt frá KEA á svipuðum slóðum og bílaplan er í dag suð-vestan við húsið sem stendur á lóðinni Hafnarbraut 1.

**Fornleifanúmer**: 2752-339 Hnit: A521405.2 N609104.4 ISN93
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Heimild
Húsið Jaðar stóð við Brimnesánna þar sem nú er iðnaðarhús á lóðinni Gunnarsbraut 12. Húsið var timburhús upphaflega reist í Litla-Árskógi, síðar var það rifið og flutt til Dalvíkur og endurreist í landi Brimnes og kallað Jaðar. Talið er að húsið hafi verið 15X10 álnir að flatarmáli. Það var með kjallara og var járnvarið. Miklar breytingar voru gerðar á húsinu í gegnum árin svo það var varla neitt líkt upprunalegu gerðinni.[392]

**Upsir:**

**Fornleifanúmer:** 2752-340 Hnit: A520709.3 N609049.6 ISN93
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Grindverk
Á Upsum var kirkja til 1954 en þá var ný kirkja reist á Dalvík en kór gömlu kirkjunnar stendur enn sem kapella í Upsakirkjugarði. Garðurinn var sléttaður um 1990 en umhverfis hann er viðargirðing og í honum miðjum er kór gömlu kirkjunnar notaður sem kapella.[393] Stærð garðsins er um 28X67 m.



Mynd 117. Upsakirkjugarður, mynd er tekin í suð-austur.

**Fornleifanúmer:** 2752-341 Hnit: A520709.3 N609049.6 ISN93
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Tóft
Garðlag sem liggur um 46 m norður frá Brimnesá um 390 m suð-vestur af kirkjugarðinum á Upsum. Garðurinn liggur við suður jaðar túns og er um 48 m langur, hæð garðlagsins er um 0,3-0,6 m og breidd um 1,1 m. Garðurinn var bæði hlaðinn úr torfi og grjóti.

---

[392] Kristmundur Bjarnason, 1978, bls.327.
[393] Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 71.


Mynd 118. Túngarður, mynd er tekin í norð-vestur.




| Nafn | Dags. 15.03.2023 hj | Skýringar: | BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
|---|---|---|---|
| DALVÍKURBYGGÐ | | | |
| DALVÍKURBYGGÐ | Mælikv. 1:110000 í A3 | Afmörkun þéttbýlis og framkvæmdasvæða í Dalvíkurbyggð. | Unnið eftir mynd nr. Myndþekja Ísland frá Landmælingar Íslands |




| Nafn | | Skýringar: | |
|---|---|---|---|
| VÍKURBAKKI-HELLA | Dags. 02.10.2022 | KORT 1: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan þéttbýlis- og framkvæmdasvæða Í Dalvíkurbyggð. | BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
| DALVÍKURBYGGÐ | Mælikv. 1:18000 í A3 | | Unnið eftir mynd nr. e523/e533/e534 /gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998 |




| Nafn | | Skýringar: | |
|---|---|---|---|
| KROSSHÓLL - ÞVERÁ | Dags. 27.10.2022 hj | | BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
| DALVÍKURBYGGÐ | Mælikv. 1:14000 í A3 | KORT 2: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan framkvæmdasvæða Í Dalvíkurbyggð. | Unnið eftir mynd nr. e552/e542 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998 |




| | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn Urðir, Sæla, Hjaltastaðir<br>Syðra-Hvarf, Ytra-Hvarf og Tungufell | Dags. 27.10.2022 hj | Skýringar: | BÚGARÐUR<br>RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI<br>Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
| DALVÍKURBYGGÐ | Mælikv. 1:16000 í A3 | KORT 3: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan framkvæmdasvæða Í Dalvíkurbyggð. | Unnið eftir mynd nr. e531/e532/e542 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998 |




| | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn Tjörn, Tjarnargarðshorn, Syðri-Grund, Ytra-Garðshorn, Skeggsstaðir, Vellir og Hánefsstaðir | Dags. 20.11.2022 hj | Skýringar: | BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
| DALVÍKURBYGGÐ | Mælikv. 1:19000 í A3 | KORT 4: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan framkvæmdasvæða Í Dalvíkurbyggð. | Unnið eftir mynd nr. e522/e532 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998 |




| Nafn | Dags. | Skýringar: | |
|---|---|---|---|
| UPSIR - HRÍSAR | 10.11.2022 | | BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
| DALVÍKURBYGGÐ | Mælikv. 1:16000 í A3 | KORT 5: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan þéttbýlis- og framkvæmdasvæða Í Dalvíkurbyggð. | Unnið eftir mynd nr.e512 / e22 / gps mæl. Loftmyndir ehf. 1998 |




| | | | |
|---|---|---|---|
| nafn: ATLASTAÐIR - HELJARDALSHEIÐI | teikn. 01.12.2022 hj | Skýringar: KORT 6: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan framkvæmdasvæðis í Dalvíkurbyggð. | BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR<br>Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
| DALVÍKURBYGGÐ | mælikv. 1:2000 í A4 | | Unnið eftir mynd nr. Myndþekja Ísland frá Landmælingar Íslands. |




| | | | |
|---|---|---|---|
| nafn: SKEIÐ | teikn. 01.12.2022 hj | Skýringar: KORT 7: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan framkvæmdasvæðis í Dalvíkurbyggð. | BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR<br>Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
| DALVÍKURBYGGÐ | mælikv. 1:2000 í A4 | | Unnið eftir mynd nr. Myndþekja Ísland frá Landmælingar Íslands |

## 5. Samantekt

Í Dalvíkurbyggð eru þrjú þéttbýlissvæði Dalvík, Árskógssandur og Hauganes og töluverður fjöldi var af framkvæmdasvæðum í sveitarfélaginu. Flestar af þeim minjum sem höfðu verið skráðar í felti í eldri skráningar skýrslum fundust á vettvangi en í einhverjum tilvikum fundust ekki skráðar minjar og höfðu þá ýmist verið raskaðar við framkvæmdir eða sáust aðeins að hluta eða alls ekki vegna mikils gróðurs eða trjáræktar. Í sumum tilfellum þurfti að hafa mikið fyrir því að finna mannvirkin aftur til þess að geta mælt þau upp. Þær heimildir sem sýna skýrast hve erfitt gat verið að finna minjarnar eru ljósmyndirnar. Oft á tíðum sést ekkert nema hár gróður á myndunum og í mörgum tilvikum voru það helst gróðurfarsbreytingar sem sýndu minjastaðina. Þurfti þá að ganga nokkrum sinnum um svæðið til þess að finna hleðsluleifar svo hægt væri að mæla minjarnar upp.

Töluverður fjöldi af minjum bættist við í nýrri skráningu og stærsti hlutinn af þeim var innan þéttbýlisins á Dalvík. Nýjar minjar sem bættust við utan Dalvíkur voru að stærstum hluta heimildir af kálgörðum á túnakortum en þeir höfðu ekki verið skráðir sérstaklega í eldri skráningu nema ef einhverjar leifar væru til staðar, einnig bættust nokkrar vörður við sem ekki voru taldar upp í eldri skráningu. Innan Dalvíkur bættist þó nokkur fjöldi af heimildum, af minjum sem voru ekki taldar sem minjastaðir þegar eldri skráningar fóru fram miðað við 100 ára regluna.

Það verður þó að taka þær staðsetningar af þeim minjum sem aðeins eru til sem heimildir með nokkrum fyrirvara. Í þessari skráningu voru notuð túnakort, uppdrættir, loftmyndir, ljósmyndir ásamt upplýsingum frá heimafólki til þess að staðsetja horfna minjastaði. Í flestum tilvikum verður einhver bjögun á upplýsingunum og því getur raunveruleg staðsetning verið nokkuð frá þeirri staðsetningu sem kemur fram í skýrslunni. Eins er ekki vitað hve nákvæmir þeir uppdrættir voru sem notuð voru í þessu verkefni.

Þrátt fyrir það þá geta þessar upplýsingar gefið okkur upplýsingar um að minjastaðir séu eða hafi verið í nágrenninu og því þurfi að gæta varúðar þegar framkvæmdir fara fram á þessum svæðum. Það er líka alltaf möguleiki á að minjar finnist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. Desember 2022
Hákon Jensson

# 6. Heimildaskrá

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. (2000). Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku. Fornleifastofnun Íslands.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árskógsströnd. tíunda. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið.Ljósprentuð útgáfa 1987.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2001). Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI: Fornleifar í innsta hluta Svarfaðardals (frá Göngustaðakoti) og í vestanverðum Skíðadal inn að Þverá. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2002). Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII: Fornleifar í Skíðadal, frá Kóngsstöðum og norður með Svarfaðardal austanverðum að Sökku. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2004). Fornleifaskráning í Eyjafirði XIX: Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum. Fornleifastofnun íslands. Reykjavík.
Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2003). Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2004). Fornleifaskráning í Eyjafirði XIX: Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum. Fornleifastofnun íslands. Reykjavík.

Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldsson og Kristján Sigfússon (ritnefnd). (1993). Byggðir Eyjafjarðar 1990, síðara bindi. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Hákon Jensson. (2020). Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnslína í jörð frá Hóli til Böggvisstaða í Dalvíkurbyggð. Rannsóknarskýrslur 2020/8. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Hákon Jensson. (2022).Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Fagraskógi í Hörgársveit að Stærri-Árskógi í Dalvíkurbyggð. Rannsóknarskýrslur 2022/11. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/. Skoðað 16.02.2019
Heimasíða þjóðskrá, vefsjá landeigna. Þjóðskrá. Sótt af https://geo.skra.is/landeignaskra/. Skoðað 11.03.2022.

Heimasíða þjóðskrá, vefuppfletti fasteignarskrár. Þjóðskrá. Sótt af https://vefuppfletti.skra.is/leit. Skoðað 06.06.2022.

Kristmundur Bjarnason. (1978). Saga Dalvíkur 1.Dalvíkurbær

Kristmundur Bjarnason. (1981). Saga Dalvíkur 2. Dalvíkurbær

MAP.IS. Loftmyndir ehf. Sótt af https://www.map.is/base/@541667,564933,z11,0. Skoðað 06.06.2022.

P.E. Kristian Kålund. (1986). Íslenskir sögustaðir III. Norðlendinga fjórðungur. Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Fornleifanefnd.

Þorsteinn Þorsteinsson. (1976). *Skýringar yfir Örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal. Greinagerð og athugasemdir eftir Kristján Eldjárn*. Árbók hins ízlenska fornleifafélags 1975. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

**Túnakort:**

Brimnes í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1920.

Böggvisstaðir í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1920.

Grund í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Gullbringu í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Hamar í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Hamarskot í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Hinriksmýri í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E Kristjánsson.

Hjaltastaðir í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Klængshóll í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1920.

Krosshóll í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Skeggsstaðir í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Skeið í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Stærri-Árskógur í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Svínakot í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson.

Syðra-Hvarf í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Tjarnar-Garðshorn í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Tjörn í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Urðir í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Vellir í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Ytra-Garðshorn í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Ytra-Holt í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

Þverá í Skíðadal í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri. 1919.

**Örnefnaskrár:**

Örnefnaskrá Árskógshrepps. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Örnefni í Dalvíkurhreppi. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. (1978). Safna hefur og skráð Jóhannes Óli Sæmundsson. Fagrahlíð. Akureyri.

Örnefni í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Örnefni Hjaltastaða. Hjaltastaðir. Samlesið E.S./S.J. Örnefnastofnun.

Örnefni Klængshóls.Klængshóll. Samlesið S.J./E.S. Örnefnastofnun.

Örnefni Kóngsstaða. Kóngsstaðir. Samlesið E.S./S.J. Örnefnfastofnun

Örnefni Tjarnar.  Tjörn. Svarfaðardalshreppur. Eyjafjarðarsýsla. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

**Heimildarmenn:**

Anna Halldóra Hermannsdóttir, 1957, Klængshóll. Dalvíkurbyggð.

Arngrímur Vídalín Baldursson, 1950, Melar 2, Dalvík.

Ármann Gunnarsson,1943, Böggvisstöðum, Dalvík

Einar Hafliðason, 1985, Urðum, Dalvíkurbyggð.

Guðmundur Geir Jónsson, 1972, Stærri-Árskógi, Dalvíkurbyggð.

Rafn Hugi Arnbjörnsson, 1949, Öldugata 3, Dalvíkurbyggð.

Sveinn Elías Jónsson, 1932, Lyngholt 3, Hauganesi